

JÓNA HILDUR BJARNADÓTTIR

Heppin að vinna við aðaláhugamálið

heilsa
allt í MIDJU BLAÐSINS



LH HESTAR

Gjörbylting í tæknimálum

Sérblað frá Landssambandi hestamannafélaga



Pú leggur línurnar
Létt & laggott!



L&L

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

15. apríl 2008 – 102. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR



Bros í afmælisgjöf

Í tilefni af fimmtings-afmæli Elísbetar Jökulsdóttur hafa bræður hennar stofnað afmælisgjöf til að safna fyrir nýju brosi henni til handa.

FÓLK 30

Jafnrétti í námi ekki náð

Kennaraháskóli Íslands og Þroskahjálpa gefa út nýja bók.

TÍMAMÓT 18



Fabúla og Frederike

Fabúla hefur samið lag við ljóð þýskrar myndlistarkonu sem upplifir tónlist í litum.

FÓLK 22

Snæfell í úrslit

Snæfell er komið í úrslitarímmu Iceland Express-deildar karla eftir ótrúlegan sigur á Grindavík í framlangingu.

ÍÞRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



HLÝNANDI Í dag verður suðlæg átt, 5-10 m/s. Bjart með köflum norðan til og austan, annars skýjað, og úrkomulítið en hætt við smá súld með ströndum sunnan til og vestan. Hiti 4-9 stig að deginum.

VEÐUR 4



VIÐGERÐ HAFIN Vinnupallar fíkra sig upp eftir turni Hallgrímskirkju þessa dagana vegna steypuviðgerða sem standa munu næstu tólf til átján mánuði. Vinnupallarnir munu áður en yfir líkur ná upp á topp kirkjunnar, eða í 74 metra hæð. Viðgerðin mun kosta um 250 milljónir króna og verður kostuð af ríkissjóði, Reykjavíkurborg og Þjóðkirkjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mínúta getur kostað þrettán mánaða bið

Barnabætur eru ekki greiddar út á fæðingarári barns. Foreldrar barns sem fæðist í ársbyrjun fá greiddar bætur eftir þrettán mánuði. Fæðist barn í lok árs fást bætur eftir þrjátíu daga. Gæta verður sanngirni segir umboðsmaður barna.

FÉLAGSMÁL Foreldrar barna sem fæðast í byrjun árs þurfa að bíða í þrettán mánuði eftir að fá greiddar barnabætur. Foreldrar barns sem fæðist á gamlársdag bíða aðeins í þrjátíu daga eftir fyrstu greiðslu. Tekjutenging barnabóta ræður greiðslufyrirkomulagi. Barnabætur eru ekki tekjutengdar í öðrum Evrópuríkjum og greiðast út um leið og barn hefur verið skráð í þjóðskrá. Umboðsmaður barna telur réttlætismál að breyta reglum um greiðslu bótanna.

Barnabætur á Íslandi greiðast út eftir á vegna barna sem framteljandi hefur hjá sér í árslok og því greiðast engar barnabætur á fæðingarári barns. Sú staða kemur því upp að eitt ár líður á milli greiðslu bóta til foreldra tveggja barna þó að aðeins sekúndur líði á milli fæðingar þeirra.

Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs ríkisskattstjóra, segir að miðað sé við fjölskyldustöðu í árslok. „Þegar fjölskyldustaðan segir að ekkert barn sé til staðar eru ekki greiddar út barnabætur árið eftir. En það er alveg rétt að ef tvær mínútur eru á milli barna sitt hvoru megin við áramót þýðir það

rúmu ári lengri bið fyrir foreldra yngra barnsins. Þeir fá þá hins vegar greiddar bætur lengur.“

Guðrún segir að þegar horft sé til annarra landa á Norðurlöndum sé annað fyrirkomulag við greiðslu bótanna, enda séu bætur þar ekki tekjutengdar. „Þetta er einfaldasta kerfið vegna tekjutengingarinnar.“ Á Norðurlöndunum greiðast bætur um leið og barn hefur verið skráð í þjóðskrá. „Kerfið okkar stangast á við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum og í Evrópu,“ segir Guðrún.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir að leitað hafi verið til embættisins varðandi mál af þessum toga. „Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé réttlætismál. Það verður að gæta sanngirni í greiðslu bótanna. Þær eru hluti af skattkerfinu og því er þetta gert á ársgrundvelli. En mér finnst mikilvægt að ráðamenn skoði þessi mál enda fáum við reglulega gagnrýni á okkar borð á þessu fyrirkomulagi.“

EKKI NÁÐIST Í Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra né Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra við vinnslu fréttarinnar.

- shá

Unglingar og kynlíf: Þiggja greiða fyrir kynlíf

SAMFÉLAGSMÁL Tæplega fjögur prósent drengja í framhaldsskólum hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynlíf samkvæmt rannsókn sem rannsóknir og greining gerði í samvinnu við menntamálaráðuneytið árið 2004. Hlutfall stúlkna sem slíkt hafa gert er 1,7 prósent.

Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, segir enga ástæðu til að ætla að þetta hlutfall kynjanna beggja hafi lækkað.

- jse / sjá síðu 14

30.000 blaðberar komnir til landsins



Nesti Þú færð UMM-réttina í Nesti á NI stöðinni.

Umm



muundu eftir mjólkinni!



Listaverð

~~4.420.000 kr.~~

3.995.000 kr.

20 FULLBÚNIR JEPPAR Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI



„FÁRÁNLEGA GÓÐ KAUP“

SORENTO

- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Ný og glæsileg innrétting
- Hátt og lágt drif
- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir
- Þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta
- Sumar- og vetrardekk fylgja



KIA
KIA MOTORS
The Power to Surprise™

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR



Toyota Corolla S/D Sol
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 72.000 km
Verð: 2.020.000 kr. Skr.nr. DH-842



Toyota Corolla S/D Sol
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 14.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. SM-448



Toyota Yaris
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 58.000 km
Verð: 1.500.000 kr. Skr.nr. PH-695



Toyota Yaris
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 64.000 km
Verð: 1.480.000 kr. Skr.nr. PF-232



Toyota Yaris
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 71.000 km
Verð: 1.250.000 kr. Skr.nr. ZN-652



Toyota Avensis Sol
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 44.000 km
Verð: 2.530.000 kr. Skr.nr. YR-145



Toyota RAV4
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.03 Ekinn: 54.000 km
Verð: 2.320.000 kr. Skr.nr. DI-229



Toyota Land Cruiser 100
33" breyttur, sóllúga, beisli o.fl.
4200 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.04 Ekinn: 69.000 km
Verð: 5.860.000 kr. Skr.nr. YL-030



Lexus RX400H Luxury
3300 Bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 55.000 km
Verð: 6.690.000 kr. Skr.nr. LI-940

BNB-sölugreining

Bílarirnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurarnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

KJÖRKASSINN



Á að taka upp skólagjöld í opinberum háskólum?

Já 27,7%
Nei 72,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur efnahagsástandið áhrif á áætlanir þínar um sumarleyfi?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Evrupptaka atvinnulífsins: Taugaveiklaðar hugrenningar

STJÓRN MÁL „Þetta eru taugaveiklaðar hugrenningar,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, um hugmyndir Samtaka atvinnulífsins (SA) um að íslensk fyrirtæki taki upp evru.



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Spurður hvort hann telji hugmyndina geta skaðað krónuna svarar Guðni því til að hann efist um að nokkur

nenni að þýða svona vitleysu yfir á erlend tungumál.

Guðni furðar sig jafnframt á að SA skammist sífellt út í Seðlabankann en ekki ríkisstjórnina, sem eigi að fara með stjórn efnahagsmála.

- bps

Morðransóknin í Svíþjóð: Óupplýst morð í öðrum löndum skoðuð

SVÍÐJÓÐ Vörubílstjórnir Anders Eklund, sem hefur játað morðið á Englu Juncosa-Höglund fyrir rúmri viku og Pernillu Hellgren árið 2000, hefur játað á sig nauðgunartilraun. Hann er talinn vera með fleiri morð og nauðganir á samviskunni.

Vörubílstjórnir hefur keyrt um Noreg og Danmörku og nú ætla lögreglufyrirvöld að skoða hvort hann tengist óupplýstum morðum í þessum löndum, að sögn vefútgáfu norska Dagbladet. Óupplýst morð og ofbeldisverk í Svíþjóð eru einnig til skoðunar.

Eklund játaði um helgina að hafa myrt Pernillu. Hann játaði síðan pollrölegur að hafa myrt Englu, tíu ára.

- ghs

Fyrri dagur opinberrar heimsóknar forsetahjónanna í Skagafirði var viðburðaríkur:

Tók fyrstu skóflustungu að leikskóla

ÞJÓDMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff forsetafrú héldu í opinbera heimsókn í Skagafjörð í gærmorgun.

Forsetafrúin tók í gær fyrstu skóflustunguna að nýjum leikskóla á Sauðárkróki. Þaðan var farið í heimsókn á Heilbrigðisstofnunina og síðan haldið til fundar við nemendur og starfsmenn Árskóla. Í gærkvöldi var fjölskylduhátíð í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Forsetinn flutti ávarp og afhenti Hvatningu til ungra Íslendinga. Heimamenn buðu upp á viðamikla dagskrá þar sem tónlistarflutningur skipaði veglegan sess.



Á SAUÐÁRKROKI Forsetafrúin tók fyrstu skóflustungu að nýjum leikskóla á Sauðárkróki og fagnaði með ungum heimamönnum.

MYND/GUÐNÝ JÓHANNESDÓTTIR, FEYKI

Ný ríkisstjórn Spánar: Jafnt kynjahlutfall í fyrsta sinn

SPÁNN, AP Í nýju ráðuneyti Jose Luis Rodriguez Zapatero á Spáni sitja jafn margar konur og karlar og er það í fyrsta sinn sem karlar eru ekki í meirihluta í spænsku ríkisstjórninni.

Eftirtekt vakti að Zapatero skipaði hina 31 árs gömlu Carme Chacon í embætti varnarmálaráðherra, en jafnframt því að vera fyrsta konan til að gegna því er hún yngsti maðurinn sem tekið hefur sæti í ríkisstjórn Spánar.

Fimm ráðherrar úr fyrri stjórn Zapateros halda áfram. Tvö ný ráðuneyti bætast nú við, annars vegar jafnréttis- og hins vegar vísinda- og nýsköpunarmála. - aa

Berlusconi tekur við völdum á Ítalíu á ný

Walter Veltroni, leiðtogi bandalags miðju- og vinstrimanna á Ítalíu, játaði í gær ósigur sinn fyrir hægrimanninum Silvio Berlusconi. Hann fær nú þriðja tækifæri sitt til að spreyta sig á því að stýra landinu út úr efnahagsörðugleikum.

ÍTALÍA, AP Walter Veltroni, forsætisráðherraefni kosningabandalags miðju- og vinstriflokka á Ítalíu, játaði í gærkvöld ósigur sinn fyrir Silvio Berlusconi, leiðtoga hægriflokkabandalagsins Frjálsrar þjóðar, í þingkosningum sem lauk í landinu í gær.

Veltroni játaði ósigurinn í kosningasjórnvarpsendingu ítalska ríkissjórnvarpsins RAI, jafnvel þótt lokaúrslit lægju ekki fyrir.

Þar með er ljóst að Berlusconi verður forsætisráðherra í þriðja sinn. Samkvæmt spá RAI byggðri á hlutaúrslitum talningar var útlit fyrir að flokkabandalag Berlusconi fengi 164 af 315 sætum í öldungadeild þingsins og í neðri deildinni stefndi í að það fengi sex prósentum fleiri fulltrúa en keppinautarnir á vinstri vængnum. Miðju-vintribandalagi Veltronis var spáð 139 sætum í öldungadeildinni.

Næsta ríkisstjórn Berlusconi verður 62. ríkisstjórn Ítalíu í sögu ítalsks lýðræðis eftir síðari heimsstyrjöld. Kosningarnar nú fóru fram þremur árum fyrir lok kjörtímabilsins þar sem miðju-vintribandagi Veltronis var spáð missti þingmeirihluta sinn.

Til að geta stjórnað með góðu móti verða ríkisstjórnarleiðtogar Ítalíu að hafa meirihluta á bak við sig í báðum þingdeildum, og útlit er fyrir að Berlusconi hafi tryggt sér hann. Í neðri deildinni hefur hann þó ekki meirihluta nema með stuðningi Norðurbandalags Umberto Bossi.

Talsmenn vinstriflokka sögðu þetta áhyggjuefni í umræðum í



FAGNAR SIGRI Silvio Berlusconi fagnar endurkomu sinni til valda eftir tveggja ára hlé á kosningafagnaði flokks síns, Frjálsrar þjóðar, í Róm í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kosningasjórnvarpinu í gærkvöld. „Þetta þýðir að stjórn máafl útlendingahatara mun verða í aðstöðu til að hafa úrslitaáhrif á stjórnarstefnu Berlusconi,“ sagði Giovanni Russo Spena, þingmaður Vinstri-regnbogans.

Kjörsókn var fjórum prósentustigum minni en í síðustu kosningum fyrir tveimur árum. Margir kjósendur lýstu vantrú á að það

breytti nokkru hvaða stjórn mála mönnum væri falið að halda um valdataumana.

Meginviðfangsefni nýrrar ríkisstjórnar verður að blása í glóðir efnahagslífsins í sjöunda stærsta þjóðhagkerfi heims. Búist er við 0,3 prósentu hagvexti í ár, sem er langt undir meðaltali evrusvæðisins sem er 1,5 prósent.

audunn@frettabladid.is



MAÓISTAR FAGNA Hishila Yami, leiðtogi Kommúnistaflokks Nepals, fagnar með stuðningsmönnum sínum.

NORDICPHOTOS/AFB

Kosningatölur í Nepal: Maóistar með meirihluta

NEPAL, AP Eftir því sem seinlegru talningu atkvæða í þingkosningum í Nepal vindur fram vex meirihluti maóista. Í þeim 196 kjördæmum sem í gær var lokið talningu í höfðu þeir tryggt sér 108 þingsæti.

Að því er kjörstjórnin greindi frá er hlutfallið svipað í þeim kjördæmum sem enn er verið að telja í, þannig að þeir þykja nokkuð öruggir með að ná meirihluta.

Flokkur maóista er á lista Bandaríkjustjórnar yfir hryðjuverkasamtök, þrátt fyrir að þau hafi hætt uppreisnarbaráttu sinni gegn konungsstjórninni árið 2006.

- gb/aa

UMHVERFISMÁL

Kjöt mjöl í landgræðslu

Bæjarráð Ölfuss hefur gefið Landgræðslu ríkisins heimild til að dreifa fjórutíu tonnum af kjöt mjöli vestan við byggðina í Þorlákshöfn meðfram væntanlegum Suðurstrandarvegi.

GRINDAVÍK

Hafna ratsjá Geislavarna

Bæjarráð Grindavíkur hefur hafnað beiðni Geislavarna ríkisins um að fá að setja upp ratsjá á fjallið Þorbjörn þar í sveitarfélaginu.

HEILBRIGÐISMÁL

Skólahreysti á 22 milljónir

Verkefnið Skólahreysti kostar 22 milljónir króna. Þetta kemur fram í bréfi sem Icefitness ehf. hefur sent sveitarfélögum vítt og breitt um landið með ósk um fjárstyrk við keppnina.

Þessa dagana fá um 50% starfandi Íslendinga yfirlit yfir lífeyrissparnað sinn frá Kaupþingi.

Ert þú einn af þeim?



LÍFEYRISAUKI



KAUPPING

Afslátt eða gott verð?

Stærri flísadeild – gólf- og veggflísar á Múrbúðarverði



Gólf/veggflís 30x30 sm (2 litir)

kr: **690** pr.m²



Gólflís 40x40 sm (3 litir)

kr: **890** pr.m²



Gólf/veggflís silkimatt 30x30 sm, hvít

kr: **890** pr.m²



Gólf/veggflís 30x60 og 60x60 sm, grá

kr: **1.990** pr.m²



Gólf/veggflís 30x60 sm, kr:

kr: **990** pr.m²



Gólflís, metal 60x60 sm, kr:

kr: **1.990** pr.m²



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

Öll verkfæri til flísa-
lagna á góðu verði



Nú einnig á Suðurnesjum

Klettháls: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-16
Suðurnes: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 Rvk - Fuglavík 18 Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er leiðtogi nýja miðju-hægri flokkabandalagsins Frjálsrar þjóðar á Ítalíu?
2. Hver skoraði síðara mark Manchester United gegn Arsenal á sunnudag?
3. Hver er söngvari hljómsveitarinnar Veðurguðanna?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Yfir 300 manns hafa sótt námskeið Fjármálaeftirlitsins þar sem fjallað er um markaðsmisnotkun:

Geta ekki skýlt sér bak við þagnarskyldu

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið segist á undanförunum mánuðum hafa tekið æ fleiri mál til athugunar sem varði grun um svonefnda markaðsmisnotkun. Hins vegar fást engar upplýsingar um það hversu mörg mál eftirlitið hefur tekið til skoðunar það sem af er ári.

Fram kemur í ársskýrslu eftirlitsins fyrir síðasta ár að þá voru fimm slík mál tekin til athugunar. Þremur þeirra lauk án aðgerða en tvö voru enn til skoðunar um áramótin. Árið á undan tók eftirlitið þrjú mál til athugunar. Tveimur þeirra lauk án frekari aðgerða. Undanfarið hefur eftirlitið

haldið námskeið fyrir starfsmenn fjármálaafyrirtækja þar sem fjallað er um markaðsmisnotkun, en yfir 300 manns hafa þegar sótt slík námskeið.

Í markaðsmisnotkun felst meðal annars að eiga viðskipti sem byggjast á tilbúningi eða blekkingum, eða dreifingu á röngum upplýsingum, fréttum eða orðrómi. Í þessu felst einnig að eiga viðskipti eða gera tilboð sem gætu falið í sér röng eða misvísandi skilaboð um framboð, eftirspurn eða verð. Einnig telst það til markaðsmisnotkunar að tryggja eða búa til óeðlilegt verð. Bent er á það á námskeiðinu að

það brjóti ekki gegn þagnarskyldu starfsmanna fjármálaafyrirtækja að tilkynna grun um markaðsmisnotkun til Fjármálaeftirlitsins, næsta yfirmanns eða regluvarðar. Með öðrum orðum sé ekki hægt að skýla sér á bak við þagnarskyldu, vakni grunur um markaðsmisnotkun.

Dæmi eru um að menn hafi verið dæmdir fyrir markaðsmisnotkun. Árið 2003 var þáverandi starfsmaður Kaupþings dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir markaðsmisnotkun og fleiri brot. - tkh

RUT GUNNARSDÓTTIR Lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu hefur haft yfirlit með fræðslu um markaðsmisnotkun.



PHOTOSHOP EXPERT

- ALVÖRU PHOTOSHOP NÁMSKEIÐ -



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is



KENNARI NÁMSKEIÐSINS, SIGURÐUR JÓNSSON, LÆRÐI LJÓSMYNDUN Í SCHOOL OF VISUAL ARTS Í NEW YORK OG ÖÐLAÐIST MEISTARARÉTTINDI Í LJÓSMYNDUN ÁRIÐ 1989. HANN HEFUR HALDIÐ NÁMSKEIÐ Í STAFRÆNNI MYNDVINNSLU FYRIR LJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS, LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS, MARGMIÐLUNARSKÓLANN, IÐNSKÓLANN Í REYKJAVÍK OG NÚ Í 4 ÁR HJÁ NTV.

PHOTOSHOP EXPERT

Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

KENNSLUTILHÖGUN

Mánudaga og miðvikudaga 18-22.
Byrjar 21. apríl og lýkur 28. maí

FYRIR HVERJA?

Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa verkfæris. Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

INNTÖKUSKILYRÐI:

Þeir sem hyggja í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu.

Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem flest námsgögn eru á ensku.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



GAGNAGEYMSLAN Svona er ætlað að gagnageymsla Data Íslandi í Sandgerði muni líta út. TÖLVUMYND/DATA ÍSLANDIA

Flogið með tölvugögnin

Fyrirtækið Data Íslandia hyggst reisa netþjónabú í Sandgerði. Hitaveita Suðurnesja útvegar orkuna.

VIÐSKIPTI Fyrirtækið Data Íslandia hefur þróað tækni til gagnaflutninga sem gerir það að verkum að það þarf minna að reiða sig á sæstrengi. Fyrirtækið hyggst reisa netþjónabú í Sandgerði, sem vonast er til að taki til starfa á næsta ári, og mun það líklega skapa ein tuttugu störf.

Gangi allar fyrirætlanir eftir verða tvö stór fyrirtæki á sviði tölvugagna starfandi í Sandgerði á næsta ári, en Verne Holding, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfs-sonar, er vel á veg komið með undirbúning að öðru slíku.

Data Íslandia hefur náð samningum við Hitaveitu Suðurnesja við orkuöflun. Þá er fyrirtækið í samstarfi við tæknirísann Hitachi og hafa forsvarsmenn fyrirtækjanna undirritað samkomulag um alþjóðlega samvinnu í gagnageymslu.

Nýja tæknin gengur undir nafninu „Datascooter“ og má líkja við risastóran hreyfanlegan harðan disk, eða „flakkara“. Hann rúmar allt að eitt petabæt af gögnum, eða milljón gígabæt. Ekki er óalgengt að fast minni venjulegrar heimilistölvu sé 520 kílóbæt til eitt gígabæt að stærð.

Tækinu er flogið á milli staða og það fyllt gögnum þar sem þörf er á. Harjit Delay, einn forsvarsmanna Data Íslandia, segir að þetta auðveldi móttöku mikils magns gagna í



DATASCOOTER Risastóri „flakkarinn“ sem flytja mun gögnin.

einu. „Við munum taka við heilu gagnasöfnunum sem geta tekið gríðarlega mikið pláss. Við höfum áhyggjur af því að sæstrengirnir sem okkur standa til boða hér við land myndu hægja á móttöku gagnanna. Þetta leysir úr þeim vanda. Við munum samt notast við sæstrengina í daglegri þjónustu við viðskiptavinum,“ segir Harjit.

Fyrirtækið hyggst reisa um 4.000 fermetra húsnæði undir geymslu sína og mun hún fullbúin rúma þrjátíu milljón gígabæt.

Í dag kynnir fyrirtækið hugmyndir sínar á fundi með erlendum blaðamönnum. Þar mun Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra tala, sendiherra Bretlands á Íslandi, Sigurður Valur Ásgeirsson, bæjarstjóri Sandgerðis, og fleiri. Á fundinum verður staða Íslands sem vettvangs umhverfissvænna gagnageymslna rædd. - kóp

Fimm mánuða skilorð fyrir að slá mann með flösku:

Hættuleg líkamsárás

DÓMSMÁL Átján ára piltur í Fjarða- byggð hefur verið dæmdur í fimm mánaða fangelsisvist, skilorðsbundið, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Hann sló annan mann með flösku sem brotnaði við höggið, með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut skurð á höfði.

Árásarmaðurinn hljóp af vett-

vangi en náðist skömmu síðar. Hann játaði sök fyrir dómi. Ástæðu árásarinnar sagði hann vera þá að hann hefði verið búinn að heyra það frá mörgum á staðnum að fórnarlambið hefði verið að áreita systur hans í heimahúsi í bænum á meðan hún hefði verið hálfærnalaus vegna ölvunar. - jss

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



HEILIR STURTU KLEFAR

ÚR **HERTU** ÖRYGGISGLERI ALLAN HRINGINN

Öbreytt
verð!
Engar
hækkanir!



**HERT
ÖRYGGISGLER**

331-A Trapisulagaður
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

311-A Kantaður
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

622-A Rúnaður
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn



**HERT
ÖRYGGISGLER**

**611-A
Kantaður** 8 mm hert öryggisgler
allan hringinn

EIN FLOTTASTA OG VANDAÐASTA VARAN Á MARKAÐNUM!

Innifalið í öllum:

Hitastýrð blöndunartæki
Handsturtuset
Ömmustöng m stórum haus

Stærðir:

331-A 90x90
311-A 80x80 og 90x90
622-A 80x80 og 90x90
611-A 70x70, 75x75, 80x80 og 90x90

kynntu þér úrvalið á

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili



KLÆDDIR SEM GUÐIR Tveir Indverjar klæddu sig upp sem guðirnir Ram og Laxman þegar haldið var í skrudgöngu í tilefni af hátíðinni Ram Navmi í Amritsar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Framlenging og farbann á fimm menn í Keilufellsmálinu:

Í varðhaldi og hámarksgæslu

LÖGREGLUMÁL Einn þeirra sex manna sem setið hafa í gæsluvarðhaldi vegna Keilufellsmálsins svokallaða var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 5. maí í gær. Fjórir voru úrskurðaðir í farbann til 5. maí. Hvorki var gerð krafa um farbann né gæsluvarðhald yfir sjötta manninum.

Lögreglan fór fram á áframhaldandi gæsluvarðhald yfir einum úr hópnun og varð dómari við þeirri kröfu.

Mennirnir voru handteknir í kjölfar hrottafenginnar árásar í Keilufelli á skírdag. Þá réðust þeir á sjö Pólverja. Árásarmennirnir voru vopnaðir kylfum, öxi, slag-



KEILUFELL Mennirnir voru handteknir í kjölfar hrottafenginnar árásar í Keilufelli.

hömrum og fleiri gerðum barefla. Þeir slösuðu íbúa hússins, þó einn

sýnu mest, sem hlaut áverka og beinbrot. Fjórir þeirra voru handteknir skömmu eftir árásina og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Í bíl þeirra fundust blóðug sleggja, blóðugt steypustyrktarjárn, rörbútur og tveir hnifar.

Maðurinn sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald verður í einangrun. Hann mun kæra þá niðurstöðu dómara til Hæstaréttar, að því er fram kemur á Vísir.is.

Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna. Brot hans er því talið sérstaklega hættulegt og þykir hafa haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. - jss

Áhyggjur í Bandaríkjunum:

Æ fleiri fresta íbúðakaupum

BANDARÍKIN, AP Sífelld fleiri Bandaríkjamenn segjast ekki ætla að kaupa sér íbúð á næstunni. Þetta kemur fram í skoðanakönnun, sem birt var í gær.

Meira en fjórðungur Bandaríkjamanna óttast nú að íbúðir þeirra falli í verði á næstu tveimur árum. Einn af hverjum sjö skuldurum húsnæðislána óttast að geta ekki greitt afborganir einhvern tímann á næstu sex mánuðum.

Sextíu prósent aðspurðra segjast ekki ætla að kaupa sér hús á næstu tveimur árum, en haustið 2006 svöruðu 53 prósent sömu spurningu neitandi. - gb



Fagleg og persónuleg þjónusta

Sjúkraliði RV, Jóhanna Runólfssdóttir, leiðbeinir skjólstaðingum TR, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitir ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.

Sími: 520 6673
johanna@rv.is
www.rv.is



Við höfum gefið út vandaðan TENA bækling - um úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka. Hafðu samband og við sendum þér eintak.

Ýmis úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka



Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV JÚNQUE OMBUS



JOHNSON OG CAMERON Íhaldsflokkurinn vonast eftir meðbyr.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Baráttan um borgarstjórastólinn í Lundúnum:

Frægir sérvitringar kljást um stólinn

LONDON, AP Lundúnabúar fylgjast nú af athygli með viðureign tveggja frægra sérvitringa, sem takast á um það hvor gegni embætti borgarstjóra bresku höfuðborgarinnar á næsta kjörtímabili.

Ken Livingstone, öðru nafni „Rauði Ken“, sem gegnt hefur embættinu í ellefu ár, þarf nú að verjast atlögu íhaldsmannsins Boris Johnson, auðkýfings sem gekk í finustu einkaskólana og er ekki síst frægur fyrir að lifa hátt, fyrir vafasöm ummæli í gulu pressunni og – fyrir að vera frægur.

En burtséð frá sérvískunni og skemmtanagildi kosningabaráttunnar hefur hún líka ótvíræða þýðingu fyrir landsstjórnsmálin. Þar eigast við forsætisráðherra Verkamannaflokksins, Gordon Brown, sem virðist njóta síminnk-

andi vinsælda, og David Cameron, hinn orkumikli leiðtogi Íhaldsflokksins, sem myndi fá talsverðan vind í seglin ef Johnson færi með sigur af hólm í borgarstjórslagnum. Slíkur sigur myndi skapa Íhaldsflokknum mikilvæga valdamíðstöð í höfuðborginni.

Eftir það hve Livingstone þótti taka vel á eftirmálum hryðjuverkaárásanna í borginni sumarið 2005, og þann árangur sem umferðar- og umhverfismála-stefna hans þykir hafa sýnt, bjuggust flestir við að hann myndi eiga endurkjör víst. En samkvæmt sumum skoðanakönnunum nýtur Johnson meira fylgis, að því er virðist vegna þess að margir kjósendur eru orðnir þreyttir á Livingstone og þykir hann vera orðinn of heimaríkur. - aa

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið

ÚT ÚR UMRÓTINU - INN Í FRAMTÍÐINA

AÐALFUNDUR SA

18. APRÍL - HAFNARHÚSINU



Skráning á vef SA – www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

OPIN DAGSKRÁ

16:00 ÚT ÚR UMRÓTINU - INN Í FRAMTÍÐINA

Ræða Ingimundar Sigurpálssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins

Ræða Geirs H. Haarde, forsætisráðherra

Inn í framtíðina:

Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands

Ólöf Nordal, alþingismaður

Brugðið verður upp svipmyndum af íslenskum vinnumarkaði

17:15 Lokaorð: Nýr formaður SA - móttaka hefst

Fundarstjóri er Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

Fundarmenn fá nýtt rit SA um alþjóðavæðingu vinnumarkaðarins

English translation

Fjórir handteknir í Kópavogi: Innbrot í tölvu- vöruverslun

LÖGREGLUMÁL Lögreglan handtók fjóra menn aðfaranótt mánudags fyrir innbrot í tölvuverslun í Hlíðasmára í Kópavogi. Meðal þess sem mennirnir stálu voru skjákort, sjónvarpsflakkarar og harðir diskar að verðmæti hundruð þúsunda króna.

Tilkynning um grunsamlegar mannaferðir við verslunina barst lögreglunni í fyrrinótt og skömmu síðar fór þjófavarnarkerfi verslunarinnar í gang.

Lögreglumenn komu skömmu síðar á vettvang og handsömuðu mennina. Þeir játuðu verknaðinn og vísuðu lögreglu á þýfið. - ovd



HVERAGERÐI Tekist er á um uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Ósætti í bæjarstjórn:

Segja uppblásið hús skrípaleik

SVEITARSTJÓRNIR Minnihluti A-listans í bæjarstjórn Hveragerðis segir meirihlutann meðvitað vera að draga á langinn uppbyggingu íþróttamannvirkja við Grýluvöll með „skrípaleik um uppblásið íþróttahús“ sem litlar líkur séu á að hljóti samþykki byggingayfirvalda.

Meirihluti sjálfstæðismanna segir „uppþlaup og rangtúlkunir“ einungis skaða það mikla uppbyggingarstarf sem fram undan sé. Margoft hafi komið fram að málið sé enn í athugun. - gar

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hraðakstur í Norðurárdal

Lögreglan í Borgarnesi tók ökumann bifreiðar á 150 kílómetra hraða á Vesturlandsvegi á mótis við bæinn Laxfoss í Norðurárdal um hálfsexleytið á sunnudaginn. Niútiú kílómetra hámarkshraði er á svæðinu og má ökumaðurinn búast við 130 þúsund króna sekt og tveggja punkta í ökuferilskrá auk mánaðar ökuleyfissviptingar.


Bilvelta í Reykholtssdal

Ökumaður sem var einn í bil sínum slapp ómeiddur þegar hann velti honum á Hálsasveitarvegi í Reykholtssdal á sunnudagskvöldið. Billinn fór eina veltu og er mikið skemmdur.

Hraðakstur á Seyðisfirði

Lögreglan á Seyðisfirði tók sex ökumenn fyrir of hraðan akstur í umdæmi sínu í síðustu viku. Tveir til viðbótar voru kærðir fyrir önnur umferðarlagabrot og þrír voru teknir fyrir að aka undir áhrifum áfengis.

ENGINN FALINN KOSTNAÐUR!!



▶ print ▶ copy ▶ scan ▶ fax

Pótt þú hafir fjárfest í prentara eða fjölnotatæki þýðir það ekki að fjárútlátum sé lokið. Í framhaldi af tækjakaupunum stendurðu oft frammi fyrir miklum og óvæntum viðbótarkostnaði og þegar á heildina er litið hefur upphaflegt verð tækisins hækkað til muna. Þessi faldi kostnaður getur stofnað í hættu því ráðstöfunarfæri sem áætlað var í upphafi. Með Kyocera prenturum og fjölnotatækjum er fyrirtækið þitt í góðum höndum. Vegna okkar einstöku Ecosys tækni hafa prentararnir okkar og fjölnotatæki sérstöðu í langri endingu sem er stór þáttur í að gera þau áreiðanleg og hagstæð í verði. Okkar búnaður framleiðir minni úrgang en önnur tæki sem hefur í för með sér lægri rekstrarkostnað. Sveigðu frá fólsum gylliboðum. Veldu Kyocera.



Penninn – tækni
Suðurlandsbraut 4 Reykjavík

Penninn
- auðveldar vinnuna

KYOCERA

KYOCERA á Íslandi – www.kyocera.is

Hörkutól

– með rykgrímu, hjálm og vinnuvettlinga

Samsung M110 farsíminn er nýjasta verkfærið í verkfærakassann. Honum er pakkað inn í sterkbyggða umgjörð sem er bæði ryk- og rakavarin (IP54) og hann er fullur af notadrjúgum aukabúnaði. **Samsung M110** – er sannkallað hörkutól.

VGA myndavél
Vasaljós

Ryk- og rakavarinn (IP54)
Stereó FM-útvarp

Bluetooth
Innbyggður hátalari

SAMSUNG

Heildsöludreifing og þjónusta:
Skútuvogi 12c



M110 fæst hjá eftirtöldum aðilum:

Síminn



auk viðurkendra söluaðila um land allt



Reykjavíkurborg og Vegagerðin



Í samstarfi við Hverfisráð Hlíða boða til opins íbúafundar um gatnamót

Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og Miklabraut í stökk



haldinn í Skriðu í Kennaraháskólanum
Miðvikudaginn 16. apríl

Kl. 17:00 – 19:00

DAGSKRÁ

Formaður Hverfisráðs Hlíða Kjartan Eggertsson setur fundinn

Formaður Umhverfis- og samgönguráðs Gíslis Marteinn Baldursson kynnis stefnu borgarstjórnar

Kynning á fyrirbyggjandi tillögum að gatnamótunum og stökk undir Miklubraut


Kynning á hugmyndum Íbúasamtaka Hlíða, Holta og Norðurmýrar og Íbúasamtaka Háaleitis

Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri: Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða

Eurofighter úr leik í Noregi

Framleiðendur evrópsku Eurofighter-orrustubotunnar segjast hætta við þátttöku í útboði Norðmanna á endurnýjun orrustubotufloata norska flughersins. Á endaspretti valferlisins hafa þrjú valkostir verið í skoðun.




Verð á eintak 10 milljarðar kr.

Eurofighter Typhoon (BAE-Systems, bresk-þýsk-ítalsk-spænskt samstarf)

Lengd: 16,0 m Hreyfilafi: 40.000 pund Hámarks flugdrægni: yfir 750 sjómílur
Hæð: 5,3 m Hámarks hraði: Mach 2,0
Vænghaf: 11,3 m Hámarks flughæð: 65.000 fet

F-35 Joint Strike Fighter (Lockheed Martin, Bandaríkjunum)

Lengd: 15,6 m Hámarks flughæð: 50.000 fet
Hæð: 4,6 m Hámarks flugdrægni: yfir 590 sjómílur
Vænghaf: 10,7 m Hreyfilafi: 40.800 pund
Hámarks hraði: Mach 1,6



Verð á eintak 14,6 milljarðar kr.

BAE-Saab JAS 39 Gripen (Svíþjóð)

Lengd: 14,1 m Hámarks hraði: Mach 2,0
Hæð: 4,5 m Hámarks flughæð: 50.000 fet
Vænghaf: 8,4 m Hámarks flugdrægni: yfir 500 sjómílur
Hreyfilafi: 54.000 pund



Verð á eintak 5,6 milljarðar kr.

Allt sniðið að F-35-þotunni

Í undirbúningi eru stærstu hergagnakaup norska ríkisins í áratugi. Einn keppinauturinn er hætta við þátttöku og sakar norska ráðamenn um sjónarspil.

NOREGUR Í fimm ár hafa norsk stjórnvöld unnið að útboði fyrir endurnýjun orrustubotufloata norska flughersins. Á síðari stigum valferlisins hafa opinberlega verið þrjú valkostir í alvarlegri skoðun: hin bandaríska F-35 JSF, hin evrópska Eurofighter Typhoon og hin sænsk-fjölbjóðlega Saab JAS-39 Gripen. Nú hefur hins vegar verið upplýst, að framleiðendur Eurofighter séu hætta við þátttöku í útboðinu, að sögn vegna þess að þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu að það væri tómur fyrirsláttur af hálfu Norðmanna að þeir væru í alvöru að íhuga nokkurn annan valkost en bandarísku þotuna. Allt ferlið væri sérsníðið fyrir hana, þrátt fyrir að hún sé langdýrasti valkosturinn.

Norska blaðið Aftenposten birti í gær útdrætti úr bréfaskiptum forsvarsmanns EADS, aðalframleiðanda Eurofighter, og norska aðstoðarvarnarmálaráðherra Espen Barth Eide. Þeim lyktar þannig að 20. desember síðastliðinn skrifar EADS-talsmaðurinn Aloysius Rauen að fyrirtækið segi

sig frá frekari þátttöku í útboðinu. Þrátt fyrir það sendi norska varnarmálaráðuneytið pakka með útboðsgögnum einnig til EADS í janúar síðastliðnum, en hann var sendur óopnaður til baka.

„Við höfðum á tilfinningunni að allt væri byggt upp í kring um JSF, óháð því hvað við gerðum. Öll gögn voru sniðin að hagsmunum Bandaríkjamanna,“ hefur Aftenposten eftir ónafngreindum heimildarmanni hjá EADS.

Sendiherra Bandaríkjaanna í Ósló hefur látið í það skína að öryggismálasamstarf ríkja myndi líða fyrir það ef Norðmenn skyldu hætta við að kaupa nýju F-35-þoturnar í staðinn fyrir F-16-herþota norska flughersins sem eru komnar til ára sinna. Tilfni þeirra ummæla sendiherrans voru yfirlýsingar ráðherra í vinstristjórninni, sem tók við völdum árið 2005, þess efnis að Norðmenn áskildu sér rétt til að velja aðra valkosti þrátt fyrir að fyrri ríkisstjórn hefði skrifað undir samning um þátttöku í að kosta þrjú F-35-þotunnar. audunn@frettabladid.is

Jón Ásgeir Jóhannesson í viðtali við CNBC:

Áhugaverðir tímar á mörkuðum

VIÐSKIPTI Ólíklegt er að ríkissaksóknari gefi út nýjar ákærur á hendur Baugi Group. Þetta sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs, í viðtali í fréttu- og viðtalsþættinum Squawk Box sem sýndur var á bandarísku sjónvarpsstöðinni CNBC í gær. Þá sagðist hann einnig telja að ákærurnar væru lagðar fram á pólitískum forsendum.

Í kynningu þáttastjórnenda kom fram að Baugur byggji yfir miklum fjárstyrk og væri að setja sig í stellingar fyrir fyrirtækjakaup. Jón Ásgeir var sömuleiðis kynntur sem valdamesti maðurinn í breskum smásölugeira. Hann dró úr því en sagðist vera með þeim stærstu.

Þá sagði hann samdrátt í smásölu vestanhafs og víðar og að í þrengingum á mörkuðum væri áhugavert að horfa til góðra fyrirtækja. „Við fjárfestum ekki til árs heldur horfum til lengri tíma. Núna gætu því verið áhugaverðir



Á TALI Í SPJALLÞÆTTINUM Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, var kynntur sem valdamesti maðurinn í breskum smásölugeira í spjallþætti á CNBC-sjónvarpsstöðinni í gær. frettabladid@okk

tímar,“ sagði hann og kvað Baug horfa til sterkra vörumerkja á alþjóðamarkaði. „Við sjáum skemmtilega markaði opna á Indlandi og í Kína. Þar er vöxtur svo hraður að maður tapar markaðshlutdeild ef ársvöxtur fyrirtækisins er innan við 30 prósent,“ sagði hann. - jab



Hárfín snerpa

Enn á ný hafa hönnuðir Mercedes-Benz lagt línurnar þegar kemur að aksturseygindum. Hárfín snerpa eru fyrstu orðin sem koma upp í hugann. Þegar þú ekur nýjum C-Class viltu helst ekki að ökuferðin taki enda, svo einstök er upplifunin.

Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz C-Class.

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz





SKRÁNING FYRIR HAUSTÖNN 2008 HAFIN!

Ekki bíða með að skrá þig - Fyrstir koma fyrstir fá

TVEGGJA ANNA NÁMSBRAUTIR

Sölu-, markaðs og rekstrarnám ☀️ 396 stundir

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta er lögð áhersla á rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eru með eigin rekstur.

Skrifstofu- og rekstrarnám ☀️ 462 stundir

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á þremur námskeiðum sem öll styðja hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

Skrifstofunám og hönnun ☀️ 414 stundir

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsingastofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar.

Sölnám og hönnun ☀️ 420 stundir

Á fyrri önninni öðlast nemendur þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og í gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja sölufærið.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSLÓLANÁM

Einn af stærstu viðskiptaháskólum í Danmörku, Business Academy West (BAW) í Esbjerg, hefur gert samstarfssamning við NTV um að viðurkenna tveggja anna námsbrautir NTV sem inntökuskilyrði fyrir nám í skólanum, að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

1 Tungumálakunnátta

Fyrir enska námsbraut þarf ensku 303 eða samsvarandi stöðupróf frá viðurkenndum málaskóla. Fyrir danska námsbraut þarf stúdentspróf í dönsku eða taka samsvarandi stöðupróf hjá viðurkenndum málaskóla.

2 Starfsnám hjá NTV

- a) Skrifstofu- og rekstrarnámi eða Sölu-markaðs- og rekstrarnámi að viðbættu bókhaldsnámi
- b) Hafa lokið 72 kennslustunda viðbót í námstækni, skýrslugerð og stærðfræði*

3 Margmiðlunarhönnun

Þeir nemendur sem hyggja á nám í margmiðlun hjá BAW þurfa auk þess að ljúka öðru af eftirfarandi námskeiðum hjá NTV: Auglýsingatækni eða Alvöru vefsíðugerð

*Viðbótarnám í námstækni verður kennt frá 15. maí til 4. júní - kvöld og helgarnámskeið.



INNTRITUN Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

60PC45
60" Plasma
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
Svartími 0,001ms
100Hz
Stafrænn móttakari

60"

799.900



160 GB
UPPTÖKU
DISKUR

209.900

42PT85
42" Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænar sjónvarpsmóttakarar
100Hz



SJÓNVARPSTÆKIFÆRI



263.900

50PC51
50" Plasma
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001ms
100Hz



349.900

47LY95
47" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



175.900

42LC55
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari



153.900

37LC55
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari



124.900

32LC56
32" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari



119.900

26LB75
26" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari



89.900

23LS2R
23" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 2500:1
Birtustig 450
Svartími 8ms



89.900

22LS4R
22" LCD sjónvarp
Upplausn 1680x1050
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms



59.900

19LS4R
19" LCD sjónvarp
Upplausn 1440x900
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



Ljósmyndasýning undir yfirskriftinni Alþjóðasamband Ísland var opnuð í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða við Skúlagötu í síðustu viku og stendur til 1. maí. Á sýningunni má sjá ljósmyndir Þórdísar Erlu Ágústsdóttur af starfsfólki Landspítala, en það er af ýmsu þjóðerni.



Morgunverðarfundur um forvarnir verður haldinn á vegum samstarfshópsins Náum áttum á Grand hóteli á morgun, miðvikudaginn 16. apríl. Fundurinn er haldinn undir yfirskriftinni Ávinn-ingur forvarna – hvað kostar að gera ekki neitt? og stendur frá klukkan 8.15 til 10.



Hádegisfundur um heilsuefingu á vinnustöðum verður einnig haldinn á morgun í Háskólanum í Reykjavík frá klukkan 12 til 14. Fjallað verður um heilsuefingu á vinnustöðum í samhengi við heilbrigði, vinnuvernd og lýðheilsu, og gefnar verða ráðleggingar.

Slendertone Total Body Massage

nudd sem virkar...

- 6 nuddkerfi
- Kneading Massage
- Swedish Massage
- Shiatsu Massage
- Deep Tissue Massage
- Athletes Massage
- Power Massage

verð kr. 16.990

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 • S. 568 1717

www.hreysti.is

SLENDERTONE

Sökun - vellíðan - innri ró



Jóna Hildur Bjarnadóttir segir stafgöngu skemmtilega íþrótt fyrir alla.

HÚSGAGNA LAGERSALA

Engar Verðhækkningar!
Allar vörur á gamla **genginu**

- LEÐUR SÓFASETT
- TAU SÓFASETT
- LEÐUR HORNSÓFAR
- TAU HORNSÓFAR
- TUNGUSÓFAR
- TUNGUHORNÓFAR
- STAKIR SÓFAR
- BORÐSTOFUSTÓLAR



BORÐSTOFU-HÚSGÖGN

ELDHÚSBORÐ

RÚMGAFLAR JÁRN

RÚM 120-150-180X200

FRAMLEIÐUM

Sófasett, hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl. ATH. verðið kemur á óvart

Verðdæmi: Sófar 3+1+1 = 99.900 kr

Vísu/Euro/K-lán /Raðgreiðslur

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar **09 - 18**
Laugardaga **11 - 16**

Ekki of ung fyrir stafina

Með vorinu fá margir fjóring í tærnar og vilja komast út að hreyfa sig. Stafganga er íþrótt sem verður vinsælli með hverju árinu.

„Ég er svo heppin að vinna við mitt áhugamál, sem er hreyfing,“ segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri hjá almenningsíþróttasviði ÍSÍ. Hún kennir meðal annars stafgöngu í Laugardalnum auk þess sem hún spilar golf og er dugleg að hlaupa úti í öllum veðrum. Árið 2003 fór hún til Noregs til að kynna sér stafgöngu.

„Ég fór á vegum Íþrótt- og ólympíusambandsins til Noregs og kom svo stafgöngunni á koppinn hér heima. Ég hef verið að kenna öðrum stafgöngukennurum á vegum ÍSÍ auk þess sem ég kenni sjálf niðri í Laugardal.“

Stafganga er röskleg ganga á jafnsléttu með göngu-stafi í höndum. Kostinn við stafgönguna segir Jóna vera aukinn styrk í efri bók auk þess sem brennslan aukist um tuttugu prósent miðað við venjulega göngu án stafa.

„Við stafgönguna er ákveðinni tækni beitt til að ná hámarksárangri og við kennum þessa tækni á námskeiðunum. Það kemur fólki oft á óvart hvað staf-

gangan er erfiðari en það hélt og hvað hún er skemmtileg. Við förum í brekkur og gerum ýmsar æfingar og þetta er alhliða líkamsrækt.“

Á námskeiðunum er byrjendahópur þar sem farið er yfir tækniatriðin og svo framhaldshópur sem gengur reglulega allt árið og nýttir stafgönguna sem sína heilsurækt. Jóna Hildur segir stafgönguna hreyfingu sem allir geti stundað.

„Stafgangan er mjög skemmtileg og mér finnst ofsalega gaman að kenna hana. Nú er tíminn þegar fólk vill fara að hreyfa sig úti og þá er stafgangan alveg kjörin og hentar öllum, jafnt körlum sem konum.“ Í fyrsta hópnum sem Jóna Hildur byrjaði að kenna stafgöngu voru fimmtíu konur og skunduðu þær af stað með stafina í Kvinnahlaupinu í Reykjavík árið 2004 sem fór fram í júní.

„Það var í fyrsta skipti sem einhver sást ganga með stafi og við vöktum gríðarlega athygli. Við fengum alls konar glósur, til dæmis að það væri enginn snjór og svo framvegis. Afi minn kom líka með skemmtilega athugasemd og spurði mig þegar ég var á leiðinni til Noregs, hvort ég væri ekki aðeins of ung til að ganga með stafi.“

Upplýsingar um stafgöngu má finna á vefsíðunni: www.stafganga.is

heida@rettbladid.is

APRÍL
Kafbátur mánaðarins
Krabbabátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur
329 kr.

Gildir í apríl 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli



SUBWAY

-17-
Subway staðir um allt land



Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

15. apríl - kl. 17:30 - 19:00
Viltu Hugar-far að betri stað í lífinu?
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

16. apríl - kl. 19:00 - 21:00
Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

17. apríl - kl. 18.00 - 21.00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Auður I. Konráðsdóttir heilsukostur

22. apríl - kl. 18:00 - 20:00
Heilsukostur - Kökur og eftirréttir
Auður I. Konráðsdóttir heilsukostur

Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17



maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Eins og að ganga í mosa

MBT-skór eru sérsníðnir skór sem stuðla að jafnvægi líkamans og rétttri stöðu.

Petra Mazetti skynhreyfipjálfari er kynningarfulltrúi fyrir MBT-skó á Íslandi, ásamt Hilmar H. Gunnarsyni íþróttakennara. Hún var á ráðstefnu í Sviss þar sem meðal annars var fjallað um minni verki í mjó-baki hjá golfiðkendum.

„Á ráðstefnunni fengum við tveggja klukkustunda þjálfun í golfi í MBT-skóm með áherslu á jafnvægi og samhæfingu, en einnig var farið yfir æfingar sem gagnast íþróttamönnum,“ segir Petra og útskýrir hvernig MBT-skór virka.

„Skórnir skapa ójafnvægi sem þjálfar litlu vöðvana nálægt liðamótunum sem eiga að halda stöðugleika í líkamanum. Þessir vöðvar eru í litilli þjálfun því venjulegir skór styðja við fótinn svo líkaminn þarf ekki að mynda jafnvægið. Sólinn á MBT-skónum er boginn og auðveldar þannig fótaveltuna sem er líkamanum eðlileg, auk þess að dempa gönguna svo það líkist því að ganga á mosa.“

Svissneski verkfræðingurinn Karl Müller hannaði MBT-skóna eftir að hafa gengið berfættur í leir á hrísgrjónaökrum í Suður-Kóreu. Sjálfur átti hann við þrálát bak- og hnévandamál að stríða sem löguðust við náttúrulega göngu.

„Virkn MBT-skósins hefur verið vísindalega rannsökuð við virta háskóla, svo sem Calgary-háskóla í Kanada,“ segir Petra. „Í Noregi er rannsókn nýlökkið sem sýnir að fólk sem vinnur í heilbrigðisgeiranum, stendur eða gengur mikið og notar MBT-skóna, þjáist minna af verkjum.“



Petra segir fólk geta notað MBT-skóna eingöngu eða á móti venjulegum skóm, og best sé að byrja að ganga á þeim í stuttan tíma á dag. Hún segir einnig að



Petra Mazetti og Hilmar Gunnarsson eru kynningarfulltrúar MBT-skóa á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

rannsóknir hafi sýnt að hæg ganga eða skokk á MBT-skóm gefi jafn mikla æfingu og ef sama vegalengd sé hlaupin hratt í venjulegum skóm.

„Það er skritið að ganga á MBT-skónum í fyrstu en flestir hafa vanist þeim eftir eina til tvær vikur. Skórnir rétta úr líkamanum og það hefur áhrif á bakvöðvana alveg upp í hnakka,“ útskýrir Petra.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.mbt.is heida@frettabladid.is

Betri heilsa

Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi? Svæðanudd gæti hjálpað þér

Ásta svæðanuddari

upplýsingar og pantanir í síma 848-7367

Borðaðu þig granna(n)



Nánari upplýsingar
Sími 865-8407

www.vigtarradgjafarnir.is

Efamol

Efalex

Vönduð blanda fiski- og kvöldvorrósalíu sem eflir og styrkir:

- Hugsun
- Einbeitingu
- Sjón
- Hormónajafnvægi

Einstakt gegn lesblindu og ofvirkni.

Hentar fólki á öllum aldri.

Fæst í fljótandi formi og hylkjum í lyfja- og heilsuverslunum.



Vertu skarpari!

Efalex eflir einbeitingu og sjón og stuðlar þannig að betri námsárangri.



Efalex er einstök samsetning úr hreinni kvöldvorrósalíu og fiskiolíu sem innihalda þrjár mikilvægar fitusýrur, DHA, AA og GLA ásamt tveimur öflugum andoxunarefnum, E-vítamíni og tímíani olíu sem vinna saman að viðhaldi lífsnauðsynlegra fitusýra í líkamanum. Nægt magn þessarra olía í líkamanum stuðla að skarpari hugsun og betri einbeitingu sem eykur færni okkar til þess að læra.

ENGAR Transfitusýrur

Ný framleiðsluaðferð, engar transfitusýrur, ennþá betra bragð!

**Það verður að vera Orville...
...án transfitusýra!**



FRÁBÆRT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

STÓRIR - STERKIR - LITLIR - SILFRAÐIR - NETTIR - SNÖGGIR - RÚMGÓÐIR - KRAFTMIKLIR - LIPRIR - FÁGAÐIR ...

bíla
land

Grjótháls 1, 110 Reykjavík, S: 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá 12-16.

TILBOÐS
BÍLAR



BMW 320I
Nýskr: 02/2006, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár,
Ekinn 24.000 þ. Verð: 4.150.000
Tilboðsverð: 3.530.000



BMW 520D
Nýskr: 04/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 15.000 þ. Verð: 5.940.000
Tilboðsverð: 4.980.000



BMW X3
Nýskr: 01/2005, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 36.000 þ. Verð: 4.480.000
Tilboðsverð: 3.360.000



HYUNDAI GETZ
Nýskr: 03/2005, 1300cc
4 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 38.950 þ. Verð: 1.280.000
Tilboðsverð: 920.000



HYUNDAI MATRIX
Nýskr: 05/2004, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 66.000 þ. Verð: 1.280.000
Tilboðsverð: 730.000



HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 04/2003, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 87.000 þ. Verð: 1.940.000
Tilboðsverð: 1.160.000

500.000-
1.500.000



HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: , 2700cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn
113.000 þ. Verð: 1.660.000
Tilboðsverð: 1.460.000



HYUNDAI STAREX
Nýskr: 08/2000, 0cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 108.000 þ.
Verð: 1.090.000



RENAULT LAGUNA II
Nýskr: 09/2003, 1800cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 130.000 þ.
Verð: 1.320.000



RENAULT MEGANE II
Nýskr: 09/2003, 1600cc
3 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 75.000 þ.
Verð: 1.250.000



SUZUKI
Nýskr: 01/2004, 600cc
0 dyra, Beinskiptur, Gulur,
Ekinn 0 þ.
Verð: 890.000



TOYOTA AVENSIS
Nýskr: 07/2002, 1800cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrænn,
Ekinn 150.000þ. Verð: 1.250.000
Tilboðsverð: 890.000

1.500.000-
3.000.000



FORD F150
Nýskr: 06/2004, 5400cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 64.000 þ.
Verð: 2.950.000



HARLEY HERITAGE SOFTAIL
Nýskr: 03/2004, 1400cc
0 dyra, Beinskiptur, Óþekktur
litur, Ekinn 3.200 þ.
Verð: 2.350.000



HYUNDAI TRAJET
Nýskr: 01/2006, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 83.000 þ.
Verð: 2.290.000



MITSUBISHI COLT
Nýskr: 09/2007, 1200cc
3 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 1.500þ. Verð: 1.670.000
Tilboðsverð: 1.250.000



TOYOTA COROLLA
Nýskr: 02/2007, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn
12.000 þ. Verð: 2.540.000
Tilboðsverð: 2.050.000



TOYOTA RAV4
Nýskr: 07/2001, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur,
Ekinn 124.000 þ.
Verð: 1.650.000

3.000.000-
4.500.000



HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr: 01/2007, 2200cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 55.000 þ.
Verð: 4.690.000



HYUNDAI TERRACAN
Nýskr: 06/2005, 2900cc
4 dyra, Beinskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 61.000 þ.
Verð: 3.340.000



LAND ROVER DISCOVERY
Nýskr: 03/2007, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 12.000 þ.
Verð: 7.300.000



LAND ROVER FREELANDER
Nýskr: 04/2007, 2200cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn
16.000 þ. Verð: 5.400.000
Tilboðsverð: 4.590.000



RENAULT SCENIC II
Nýskr: 09/2007, 1900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 8.000 þ.
Verð: 3.540.000



VOLVO S80
Nýskr: 09/2006, 2400cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 20.000 þ. Verð: 5.090.000
Tilboðsverð: 3.970.000

ATVINNU
BÍLAR



RENAULT KANGOO
Nýskr: 01/2003, 1400cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 104.000 þ.
Verð: 830.000



RENAULT AT KANGOO
Nýskr: 01/2005, 1400cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 102.000 þ.
Verð: 1.040.000



RENAULT AT KERAX
Nýskr: 08/2006, 0cc
2 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 31.000 þ.
Verð: 12.325.000



RENAULT AT MASCOTT
Nýskr: 04/2001, 0cc
2 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 130.000 þ.
Verð: 1.730.000



RENAULT AT MASTER
Nýskr: 01/2004, 0cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 101.000 þ.
Verð: 2.430.000



RENAULT AT TRAFIC
Nýskr: 08/2005, 1900cc
6 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 98.000 þ.
Verð: 2.250.000

Reykjavík, Grjótháls 1
575 1230
Selfoss, Hrísmíri 2a
575 1460

Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:

Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 -
Eigilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074 - Hvalsvíllur S: 487 8688 -
Bolungarvík S: 456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S: 464 1888 -
Sauðárkrúkur S: 453 5141 - Hvamnstangi S: 451 2230

bilaland.is



ÞRIÐJUDAGUR 15. APRÍL 2008

Virðisaukaskattur á hestakaup

Umræða um hátt verð á hrossum og góðæri í hrossabúskap hefur áhrif. Skatturinn rannsakar nú eigendaskipti í WorldFeng. Skráðir hrossabændur fá þessa dagana sendar athugasemdir frá skattstjóra. Þeir eru beðnir að gera grein fyrir eigendaskiptum á hrossum sem ekki hafa komið fram á skattaskýrslu. En eins og hestamenn vita eru ekki öll hross dýr. Mörg eru afgangur sem gengur kaupum og sölum í hestakaupum og alls kyns braski. Skemmtun sem oftast skilar tapi. Menn hafa ekki séð ástæðu til að telja slíkt fram. Nákvæmari skráningar hrossa setja braskara í vanda. Nú stefnir í að þeir þurfi að borga virðisaukaskatt af hestakaupum.

Tannráðstefna

Ráðstefnur um tannheilsu og tannróspun hrossa verða haldnar í byrjun maí á vegum LH, FH og FT. Aðalfyrirlesari verður Torbjörn Lundström, tannlæknir og sérfræðingur í tönnnum hesta. Fyrri ráðstefnan verður haldin í Fjölbautarskóla Suðurlands á Selfossi 2. maí og sú seinni á Sauðárkróki 3. maí. Ráðstefnurnar verða auglýstar nánar á Netmiðlum hestamanna. Ástæðan fyrir ráðstefnunum er meðal annars sú að risið hefur ný stétt fagmanna sem sérhæfa sig í róspun tanna í hestum. Raspa þeir tennurnar mun meira en áður þekktist og nota slípir okka og önnur stórtæk áhöld við verkið. Deyfa verður hrossin sérstaklega fyrir aðgerðina.



Jens Einarsson stendur á bakvið www.seisei.is.

Nýr vefur um hesta og hestamennsku

Þann 1. maí verður opnaður nýr vefur um hesta og hestamennsku: www.seisei.is. Það er hinn gamalreyndi hestablaðamaður og ljósmyndari Jens Einarsson sem er eigandi vefsins og ritstjóri. Jens segir að seisei.is sé öðrum þræði tímarit. Þar verði að finna viðtöl og greinar, meðal annars úrval af eldra efni höfundar. Einnig verði hann fréttatengdur vefur. Að auki verði á honum þjónusta við hrossabú, sem felst í að segja fréttir frá búum sem tengjast seisei.is. „Vefurinn mun fara rólega af stað, það verða engar flugeldasýningar,“ segir Jens. „Þetta verður langt ferðalag. Við munum fara fetið til að byrja með. Ég vona að þetta verði skemmtileg viðbót við þá vefi sem fyrir eru.“

Átjándi landsmótið

Sveinn Guðmundsson á Sauðárkróki hefur verið þátttakandi í öllum landsmótum frá upphafi, ýmist sem knapi eða ræktandi. Hann er nú áttatíu og sex ára og undirbýr sig fyrir sitt átjándi landsmót.

Á fyrsta landsmóti hestamanna, á Þingvöllum 1950, sat Sveinn gæðinginn Árna-Blesa og varð í öðru sæti í góðhestakeppninni. Hann var þá tuttugu og átta ára. Á Þveráreyrum 1954 urðu þeir aftur í öðru sæti. Þá sýndi hann einnig stóðhestinn Goða frá Miðsitju og hryssuna Ragnars-Brúnku frá Sauðárkróki. Á Skógarhólum 1958 urðu Sveinn og Árna-Blesi efstir í A-flokki gæðinga. Kynbótahross og gæðingar á landsmótum undanfarna ára eiga flestir ættir að rekja til hrossa Sveins.

UPPHAFIÐ VEGUR ÞYNGST

„Guðmundur sonur minn sér alveg orðið um hrossabúíð,“ segir Sveinn. „Það er eitthvað af hrossum í þjálfun. Einhver verða sýnd. En hrossin þurfa að vera svo vel tamin í dag til að eiga einhverja möguleika. Þegar ég var að byrja þá voru ekki nema nokkrir menn á landinu sem kunnu þetta. Nú er snillingur á hverjum bæ.“

Geta hrossanna var til staðar hér áður fyrir. En þá rákum við



Sveinn Guðmundsson á Sauðárkróki hefur verið á öllum landsmótum hestamanna frá upphafi.

MYND/EIRIKUR JÓNSSON

hrossin suður Kjöl; vorum komnir kvöldið fyrir sýningu. Nú er öllum keppnishrossum ekið á mótsstað nokkrum dögum fyrir mót. Þetta er eins og svart og hvítt, undirbúningurinn, tamningin, umgjörðin og aðstaðan.“

- Hvaða gripir standa upp úr í þinni ræktun þegar þú lítur til baka?

„Ætli það séu ekki Ragnars-Brúnka og Síða dóttir hennar. Upphafið vegur þyngst. Öll okkar hross eru út af þeim. Þær hefðu örugglega gefið ennþá betri hross ef stóðhestaúrvalið hefði verið eins og það er nú. Í þá daga var ekkert úrval, maður leiddi undir þann hest sem næstur var,“ segir Sveinn Guðmundsson, hetjan frá Króknum.



Undirbúningur Landsmóts hestamanna hefur gengið vel og verður svæðið útbúið ýmiss konar afþreyingu fyrir alla fjölskylduna.

Gjörbylting í tæknimálum á Landsmóti hestamanna 2008

Undirbúningur Landsmóts hestamanna gengur vel að sögn Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur framkvæmdastjóra. Ýmsar nýjungar hafa verið teknar upp, svo sem forsala miða á netinu.

„Þetta gengur vel, allt samkvæmt áætlun,“ segir Jóna Fanney Friðriksdóttir. „Fyrir það fyrsta þá höfum við fengið til liðs við okkur mjög öfluga styrktaraðila, sem er grundvallarforsenda. Miðasalan á netinu, sem er í samvinnu við Icelandair, fór líka mjög vel af stað

og greinilegt að fólk kann að meta þann valkost.“

Aðrar framfarir á tæknisviðinu eru meðal annars þær að Síminn mun væntanlega leggja ljósleiðara inn á mótsvæðið, sem mun gjörbreyta öllu sem viðkemur tölvuvinnslu, bæði fyrir dómara og blaðamenn. Við munum setja upp netkaffi í Rangárhöllinni. Í höllinni verður einnig veitingasala, sölubásar, og Hestatorgið að sjálfsögðu.“

ÁHORFENDASTÚKUR OG RISASKJÁIR

Verða þá engin sölu- og veitingatjöld á pláni eins og verið hefur?

„Jú, jú. Það verður 1.500 fermetra veitinga- og skemmtitjald á planinu. Þar verða einnig sölubásar. Það verður skemmtilegt markaðstorg á LM2008. Þess má líka geta að við fáum áhorfendastúk frá Svíþjóð og risaskjárir verða líklega tveir, þannig að það ætti að fara vel um áhorfendur og allir ættu að geta fylgst vel með.“

Við munum gera sérlega vel við börnin. Afþreying og gæsla fyrir þau verður meiri en áður hefur sést á landsmóti,“ segir Jóna Fanney.

Sjá meira á www.landsmot.is

Barnasvæði á LM2008

Glæsilegt barnasvæði verður útbúið á LM2008 í samvinnu við Húsasmíðjuna. Þar verður að finna næstum allt milli himins og jarðar sem hugsanlega getur glatt barnshjartað: Leiktjald, húsdýr af ýmsum stærðum og gerðum, sandkassa, rólur, fótbolta, ratleiki, badminton og smáhýsi. Síðast en ekki síst verður börnunum boðið á hestbak. Gæsla verður á barnasvæðinu frá fimmtudegi til sunnudags.



Stóðhestastöðin í Gunnarsholti.

MYND/JENS EINARSSON

Ekkert tilboð í Stóðhestastöðina

Ekkert tilboð barst í Stóðhestastöðina í Gunnarsholti í seinna útbóði. Tilboðsfrestur var til 8. apríl. Í fyrria útbóði í febrúar bárust nokkur tilboð. Hæsta tilboð kom frá Óla Pétri Gunnarssyni á Selfossi, 107 milljónir, en því var hafnað. Áttatíu milljónir af söluvirði Stóðhestastöðvarinnar áttu að renna til Rangárhallarinnar á Gaddstaðflötum. Hún er nú komin undir þak. Kristinn Guðnason, formaður byggingarnefndar, segir að upphæðin sé komin á yfirdrátt. Óvíst sé hvernig peningamál leysist ef Stóðhestastöðin selst ekki.

Jakob er efstur

Jakob Svavar Sigurðsson náði efsta sæti í stigakeppni Meistaradeildar VÍS eftir góðan árangur í gæðingaskiði og 150 metra skeiði. Hann varð annar í gæðingaskiði á Glotta frá Sveinatungu og þriðji í 150 metra skeiði á Músa frá Miðdal. Jakob er með 32 stig. Annar í stigakeppni er Viðar Ingólfsson með 30 og þriðji Sigurður Sigurðarson með 29. Tvö mót eru eftir í deildinni og átta knapar geta sigrað. Í 150 metra skeiði hreppi gullíð Sigurbjörn Bárðarson á Neista frá Miðey og Hinrik Bragason skaust óvænt á toppinn í gæðingaskiði á stóðhestinum Flugari frá Barkarstöðum.

Netmiðasala á LM2008

Netmiðasalan á Landsmót er bylting og fer gríðarlega vel af stað, segir Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri LM2008. „Til dæmis seldust hátt í þúsund miðar fyrstu vikuna. Forsala aðgöngumiða er til 1. maí með 15 prósentu afslætti. Vikupassi kostar 10.500 krónur í forsölu en hækkar í 12.000 krónur eftir 1. maí. Netmiðasalan er í samvinnu við Icelandair. Einnig er hægt að kaupa miða á Landsmót á bensinstöðvum N1.“

lh hestar

ÍÞRÓTT · MENNING · LÍFSSTÍLL



Málgagn Landssambands hestamannafélaga

Útgefandi: Landssamband hestamannafélaga
Heimilisfang: Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Netfang: lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Jens Einarsson
Netfang: jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
Auglýsingar: Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
 sími: 512-5435, GSM 822-5062

HELSTU SAMSTARFSADILAR LH ERU:



Særindi í munni keppnishesta

Keppnishestar eru oft með særindi í munni. Þó að yfirleitt sé ekki um djúp eða stór sár að ræða geta þau verið til mikilla óþæginda fyrir hestana. Orsakanna er fyrst og fremst að leita í beislisbúnaði sem ekki passar sem skyldi. Of löng mál, hertir múlar og óheppilegar samsetningar af beisli og múl, auk hertrar keðju á stangamélum, eru dæmi um búnað sem nauðsynlegt er að endurskoða. Þjálfunaraðferðir skipta máli líka – og að sjálfsögðu taumhaldið. Dýra-verndarráð FEIF hefur haft þetta til skoðunar á liðnu ári og leitað til sérfræðinga um ráð til fyrirbyggjandi aðgerða.

Munnur hestsins er afar viðkvæmur. Hann var ekki skapaður til að bera beislismél. Ásamt tönnum og tungu hefur hann það hlutverk að taka inn fæðu, tyggja hana og undirbúa til kyngingar. Þetta er flókinn líffræðilegur ferill og hestinum afar mikilvægur. Um leið og við setjum mál upp í hest truflum við þessa náttúrulegu starfsemi. Ósjálfrátt bregst munnurinn við eins og flytja þurfi fæðu aftur í kok. Við val á búnaði þurfum við að gæta þess að valda sem minnstri truflun. Mál sem liggja stöðug í munni hestsins eru til þess fallin.

Sá misskilningur hefur verið ríkjandi að særindin séu vegna hvassra tannbrodda jaxla í efri gómi. Sú er yfirleitt ekki raunin. Tannbroddarnir eru hestinum nauðsynlegir til að tyggja fóðrið. Engin gild ástæða er til að raspa þá niður. Aldrei ætti að sverfa tennur nema fyrir liggja greining á tanngalla sem truflar hestinn við að tyggja. Höfum það í huga að enginn hestur lifir lengur en tennurnar í honum endast og þær vaxa ekki endalaust eins og margir virðast halda.

Torbjörn Lundström tannlæknir er sérfræðingur í tönnum hesta. Hann verður aðalfyrirlesari á ráðstefnu sem LH, FH og FT halda um þetta mikilvæga málefni á Selfossi 2. maí og Sauðárkróki 3. maí. Tökum þátt í að breyta viðhorfum hestinum í hag.

Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma.



Bílaleigan Hertz á Íslandi hefur bæst í hóp bakhjarla LH og Landsmóts.

MYND/ROBERT

Hertz á Landsmóti

Bílaleigan Hertz á Íslandi hefur bæst í hóp bakhjarla LH og Landsmóts. Undirritaður hefur verið samningur milli þessara aðila til þriggja ára. Að sögn Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, framkvæmdastjóra LM, er fram-

lag Hertz afar mikilvægt enda margur snúningurinn hjá mótsstjórn og lykilstarfsmönnum er nær dregur landsmóti. Hertz mun einnig styðja við aðra viðburði sem haldnir eru á vegum LH á ári hverju, hérlendis sem erlendis.



Þrjár konur Adams í Kjós, vígreifar eftir góðan sigur á ísmóti fyrr í vetur: Guðríður Gunnarsdóttir, Þórdís A. Gylfadóttir og Emelie.

MYND/LILLI

Hestamannafélagið Adam í Kjósarhreppi

Nýtt hestamannafélag hefur fengið aðild að Landssambandi hestamannafélaga. Það er Hestamannafélagið Adam í Kjósarhreppi, sem heitir eftir stóðhestinum Adam frá Meðalfelli.

Pétur Blöndal Gíslason, formaður hestamannafélagsins Adams, segir að ástæðan fyrir stofnun þess hafi einfaldlega verið sú að fólk langaði til að vera meira saman.

„Hestafólki í Kjósinni hefur fjölgað mikið á undanföllum árum,“ segir Pétur. „Síðan gerðist það af sjálfu sér að við fórum að ríða á milli bæja, heimsækja hvert annað og ríða út saman. Þetta er skemmtilegur og samheldinn hópur og okkur fannst það bara rökrétt framhald að stofna félag.“
 - Er kannski skemmtilegra að vera í litlu félagi en stóru?

„Ég held alla vega að lítil félög eigi jafn mikinn rétt á sér og stór. Á meðan LH er sterkt geta lítil félög auðveldlega þrífist, svo fremi að þar sé einhver starfsemi. Hestamannafélagið Hörður var upphaflega stofnað hér í Kjósinni, en fluttist síðan á mölina, niður í Mosfellsbæ. Það er töluverður spotti hér á milli. Ég held að víða á landsbyggðinni séu aðstæður þannig að lítil félög, sem ná yfir minna svæði, henti betur.“

AÐSTÖÐUNA VANTAR

- Er einhver aðstaða sem félagið hefur aðgang að, hesthúshverfi og þess háttar?

„Nei, sú aðstaða er ekki fyrir hendi ennþá. Við erum í viðræðum við sveitarfélagið um hvaða kostir eru hugsanlega í boði. Við viljum að sjálfsögðu koma upp hesthúshverfi með keppnisvelli og annarri aðstöðu sem nútíma hesta-

mennska krefst.“

- Kæmi til greina að endurreisa gamla keppnisvöllinn á Arnarhamri á Kjalarnesi?

„Það er nú gaman að segja frá því að við fórum og skoðuðum völlinn á Arnarhamri. Það mótur vel fyrir honum ennþá. Kappreiðabrautin hefur greinilega verið góð en það er nú einhverjar brekkur í hringvöllinum sem ekki þættu við hæfi í dag. Arnarhamar er í eigu Reykjavíkurborgar, sem sagt í eigu annars sveitarfélags. Það er líka helst til langt frá. Það væri hins vegar óneitanlega gaman að brydda upp á einhverjum uppákomum á Arnarhamri í samvinnu við Hörð, til dæmis.“

Í Adam eru nú hátt í fimmtíu félagar. Í stjórn eru: Pétur Blöndal Gíslason, formaður og gjaldkeri, Björn Ólafsson á Þúfu, ritari, og Eggert Páll Helgason í Laxárnesi, meðstjórnandi.

Kappi endurbættur

Ný og endurbætt útgáfa af mótaforritinu Kappa er komin út. Tölvudeild BÍ og tölvunefnd LH hafa unnið að endurbótum á forritinu síðastliðna mánuði. Oddur Hafsteinsson, formaður tölvunefndar LH, segir að ekki hafi verið gerðar miklar breytingar á viðmóti Kappa, heldur á virkni hans.

„Það voru yfir hundrað atriði sem voru lagfærð,“ segir Oddur, „fyrst og fremst kerfisvillur. Einnig voru gerðar umtalsverðar endurbætur á virkni forritsins. Til dæmis í sambandi við útreikninga á einkunnum, útprentun blaða og svo framvegis. Gagnaflutningar á milli Kappa og Mótafengs voru líka endurbættir, þannig að Kappi ætti að rúlla vel í sumar.“

Að sögn Odds sá tölvudeild Bændasamtakanna um forritun-



Oddur Hafsteinsson, formaður tölvunefndar LH, segir að ekki hafi verið gerðar miklar breytingar á viðmóti Kappa, heldur á virkni hans.

MYND/JENS EINARSSON

ina en tölvunefnd LH sá um að rýna í endurbæturnar.

„Ágúst Guðjónsson, Valdimar Snorrason og Þórður Ingólfsson lögðu þar fram mikla vinnu og eiga mikið hrós skilið. Þórður hefur skrifað nýja handbók fyrir Kappa og Mótafeng og fylgir hún

með forritinu í tölvutæku formi, auk þess sem hægt verður að nálgast nýja útgáfu á heimasíðu LH: www.lhhestar.is.“

BOÐIÐ UPP Á NÁMSKEIÐ

Tölvunefnd LH mun verða með kennslu í kerfinu á næstu vikum: á Akureyri, Sauðárkróki, Ísafirði, Egilsstöðum, í Borgarnesi, á Selfossi og í Reykjavík. Kennslan fer fram í samvinnu við félögin og verður auglýst síðar á netmiðlum hestamanna og heimasíðu LH.

Oddur segir enn fremur að nú sé í mótun hvernig birta eigi úrslit af hestamannamótum, árangur knapa og hesta, á sambærilegan hátt og gert er í Worldfeng, en á forsendum gæðinga- og íþróttakeppninnar. Hann segir að þessar upplýsingar verði fljótlega aðgengilegar á nýrri síðu, sem mun taka yfir Mótafeng og þar með fá nýtt heiti: www.sportfengur.com.

Við rýmum fyrir sumar og vorvörunum


Allt að **70%** afsláttur



Flíspeysur frá 990,-
Úlpur frá 1990,-
Top Reiter reiðskór 4990,-

Úlpur, jakkar, flíspeysur og skór fyrir alla ekki bara hestamenn.
Eigum líka stórar stærðir.

Tilboðin gilda út vikuna.



TOP REITER

Ögurhvarfi 2 • 203 Kópavogur • Sími 565515



Hafrar & bygg

Pegar líður að vori taka eldishes- ar oft upp á ýmsum óknyttum í útreiðartúrnum. Það er einmitt í apríl og maí sem við heyrum sögur af fólki sem hefur dottið af baki vegna þess að hestur tók á rás, óbeðinn, eða hljóp út undan sér. Þetta á sér eðlilegar skýring- ar. Innstöðuhestar sem fá mikið og gott fóður þurfa mikla hreyf- ingu. Ef þeir fá hana ekki hleðst upp í þeim spennu, og jafnvel sjónhræðsla, sem getur brotist út með áðurnefndum hætti. Besta ráðið við þessu er að ríða meira út. Einnig er gott að leyfa hest- unum að vera úti í gerði góða stund áður en farið er á bak. Loks ætti að gæta þess að gefa ekki of kraftmikið fóður!

Annað sem gott er að hafa í huga á vorin, er að taka skafaskeifurn- ar undan sem fyrst. Þegar daginn lengir og eldið eykst í hrossunum verða þau oft ærslafengin og pirr- uð. Þau verða órólegri í stíunum og áflogasamari þegar þeim er hleypt út. Náttúran segir líka til sín á þessum árstíma, hryssurnar byrja í hestálátum. Við þessar að- stæður eykst slyshætta af völd- um skafla til muna. Það er því góð regla að setja sléttjárnin undir eins snemma og kostur er.

Þeir sem ætla að ferðast á hross- um sínum í sumar ættu nú að huga að þjálfun þeirra. Höfum við verið nógu dugleg að ríða út í vetur? Ekki var tíðin svo skemmti- leg. En það er ennþá tími til stefnu. Þeir sem eru vanir að ferð- ast þekja muninn á því að vera með þjálfuð hross og óþjálfuð. Lítið þjálfuð hestur getur hrein- lega gefist upp í lengri ferðum, auk þess sem slík áreynsla fer illa með hann. Það er því rétt að nota tímenn: Ríða út með tvo og þrjá til reiðar, fara í rekstra, – og hafa gaman að lífinu.

Að síðustu er rétt að minna á að það vorar ekki alltaf vel. Hryssu- eigendur ættu að hafa í huga að hryssa sem leidd er í lok apríl eða maí kastar í apríl eða maí. Fylsuga þarf gott og kraftmikið fóður til að mjólka vel. Ekkert fóður kemur í stað grænna grasa.

Diddi stendur með dýnunni

Notkun svokallaðra reiðdýna er nú á undanhaldi eftir að hafa verið tiskubóla í tæpan áratug. Sala þeirra hefur dregist saman og fólk velur frekar að sitja í hnakk.

Fyrstur til að ríða gæðingi í reiðdýnu í keppni var Eyjólfur Ísólffsson á Roða frá Vík á LM1974 á Vindheimamelum. Sigurbjörn Bárðarson reið aftur á vaðið á LM1998 á Markúsi frá Langholtsparti. Hann reið í dýnu sem hann hannaði í samstarfi við Jón Sig- urðsson söðlasmið. Hún fékk nafnið Didda- dýnan og er framleidd ennþá. Fleiri framleið- endur settu svipaðar dýnur á markað, en nú hefur sala reiðdýna dregist mjög saman.

TÍSKUBÓLA

Allnokkur umræða varð í lok síðustu aldar um kosti og galla hnakka af ýmsum gerðum. Töldu margir að svokallaðir spaðahnakkar væru stórskadlegir en virkislausar reið- dýnur mjög hestvænar. Segja má að í fram- haldinu hafi æði gripið um sig. Allir vildu ríða í dýnu. Nú eru flestir komnir í hnakka aftur, að vísu ekki spaðahnakka. Dýnan var tiskubóla. Það góða sem af þessu hlaut var að knapar uppgötvuðu áhrif ólíkra hnakka á hreyfimöguleika hrossa, og að sami hnakkur passar ekki öllum hrossum.



Sigurbjörn telur kosti Didda dýnunnar ótvíræða.

MYND/JENS EINARSSON

Sigurbjörn er þó enn talsmaður Diddadýn- unnar. Hann telur kosti hennar ótvíræða:

Hún sé mjög hestvæn og gefi hrossunum svigrúm til að hreyfa sig þvingunarlaust.

Einar Öder landsliðsvaldurur

Einar Öder Magnússon hefur verið ráðinn landsliðsvaldurur fyrir Norðurlandamótið í hestaíþróttum 2008. Áhersla verður lögð á að örva ung- menni til dáða.

Einar Öder hefur verið viðloð- andi íslenska landsliðið í hesta- íþróttum í meira en tvo ára- tug, ýmist sem keppandi eða liðstjóri. Hann hefur hreppst nfu gull á Norðurlandamótum, fleiri en nokkur annar íslenskur knapi. Við spurðum Einar hverjar yrðu helstu áherslur hans í vali á lið- inu.

„Það verður lögð áhersla á að örva ungmenni og upprennandi knapa til að taka þátt. Það eru að koma upp mjög sterkir ungir knapar í Evrópu. Við megum ekki sofna á verðinum. Norðurlanda- mótið eru sterk mót, ekki mikið síðri en heimsmeistaramótið. En þau er minni í sniðum og ekki eins mikil harka komin í keppn-



Einar Öder Magnússon er þálfur landsliðsvaldurur. Hér er hann að lýsa keppni í Smala í Meistaradeild VÍS.

MYND/JENS EINARSSON

ina. Þau eru því mjög ákjósanleg- ur vettvangur fyrir unga knapa sem vilja öðlast keppnisreynslu á erlendri grundu.“

STÖKKPALLUR INN Á HM

- Er eitthvað öðruvísi að keppa í útlöndum?

„Þetta eru gjörólíkar aðstæður.

Í fyrsta lagi er loftslag allt annað, mun heitara. Í öðru lagi þurfa keppendur að beygja sig undir aga sem tilheyrir því að vera í landsliði. Í þriðja lagi ertu á okunnum stað. Það er margt nýtt sem ber fyrir sjónir. Það er einfaldlega miklu meira mál að hugsa um sjálfan sig og hestinn á stóru móti í útlöndum.“

- Eru einhverjir knapar og hestar sem þú hefur augastað á, hafa einhverjir knapar meldað sig?

„Nei, þetta er svo nýtilkomið. Það eru allmargir íslenskir knapar starfandi á Norðurlöndunum. Þeir hafa oftast skipað nokkur sæti í liðinu. Ég vil undir- strika það aftur að NM er nánast skyldumæting fyrir þá. Norðurlandamótið eru góður stökkpallur inn á HM. Þar fá menn reynslu og kynningu á hestana.“ Einar Öder biður alla knapa, sérstaklega í ungmennaflokki, sem hafa áhuga á að spreyta sig á Norðurlanda- móti að hafa samband við sig.

Gleypir veginn á skeiðinu

Goði frá Þóroddsstöðum jafnaði sköpulagseinkunn fóður síns, Gára frá Auðsholtshjáleigu, síðastliðið sumar er hann hlaut 8,91 fyrir byggingu. Aðeins eitt kynbótahross skákar þeim feðgum, en það er hryssan Diva frá Gategården í Svíþjóð. Hún er með 9,02 fyrir byggingu. Goði er sammæðra stór- körlunum Hami, Þyrni og Þóroddi frá Þórodd- stöðum, sem allir eru með hæst dæmdu íslenskum stóðhestum. Þyrnir og Þóroddur hafa báðir slegið heimsmet í aðaleinkunn stóðhesta, 8,60 og 8,74.

Goði mun keppa í flokki fimm vetra stóðhesta í vor. Margir bíða spennit eftir þessum fola. Ef hann reynist eins mikill reiðhestur og bræður hans eru góðar líkur á að hann verði sá þriðji til að komast í „heimsmetabókina“. Daníel Jónsson er þjálfari Goða, en hann sýndi þá Þyrni og Þórodd fyrir kynbótadómi. Hann segir að Goði sé rúmur á öllum gangi og sérstaklega sé skeiðið mikið og gott. „Hann er rosalega skrefstór, gleypir alveg veginn á skeiðinu. Hann gæti fengið toppinkunn ef sprettur heppnast vel,“ segir Daníel Jónsson.



Goði frá Þóroddsstöðum hlaut 8,91 fyrir byggingu síðastliðið sumar.

WOODYPET ER LAUSNIN

UNDIRBURÐUR undir hestinn
13,6 kg. / 25,5 l. þóki

1 kg. af **WOODYPET** samsvarar um 4 kg. af venjulegum spæni í rakadrægni.

- WOODYPET** eyðir ammoníakslykt.
- WOODYPET** minna ryk, betri heilsa.
- WOODYPET** minnkar mokstur.
- WOODYPET** hentugt í flutningi.
- WOODYPET** spónakögglaмир 100% hreinn víður.

Söluáttar:
Fákasport Akureyri - Hestagallery Reykjavík
Hestar og Menn Kópavogi - KB Borgarnesi

BRIMCO BUGÐUTANGA 3 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



- dressed for action -

Flott föt Flott líf!

Sonnenreiter er fatnaðurinn
fyrir athafnafólk í leik og starfi.



Lynghálsi 3 Reykjavík, sími 540 1125 & Lónsbakka Akureyri, sími 540 1150

Hestamenn á netinu

FRÉTTAMIÐLAR:

www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is

STOFNANIR:

www.feif.org
www.lhhestar.is
www.holar.is
www.landsmot.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

HROSSABÚ (SÝNISHORN):

www.strandarhofud.is
www.akurgerdi.is
www.arabaer.is
www.armot.is
www.austurkot.is



Fluga frá Valshamri er móðir Flugars frá Barkarstöðum sem hér er á myndinni.

Fluga í Eyjafirði

Fluga frá Valshamri, móðir Flugars frá Barkarstöðum, varð efst í 4 vetra flokki hryssna á FM'89 á Kaldármelum. Aðall hennar var frábært skeið. Hún er með 7,63 fyrir byggingu líkt og Seimur frá Víðivöllum, Hrönn frá Godemor og fleiri. Hún er sammæðra Yrsu frá Skjál, móður Arons frá Strandarhöfði. Sonur Flugu og Arons forst tveggja vetra. Fluga er í umsjá Höskuldar Jónssonar á Akureyri sem ræktar undan henni í félagi við Stefán Tr. Brynjarsson.

Þátttökuréttur á LM2008

Landsmót ehf. vekur athygli á því að fjöldi hrossa og knapa sem eiga þátttökurétt á Landsmóti 2008 miðast við stöðu félagatals 15. apríl. Formenn hestamannafélaga eru hvattir til að huga að því ef breytingar eru á félagatali, en allar skráningar fara í gegnum skráningarkerfið FELIX. Nánar á: www.landsmot.is/index.php?pid=326

Íþróttakeppni á beinni braut

Erlingur Erlingsson, einn fremsti sýnandi kynbótahrossa hérlendis, segir knapa herða kröfur í kynbótasýningum.

„Kynbótadómar hafa þróast í það að vera íþróttakeppni á beinni braut þar sem beðið er um meiri afköst. Kröfur til reiðmennsku og þjálfunar eru nánast þær sömu.“

Þetta segir einn fremsti sýnandi kynbótahrossa, Erlingur Erlingsson í Langholti. Hann segir að það séu knaparnir sem herði kröfurnar í kynbótasýningum, ekki dómarnir.

„Hver ný góð sýning er viðmiðun fyrir dómara. Best sýnda og hæfileikamesta hrossið í fjögurra vetra flokki, til dæmis, er það sem dómara miða næst við. Reiðmennsku hefur fleygt fram. Metnaðarfullur knapi vill sífelld bæta sig, hvort sem hann hefur valið kynbótasýningar eða íþrótt- og gæðingakeppni sem sinn vett-



Erlingur á hinum þróttmikla Grunni frá Grund II í Eyjafirði, Þóroddssyni frá Þóroddstöðum. Grunnur á fjórða vetur.

vang. Ég hef enga ánægju af því lengur að ríða á hrossi sem er lítið tamið, þótt það sé mikið ríðið. Öll hross sem koma í tamningu til okkar læra grunnatriði í

fimipjálfun, líka trippin á fjórða vetur. Æfingarnar verða ekki fullkomnar hjá svo ungum hrossum. En ég kenni þeim nægilega mikið til þess að ég geti nýtt mér það í

sýningu. Fimíæfingar auka sýningaröryggi,“ segir Erlingur.

RÍÐ ORÐIÐ MEIRA VIÐ STANGIR

„Ég smíðaði mér stangir sem ég er mjög ánægður með. Þær eru með styttri kjálka, tvíliða mælum og tunguboga,“ segir Erlingur og sýnir blaðamanni hlífðargúmmi sem hann saumaði á stangirnar. Keðjan er í leðurhólk. „Ég nota stangir orðið meira en áður. Ætli það sé ekki bara eitthvað sem kemur með aldrinum. Ef maður hefur vald á báðum hliðum hestsins og afturpartinum er engin hættu á að hann festi sig á annan kjálkann eða báða. Það er hægt að hafa hest mjög sveigjanlegan til hliðanna á stöngum.“

Að venju er hesthúsið í Langholti fullt af gæðingum og gæðingsefnum. Álfur frá Selfossi er á sínum stað, sem og Kvistur frá Skagaströnd, Tenór frá Túnsbergi, Örn frá Gegnishólum, Samber frá Ásbrú, Sara frá Sauðárkróki, Álfadís frá Bakkakoti, Kría frá Litla-Landi, og fleiri og fleiri.

Stjörnur í Staðarhúsum

Nú styttest öðum í kynbótasýningar. Spádómar fara á kreik. Agnar Þór Magnússon á Staðarhúsum í Borgarfirði er einn þeirra sem hafa komið fram með flotta stóðhesta undanfarið ár.

Glymur frá Innri-Skeljabrekku sló í gegn fjögurra vetra, fékk 8,38 í einkunn. Hann varð efstur í sínum flokki á FM2005 á Kaldármelum og stóð sig vel á Landsmóti árið á eftir. Hann fékk hins vegar ekki nema 6,5 fyrir fætur.

„Ég geri alveg eins ráð fyrir því að ég fari með hann í úrtöku í A-flokki fyrir Landsmót,“ segir Agnar Þór. „Hann er sjö vetra í vor. Ég býst þó við að hann fari fyrst í kynbótadóm.“

- Mörgum leikur eflaust forvitni á að vita hvernig fæturnir reynast?

„Það er ekkert lát á þeim. Honum hefur aldrei orðið misdægurt í fótum, þrátt fyrir mikinn fótaturð. Það lítur út fyrir að einkunnin fyrir fótagerð túlki ekki styrkleika fótanna.“

KRAFTUR Í KRAFTI

Kraftur frá Þverá er besti stóðhesturinn undan Kolfinni frá Kjarnholtum. Hann setti heimsmet í flokki fjögurra vetra stóðhesta árið 2006, fékk 8,37 í aðaleinkunn.

„Kraftur er á góðu róli. Hann hefur þroskast. Hann er búinn að gera mikið og ég ætla ekki að vera með neinar yfirlýsingar um framhaldið. Það er mjög gaman að ríða á honum, mikið skref,



Kraftur frá Efri-Þverá, knapi Agnar Þór Magnússon.

rými og kraftur. Ég er með náfrænda hans líka, Ágústínus frá Melaleiti. Hann er sammæðra Drótt, móðir Krafts. Hann var sýndur í fyrra

með 8,20 í aðaleinkunn. Rúmur á öllum gangi, ekta Kolfinnur,“ segir Agnar Þór. Fleira spennandi er í húsinu hjá honum. Meira um það síðar.

Fyrsta sýningin á Króknum

Fyrsta kynbótasýning ársins verður haldin á Sauðárkróki 25. og 26. apríl. Búist er við svipaðri þátttöku og undanfarið ár. Skráning er opin til næsta föstudags, 18. apríl. Það er ævinlega mikil eftirvænting eftir fyrstu tölum ársins á kynbótahrossum, en fyrsta sýning þykir oft gefa tóninn. Steinunn Anna Halldórsdóttir, hrossaræktarráðgjafi í Skagafirði, segir að það sé kraftur í tamningafólki á svæðinu. Mörg góð kynbótahross séu í þjálfun. Hún segist þó ekki búast við miklum fjölda. „Menn nota þessa sýningu til að koma sér í gang. Koma þá frekar með ósýnd hross til að fá á þau mat, hvort vert sé að halda áfram með þau. Hinn almenni hestamaður notfærir sér þessa sýningu líka



Glæbeittir kynbótadómarar á FM07: Hallgrímur Sveinsson, Guðlaugur Antonsson og Svanhildur Hall.

frekar,“ segir Steinunn Anna. Dómarar á Króknum verða Guð-

laugur Antonsson, Svanhildur Hall og Elsa Albertsdóttir.

Hrimnir NÝJUNG

Hnakkurinn sem lagar sig að hestinum

Full Range Gullet

Narrow Medium Medium Wide Wide

Bayer Bayflex FLEX TREE THERMOSHAPED FOAM


www.hnakkar.is

ICESADDLES

Pokki og Hnokki Pandir hestaköggjar

– auðugir af biotíni og seleni

- Tvær gerðir af þöndum hestaköggjum eru framleiddar hjá Fóðurblöndunni, Þokki og Hnokki.
- Þokki er alhliða fóður fyrir alla hesta hvort sem um ræðir keppnishesta eða reiðhesta.
- Hnokki eru orkuríkir próteinsnauðir hestaköggjar sem henta sérstaklega vel fyrir holdrýra hesta sem þarf að bata.
- Köggjarnir eru stærri en hefðbundnir köggjar, ryklausir og mjög lystugir fyrir hestinn.
- Köggjarnir eru seldi í 20 kg sekkjum.



FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík sími 570 9800
FB Selfossi sími 482 3767
FB Hvolsvelli sími 487 8413
FB Egilsstöðum sími 570 9860
Bústólpi sími 460 3350
www.fodur.is



Gæðaplast sem endist

Býr þinn hestur vel...?

Nótuð og afar sterk plastborð í innréttingar og klæðningar.



Gæðaplast sem endist

Govaplast borðin eru góð lausn í innréttingum hesthúsa. Borðin eru hátækniþróuð, örugg og mjög sterk, en um leið afar auðveld í meðhöndlun og auðveld í uppsetningu. Govaplast borðin hafa sannað sig rækilega við íslenskar aðstæður í þau átta ár sem þau hafa verið hér á markaði.



Stærðir:
Lengd og þykkt
118 cm x 32 mm

Sérþöntum aðrar
lengdir eftir óskum.
Einnig fáanlegt í
28 mm þykkt

**GOVAPLAST ER GÆDAPLAST
VARIST EFTIRLÍKINGAR!**



- ◀ Gæðaplast
- ◀ Frábær ending
- ◀ Brotnar ekki
- ◀ Ekkert viðhald
- ◀ Einangrandi
- ◀ Fallegt útlit
- ◀ Auðvelt að þrifa
- ◀ Umhverfisvænt

stofnað 1968
Ragnar Valsson
Bilaklæðningar

S. 554 0040

Bilaklæðningar ehf. - Kársnesbraut 100 - 200 Kóp.
S. 554 0040 - 892 1315 - Netfang: bkl@bkl.is



Erlingur Erlingsson heimsmeistari
á hestinum Dalvari frá Auðholtshjáleigu.

DALVAR HNAKKUR FYRIR HEIMS- MEISTARA



...og þig

Hnakkurinn DALVAR er nýjasti hnakkurinn á markaðnum í dag. Hnakkurinn er hannaður af meistara Erlingi Erlingssyni í samvinnu við Hestagallery.

Dalvar er í senn frábærlega vel hannaður og stórglæsilegur í útliti. Ef DALVAR hentar heimsmeistara þá hentar hann þér. Komdu við í Hestagallery og prófaðu að setjast í þennan glæsilega hnakk.



BÍLDSHÖFÐA 12 • SÍMI: 587 8003
www.hestagallery.is

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Canon A4 30 síffurilt og blá myndavél tapaðist á lóð Vesturbæjarskóla á annan í páskum. Finnandi vinsamlegast hringi í s. 899 6803.

Tilkynningar

Ég er ungversk kona sem er búin að vera búsett á Íslandi í 17 ár!

Ég á tvær systur í Ungverjalandi sem eiga ekki heimili. Ég er búin að vera að leita að þeim í nokkur ár og fann þær loka eftir erfiða leit. Þá er ástandið ekki gott á þeim önnur þeirra er með 12 ára gamalt barn og getur ekki gefið honum að borða.

Mig langar að biðja ykkur Íslendinga um að hjálpa mér til að að halpa þeim. Uppl. gefur Elsa í s. 864 1563.

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)

Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)

Gay spjall
535-9988 (kreditkort)

Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)

Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símapjónusta

Spjalldómur

S. 908 6666

Opíð allan sólarhringinn.

ATVINNA

PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu
Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf

SMÍÐIR

Erum með vana smíði á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
Kraftafl ehf S: 840-1616

Ryðfrí stálsmiði

Stálsmiður vanur ryðfríri smíði óskast til starfa. Umsókn með nafni og síma umsækjanda má senda á netfangið: klaki@klaki.is

Upplýsingar veittar mán-fös í síma: 554-4225.



Vísir hf óskar eftir Háseta á Hrungnir GK-50 Hrungnir er línuveiðiskip með beitningarvél.

Nánari upplýsingar eru gefnar í sínum 856-5700 og 852-2350

HÚSNÆÐI ÓSKAST



Alþjóðahús óskar eftir húsnæði

Alþjóðahús leitar eftir a.m.k. 500 fm. húsnæði undir starfsemi sína til leigu eða kaups miðsvæðis í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Einar Skúlason framkvæmdastjóri í síma 530-9300, einar@ahus.is

FASTEIGNIR



Glæsileg skóverslun

Til sölu ein besta og glæsilegasta skóverslun landsins sem er með eigin innflutning og sérstakt vörumerki. Vörumerkið er þekkt fyrir einstaka hönnun, vandaða og spes skó. Hér er mjög gott tækifæri til að koma sér upp sjálfstæðum rekstri, rekstur sem býður uppá ýmsa möguleika. Verslunin er í vel staðsettu leiguhúsnæði í miðbæ Reykjavíkur.

Bergsteinn Gunnarsson Igfs.
RE/MAX TORG
bergsteinn@remax.is
s. 520 9550
gsm 897 5090

Auglýsingasími

512 50 50



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opíð virka daga kl. 9-18

TIL LEIGU

STEINHELLA - HAFNARFIRÐI



Eigum eftir til leigu tvær einingar í nýju húsi á frábærum stað rétt við Reykjanesbrautina í Hafnarfirði. Hvor eining um 330 fm. Lofthæð 8 metrar. Gott útipláss. Mikið auglýsingagildi. Húsið er tilbúið til útleigu strax.

Allar frekari uppl. á Ás fasteignasölu í síma 520 2600.

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

TIL LEIGU

Þarftu að leigja?



Hringdu í síma 440 6100 eða skoðuðu rentus.is

FUNDIR / MANNFAGNAÐIR



Aðalfundur KR - sport hf.

haldinn þriðjudaginn 22. apríl 2008 kl. 20.00 í Félagsheimili KR, Frostaskjól 2.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess sl. starfsár.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár.
- Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á starfárinu.
- Kosning stjórnar og varastjórnar.
- Kosning endurskoðenda.
- Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
- Breytingar á rekstri KR Sport hf.
- Önnur mál sem löglega eru upp borin.

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags



Aðalfundur Eflingar -stéttarfélags verður haldinn miðvikudaginn 23. apríl í Kiwanishúsinu Engjateig 11 og hefst kl. 20.00

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar. Lagabreytingar og bráðabirgðaákvæði vegna sameiningar Eflingar-stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélagsins Boðans
- Breytingar á reglugerðum sjúkrasjóðs og fræðslusjóðs
- Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sættúni 1 frá og með miðvikudeginum 16. apríl 2008.

Félagar mætið vel og stundvíslega.
Stjórn Eflingar-stéttarfélags

TILKYNNINGAR



Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018. Tillaga að breytingu vegna athafnasvæðisins við Austursíðu.

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 21 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 samþykktá í bæjarstjórn 18. mars 2008.

Breytingin fellst í því að á athafnasvæði 1.24.9A við Austursíðu verður blönduð landnotkun, athafna- og verslunarsvæði merkt 1.24.9A/V.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuaðdyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 11. apríl til 23. maí svo að þeir sem þessa óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is> undir: Stjórnkerfið/Skipulagstillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 föstudaginn 23. maí 2008 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykktur.

11. apríl 2008

Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 5.193 -1,55%	Fjöldi viðskipta: 445 Velta: 2.673 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ ICELANDAIR 1,46%	↓ ATLANTIC AIRWAYS 5,83%
365 0,74%	SPRON 5,67%
ATLANTIC PETROL 0,22%	EXISTA 3,77%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,43 -0,93% ... Bakkavör 43,85 -1,46% ... Eimskipafélagið 24,25 -2,81% ... Exista 11,73 +3,77% ... FL Group 6,82 +1,16% ... Glitnir 17,00 +1,45% ... Icelandair Group 24,35 +1,46% ... Kaupþing 825,00 -1,32% ... Landsbankinn 29,80 -1,81% ... Marel 90,50 +0,00% ... SPRON 5,49 -5,67% ... Straumur-Burðarás 12,36 -0,64% ... Teymi 4,42 -0,90% ... Össur 91,00 -1,09%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

Vogunarsjóðir hafna svindli

„Ásakanir sem þessar, um að við höfum með óeðlilegum hætti átt við verð hlutabréfa, eru mjög alvarlegar. Við neitum þeim með öllu,“ segir Andrew Honnor í viðtali við Iceland Review.

Honnor er starfsmaður almanna-tengslafyrirtækisins Tulchan Communications og talsmaður Landsdowne, eins vogunarsjóðanna fjögurra sem Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, sagði í Markaðnum í síðustu viku að hefðu staðið fyrir árásum á íslenskan fjármálamarkað.

Fréttinni, sem þýdd hafði verið á ensku á vef Iceland Review, var breytt eftir athugasemdir talsmannsins og sjóðirnir ekki lengur nafngreindir, en þeir eru auk Landsdowne, Trafalgar, Ako Capital og Cheney, allir með höfuðstöðvar í Lundúnum. - óká



XAVIER GOVARE Forstjóri Alfesca sagði í febrúar að viðræður um kaup á Oscar Mayer hefðu verið settar á salt. Viðræðum hefur nú verið slitið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alfesca hættir við Oscar Mayer

Alfesca greindi frá því í gær að viðræðum um kaup á breska matvæla-fyrirtækinu Oscar Mayer, sem framleiðir tilbúna rétti fyrir verslanakeðjur, hafi verið slitið.

Viðræðurnar fóru af stað í fyrra og átti aðeins eftir að ræða um verð þegar aðstæður versnuðu á mörkuðum í haust. Á uppgjörsfundum Alfesca í febrúar sagði Xavier Govare, forstjóri Alfesca, að kaupum hefði verið frestað í bili.

Í tilkynningu í gær segir að veruleg hækkun á hráefnisverði hafi komið niður á rekstri Oscars Mayer og leitt til þess að rekstrarumhverfi framleiðenda með tilbúna rétti í Bretlandi hafi breyst til hins verra. - jab

Sjálfkjörið í stjórn Straums

Sjálfkjörið er í stjórn Straums á aðalfundi, sem haldinn verður í dag. Eftirtaldir aðilar gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu: Björgólfur Thor Björgólfsson, sem verið hefur stjórnarformaður félagsins, Birgir Már Ragnarsson, Guðmundur Kristjánsson, Hallbjörn Karlsson og James Leitner.

Stjórn félagsins leggur til að arðgreiðsla verði 48,9 milljón evrur eða 0,0047 evrur á hlut. Arðgreiðslan nemur þrjátíu prósentum af hagnaði félagsins í fyrra. Arðurinn verður greiddur með hlutabréfum í Straumi hinn 13. maí og mun gengi hlutanna taka mið af meðalverði viðskipta með hluti í bankanum á aðalfundardegi. - bih

Ríki og bankar snúa bökum saman

Viðskiptabankar þjóðarinnar eiga stuðning ríkisstjórnarinnar vísan ef í harðbakkann slær, að því er haft er eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í viðtali við danska viðskiptablaðið Berlingske Tidende í gær.

Beðið hefur verið útspils ríkis og Seðlabanka um hvernig betur verður staðið að baki bönkunum, en ekki liggur þó enn fyrir í hvaða formi sá stuðningur verður. Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans í gær er bið eftir aðgerðum hins opinbera gagnrýnd. „Svo virðist sem tengja megi veikingu krónunnar við aðgerðaleyfi Seðlabankans, en enn hafa engar ákvarðanir verið gerðar opinberar um stækkun gjaldeyrisforðans eða um samninga við erlenda seðlabanka. Mikilvægt er að ekki þurfi að bíða mjög lengi eftir



UTANRÍKISRÁÐHERRA Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ver bankana af krafti í nýju viðtali við Berlingske Tidende og kveður ríkið standa fyllilega að baki þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

niðurstöðum í þessum málum,“ segir þar.

Í viðtalinu í Berlingske er haft eftir Ingibjörgu að þurfi til þess að koma

verðisótt bæði í ríkisstjóð og gjaldeyrisvarasjóð landsins bönkunum til stuðnings. „Algjör eining er um að snúa bökum saman með bönkunum vegna þeirra árása sem þeir hafa mátt búa við,“ segir hún og áréttar að grannt sé fylgst með athöfnum erlendra vogunarsjóða í þessum efnun.

Þá áréttar Ingibjörg Sólrún í viðtalinu að bæði bankarnir og íslenskt efnahagslíf hafi mátt sæta óréttmætri gagnrýni að hluta. „Ef við tryðum því að íslenskir bankar stæðu verr en samþærilegir bankar værum við ekki jafnreiðubúin að koma þeim til aðstoðar,“ segir hún og bendir á að staða þeirra sé á margan hátt betri en annarra banka og þeir hafi ekki orðið fyrir beinum skaða af fjárfestingum í bandarískum undirmálslánunum. - óká



Áhætta í verktöku Hver er sinnar gæfu smiður!

Ráðstefna SI á sýningunni Verk og vit 2008 fimmtudaginn 17. apríl kl. 13.00-16.00 í nýju Sýningar- og íþróttahöllinni í Laugardal.

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis

Kl. 13.00

Áhættuþættir í verktöku

Ásgeir Loftsson, yfirverkfræðingur hjá ÍSTAK

Áhættugreining og áhrif einstakra þátta

Sigurður Sigurðsson, framkvæmdastjóri Mannvirkjasviðs ÍAV

Útboð Vegagerðarinnar á yfirlögnum

Reykjanesbrautar

Sigbór Sigurðsson, forstjóri Hlaðbæjar Colas

Afleiðingar þess að meta/viðurkenna ekki áhættu

Othar Örn Petersen, LOGOS lögmannsþjónusta

Skipting fjárhagslegrar áhættu í útboðum

Landsvirkjunar

Björn Stefánsson, framkvæmdastjóri verkfræðisviðs - Landsvirkjun Power

Hvað kostar að tryggja sig framvirkt? Hvað og hvernig er hægt að tryggja?

Bjarki Rafn Eiríksson frá gjaldeyris- og afleiðumiðlun Kaupþings

Fundarstjóri:

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri BM Vallár og varaformaður SI.

Kl. 16.00

Að ráðstefnu lokinni bjóða SI gestum að vera við opnun sýningarinnar **Verk og vit 2008** kl. 16.00.



PHOTO: HELGA J. SÁ

BRESKA LEIKKONAN EMMA THOMPSON ER 49 ÁRA Í DAG.

„Fjölskylduvandamál eru oftast út af skorti á samskiptum. Einhver er ekki að hlusta.“

Emma Thompson á langan leiklistarferil að baki og hefur meðal annars unnið til BAFTA, Golden Globe og Óskarsverðlaunanna.



tímamót

timamot@frettabladid.is


PETTA GERÐIST 15. APRÍL 1912

Titanic sekkur í jómfrúarferð sinni

Pennan dag árið 1912 sökk farþegaskipið Titanic í jómfrúarferð sinni sem heitið var frá Englandi til Bandaríkjanna. Titanic var stærsta skipið sem smíðað hafði verið fram að þessu og voru 2.223 farþegar um borð.

Skipið lagði af stað frá Southampton hinn 10. apríl 1912 en rakst á borgarsjaka suðaustur af Nýfundnalandi rétt fyrir miðnætti hinn 14. apríl og sökk tveimur tímum og fjöruðu mínútum síðar, eða klukkan 2.20 hinn 15. apríl.

Um borð í skipinu voru tuttugu björgunarbátar og í þeim var pláss fyrir 1.178 manns. Farþegum var skipt í þrjú flokka eftir stétt og var



sleppt háltótmum út á hafið, sem meðal annars varð til þess að einungis 706 farþegar lifðu slysið af.

þriðji flokkurinn, sem var skipaður lágstéttarfélagi, á neðsta farrými skipsins. Þeir sem tilheyrðu hinum flokkunum voru ofar og frá þeirra farrýmum var greiðari aðgangur að björgunarbátum.

Engu að síður voru þeir ekki nýttir til fulls og var mörgum sleppt háltótmum út á hafið, sem meðal annars varð til þess að einungis 706 farþegar lifðu slysið af.

MERKISATBURÐIR

- 1803 Reykjavík verður sérstakt lögsagnarumdæmi. Rasmus Frydensberg er skipaður fyrsti bæjarfógeti.
- 1865 Abraham Lincoln, forseti Bandaríkjanna, er skotin til bana af John Wilkes Booth í Ford-leikhúsinu í Washington.
- 1927 Fyrsti Volvo-bíllinn er frumsýndur í Gautaborg í Svíþjóð.
- 1955 Fyrsti McDonald's-veitingastaðurinn er opnaður í Des Plaines í Illinois-ríki í Bandaríkjunum.
- 1990 Eldur kemur upp ofan á ammoníaktanki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Fljótlega tókst að slökkva eldinn en mikið hættuástand skapaðist.



95 ára afmæli

Í dag, þriðjudaginn 15. apríl, er

Inga Dagmar Karlsdóttir

Lönguhlíð 3.

95 ára. Hún tekur á móti gestum í Danshöllinni, Drafnarfelli 2, laugardaginn 19. apríl milli 3 og 6.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún S. Franklín

áður til heimilis að Eskihlíð 20,

lést að Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 11. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

Jens Valur Franklín
Erna G. Franklín
Esther Franklín
Stefán D. Franklín

Örn Steinsen

Vilhelmína Þorvarðardóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Margrét Finnbogadóttir

Sævangi 26, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 17. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar og MND-félagið.

Gylfi Jónasson
Finnbogi Gylfason
Jónas Gylfason
Gylfi Örn Gylfason
Sölvi Þór Jónasson
Hrafnhildur Kría Jónasdóttir

Svana Huld Linnét

Ingibjörg Valgeirsdóttir

Margrét Guðrúnardóttir

Kristján Flóki Finnbogason

Ylfa Finnbogadóttir



Yndislegi pabbi minn, sonur okkar, bróðir, mágur og barnabarn,

Sigurjón Daði Óskarsson

Kambaseli 85, Reykjavík,

sem lést af slysförum þriðjudaginn 8. apríl, verður jarðsungin frá Seljakirkju föstudaginn 18. apríl kl. 13.00. Þeir sem vilja minnst hans er bent á sjóð til styrktar litlu dóttur hans, Viktoríu Von, reikningsnúmer 0528-04-250338 kt. 181005-2460

Viktória Von Sigurjónsdóttir

Óskar Eyberg Aðalsteinsson

Þórða Berg Óskarsdóttir

Ásta Kristín Óskarsdóttir

Jóna Katrín Guðnadóttir

Þórða Berg Óskarsdóttir

Margrét Árdís Sigvaldadóttir

Gunnar Örn Arnarson

Sigvaldi Ármannsson

Birkir Baldursson

KENNARAHÁSKÓLINN OG ÞROSKAHJÁLP: BÓK UM MENNTUN ÞROSKAHAMLAÐRA

Jafnrétti í námi ekki náð

Bókin Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi, sem kom út fyrir helgi, byggir á reynslu nemenda, foreldra og fagaðila af menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi.


Í henni eru kaflar eftir fræðimenn, fagaðila og foreldra barna með þroskahömlun. Vinna við bókina, sem meðal annars hefur að geyma víðtæka rannsókn sem gerð var í öllum grunnskólum landsins, hófst árið 2002. Helstu niðurstöður benda til þess að menntun barna með þroskahömlun sé stundum ábótavant. Auk þess treysti skólastjórar sér ekki alltaf til að taka á móti þeim börnum. Þetta samræmist ekki þeirri opinberu stefnu hérlendis að nemendur með fötlun eða sérþarfir eigi rétt á sams konar skólagöngu og aðrir. Jákvæðu fréttirnar eru þær að meirihluti foreldra og barna eru ánægð með skólana. Íslenski skólinn virðist vinsamlegur og þar ríkir almenn umhyggja. „Landssamtökin Þroskahjálpar óskuðu eftir að Kennaraháskóli Íslands kannaði menntun nemenda með þroskahömlun á landinu,“ segir Grétar L. Marinósson, prófessor í sérkennslufræðum við Kennaraháskóla Íslands og ritstjóri bókarinnar. Hópur innan Kennaraháskólans tók verkefnið að sér og síðan bættist við fólk frá Þroskahjálp, Reykjavíkurborg og öllum skólastigum.

„Við vorum því bæði með fólk úr fræðunum, fólk sem starfar á vettvangi og foreldra barna með þroskahömlun,“ segir Grétar og rekur ferlið við gerð rannsóknarinnar sem bókin byggir á.

„Fyrst gerðum við athugun á meðal valdra skóla á öllum skólastigum til að átta okkur á því hverju fólk hefði áhyggjur af og hvað það teldi mikilsvært. Í framhaldi af því lögðum við spurningakönnun fyrir í öllum skólum landsins og fyrir alla foreldra þroskahamlaðra barna sem vildu taka þátt.“

Í ljós komu mikilvægar niðurstöður. Þar má nefna að það sem virðist greiða fyrir því að nemendur fái menntun við hæfi í flestum almennum skólum er að þeir eru velkominir í skólann, að fáir nemendur eru á hvern kennara, fagmannlega er unnið með nemendum og að menning skólans mótast af umhyggju og stuðningi.

Það sem hins vegar virðist draga úr



MARGRÉT FINNBOGADÓTTIR Höfundar bókarinnar eru þrettán talsins en Grétar L. Marinósson, prófessor í sérkennslufræðum við Kennaraháskóla Íslands, ritstýrði henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

því að menntun þeirra sé sambærileg við þá sem ófatlaðir nemendur fá er skortur á fjármagn og sérþekkingu kennara. Skólinn á erfitt með að stuðla að félagslegum samskiptum nemenda með og án fötlunar og ófaglærðir starfsmenn verja oft drýgstum tíma fullorönnu með þessum nemendum.

Grétar segir niðurstöðurnar meðal

annars munu nýtast sem grunnur að stefnumörkun, en um þessar mundir sé verið að móta stefnu um sérskóla í Reykjavík. „Auk þess vonast ég til þess að bókin geti nýst þeim sem stunda nám í þessum fræðum. Hún er einnig gott dæmi um stóra rannsókn sem sett er í fræðilegt samhengi,“ segir Grétar.

vera@frettabladid.is



Hjartanlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langaafa,

Kristján Páls Sigfússonar

Kleppsvægi 2, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 14. mars. Sérstakar þakkir til starfsfólks dagvistunar við Vitatorg og deildar A-2 á hjúkrunarheimilinu Grund fyrir einstaka hjúkrun, alúð og umhyggju.

Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir

Bragi G. Kristjánsson

María Anna Kristjánsdóttir

Erna Eiríksdóttir

Jesús S. H. Potenciano

Barnabörn og barnabarnabörn.



Ástríður Hafliðadóttir

Stléttuvegi 13,

sem lést að Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 5. apríl, verður jarðsungin frá Fella- og Hólaþakirkju miðvikudaginn 16. apríl kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Fél. aðst. Alzheimerssjúklinga, s. 898-5819 og 533-1088.

Jóna Ágústsdóttir

Hafdis Ágústsdóttir

Guðmundur K. Ágústsson

Ástrún B. Ágústsdóttir

Helgi Gunnarsson

Hjördís Birgisdóttir

Guðmundur Á. Arnbjarnarson

barnabörn og barnabarnabörn.

AFMÆLI



Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands er 78 ára í dag.



Skúli Helgason framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar er 43 ára í dag.



Karl Steinar Valsson aðstoðaryfirloegluþjónn er 45 ára í dag.



Ari Matthíasson leikari er 44 ára í dag.

NAFNÍÐ MITT: KOLFINNA BALDVINSDÓTTIR

Illu við að hitta aðrar Kolfinnur

Sjónvarpskonan Kolfinna Baldvinsdóttir ber nafn með rentu en hún er dökk á brún og brá.

„Ég hef alltaf haldið því fram að það veiti manni ákveðna sérstöðu að bera sérstakt nafn og hef ég alltaf verið afskaplega ánægð með nafnið mitt,” segir Kolfinna.

Pegar hún var lítil var hún nánast ein um nafnið en um miðjan níunda áratuginn fóru nöfnur hennar að spretta fram. „Nú er ég farin að hitta Kolfinnur á förunum vegi og er mér alltaf jafn illa við það enda þykist ég eiga nafnið sjálf,” segir Kolfinna og rifjar

upp ljóð eftir Hallfreð vand-ræðaskáld sem hann orti til sinnar heittelskuðu Kolfinnu sem hann gat ekki eignast.

„Oft ég Kolfinnu kyssti, kom í selið – og gisti. Blóðheitir munnar mættust. Maður og kona sættust. Tvö hjörta þar eiða unnu. Tveir andar þar saman runnu. Tveir líkamar urðu að einum. – Ást er heitust í meinum.”

Kolfinna segist stundum grínast með það að lögð hafi verið álög á hana með nafngiftinni. „Mér hefur alltaf fundist ást í meinum skemmtilegust,” segir hún og hlær.



SNERTIR ALLA Opinn fundur um þunglyndi fer fram á fimmtudag á vegum Fræðslunefndar Félagsráðgjafafélags Ísland.

Uppspretta nýs þroska?

Fræðslunefnd Félagsráðgjafafélags Íslands stendur fyrir opnum fundi á fimmtudag næstkomandi á Grand hótél. Yfirskriftin er Þunglyndi – uppspretta nýs þroska?

Fram kemur Vigdís Grímsdóttir rithöfundur, sem nefnir sitt innlegg: Hundakæti og guð hvað þú getur verið leiðinleg. Þar segir hún frá reynslu sinni af þunglyndi.

Þarnaest talar Anna Rós Jóhannesdóttir, MSW og félagsráðgjafi á geðdeild, um Fjölskyldubruna sem er þverfaglegt þróunarverk efni á geðsviði Landspítalans. Að endingu talar Auður Axelsdóttir, iðjubjálfi og forstöðumaður Geðheilsu-Eftirfylgd, um aukin valmöguleika og frá miðstöðinni sem hefur verið þróuð út í samfélaginu í samstarfi við geðfatlaða og aðstandendur.

Að lokum taka við umræður og fyrirspurnir. Fundarstjóri er Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi og félagsráðgjafi. Fundurinn stendur klukkan 8.15-10.

Skráning er hjá Oktavíu Guðmundsdóttur, gjaldkera fræðslunefndar á netfanginu oktavia@fef.is Hægt er að greiða beint inn á reikning nefndarinnar á nr.1158-26-060212, kt. 430775-0229, kr. 2.500 og kr. 1.000 fyrir nema og lífeyrisþega.

Fram undan er einnig aðalfundur Fagdeildar félagsráðgjafa á fræðslu- og skólaskviði þriðjudaginn 29. apríl næstkomandi kl. 14 til 16 í húsnáttum Félagsráðgjafafélags Íslands, Borgartúni 6.

Páll Ólafsson er formaður félagsins.

Allar nánari upplýsingar um starfsemi félagsins er að finna á heimasíðunni. www.felagsradgjof.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við veikindi og andlát elsku sonar okkar, bróður og barnabarns,

Jakobs Arnar Sigurðarsonar
Dyngsölum 10, Kópavogi.

sem lést hinn 9. mars sl. Sérstakar þakkir færur við þeim sem veittu honum fyrstu hjálp, starfsfólki gjörgæslunnar í Fossvogi og séra Guðmundi Karli Brynjarssyni.

- | | |
|-------------------------|---------------------|
| Herdís Þorlákssdóttir | Sigurður M. Jónsson |
| Rafnar Örn Sigurðarson | Drengur Sigurðarson |
| Sigríður Guðmundsdóttir | Þorlákur Jóhannsson |
| Eyrún Hafsteinsdóttir | Jón Sigurðsson |
- og aðrir aðstandendur.



Faðir okkar
Dr. med. Hans Svane
yfirlæknir,

f. 29. apríl 1922, lést 12. apríl 2008 í Frederiksværk í Danmörku. Útför fer fram frá Frederiksværk Kirke fimmtud. 17. apríl kl. 11. Jarðsett verður í Marstal á Ærø laugard. 19. apríl.

F.h. fjölskyldunnar Brynja, Frida og Ellen Svane.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar föður okkar,

sr. Gunnars Gíslasonar
frá Glaumbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis aldraðra á Sauðárkróki fyrir vináttu og góða umönnun.

Gunnar, Ólafur, Arnór, Margrét, Gísli og fjölskyldur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sverrir Arngrímsson
kennari, Kópavogsbraut 51,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 17. apríl kl. 13.00.

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| Áslaug Jóelsdóttir | Guðmundur H. Friðgeirsson |
| Guðný Sverrisdóttir | Trausti Aðalsteinn Egilsson |
| Margrét Sverrisdóttir | Guðfinna Guðnadóttir |
| Guðrún Vigdís Sverrisdóttir | Ragnhildur Pála Tómasdóttir |
| Jóel Sverrisson | Steinþóra Guðmundsdóttir |
| Sveinn Áki Sverrisson | |
| Arngrímur Sverrisson | |
- barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Ingibjörg Aradóttir
áður til heimilis að Öldugötu 33, Hafnarfirði,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 4. apríl, verður jarðsöngin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 17. apríl kl. 13.00.

- | | |
|---------------------------|--------------------|
| Kristín Ingunn Jónsdóttir | Baldur Sveinsson |
| Kristinn Friðrik Jónsson | Edda Jóhannsdóttir |
| Ingibergur Gunnar Jónsson | Júlía Magnúsdóttir |
| Lilja Björk Jónsdóttir | Lárus Þór Jónsson |
- barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar og amma,

Guðbjörg María Magnúsdóttir

Eyjarvegi 8, Flateyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 11. apríl sl. Útförin fer fram frá Flateyrarkirkju laugardaginn 19. apríl kl. 14.00.

- Valgeir Jóhannes Ólafsson
Gunnar Magnús Ólafsson
Vigfús Birgir Valgeirsson
Ásgeir Örn Valgeirsson
Guðbjörn Már Valgeirsson
Jóhann Haukur Gunnarsson
Sandra Halldórsdóttir.



Ástkær eiginkona mín,

Sveinlaug Júlíusdóttir

Vallargerði 36, Kópavogi,

andaðist á Landakotspítala aðfaranótt 10. apríl. Jarðsett verður frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 17. apríl kl. 15.00.

Gylfi Hinrik Ásgeirsson




Okkar ástkæri faðir, afi, tengdafaðir og bróðir,

Haukur Hauksson
Stuðlaseli 3, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 16. apríl kl. 13.30.

- | | |
|--------------------------|------------------------------|
| Jóna Margrét Hauksdóttir | Kolbeinn Gísli Bergsteinsson |
| Alda Ósk Hauksdóttir | Sandra Dögg Þórudóttir |
| Einar Haukur Hauksson | |
| Sigurveig Hauksdóttir | |
| Guðný Helga Árnadóttir | |
| Inga Eygló Árnadóttir | |
| Þorsteinn Árnason | |
| Brynja Árnadóttir | |
| Guðrún Árnadóttir | |
| Árni Árnason | |



Eiginmaður minn og faðir okkar

Einar Þorgeirsson

skrúðgarðyrkjumeistari, Heimalind 28, Kópavogi,

lést af slysförum föstudaginn 11. apríl.

- Sigrún Edvardsdóttir
Runólfur Einarsson
Laufey Karitas Einarsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

ÁST Í samstarfi við Vesturport
10 - 11 - 17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

ALLAR SÍÐUSTU
SÝNINGAR

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



Tilkynning

til sjóðfélaga í Aldursdeild (áður Stigadeild) Lífeyrissjóðs bankamanna

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna vill vekja athygli á breytingu sem varð á réttindakerfi Stigadeildar með nýjum samþykktum sem tóku gildi 1. janúar 2008 og heitir deildin Aldursdeild frá þeim tíma. Með breytingunni er horfið frá stigakerfi og í stað þess tekið upp aldurstengt réttindakerfi. Með tilkynningu þessari vill stjórnin vekja sérstaka athygli á 37. gr. samþykktar sjóðsins þar sem kveðið er á um að réttindamunur sjóðfélaga, sem hugsanlega myndast milli stigakerfisins og aldurstengda kerfisins verði jafnaður með greiðslum inn á séreignarlífeyrissparnað. Þar sem einungis er um jöfnun framtíðarréttinda að ræða, þá á þetta einungis við um þá sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld til deildarinnar í desember 2007 og hafa ekki hætt iðgjaldagreiðslum til deildarinnar.

Með yfirlitum, sem eru að berast sjóðfélögum, fylgir eyðublað, sem er beiðni um greiðslu áunninnar fjárhæðar, sem sjóðfélagi hugsanlega á rétt á, til vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Er hér með skorað á þá sjóðfélaga, sem vilja koma til álita við úthlutun uppbotar, að skila beiðni þessari til skrifstofu sjóðsins, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík FYRIR 30. APRÍL 2008. Sjóðurinn mun síðan á næstu vikum senda sjóðfélögum Aldursdeildar bréf, þar sem fram kemur hvort viðkomandi á rétt til séreignarframlags skv. 37. gr. samþykktanna.

Að öðru leyti vill stjórnin benda á samþykktir sjóðsins sem nálgast má á vefsíðu hans: www.lifbank.is.

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna.



Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík • Sími 569 0900
Fax 569 0909 • lifbank@lifbank.is • www.lifbank.is

39,3%

Allt – Atvinna

24,5%

Atvinna – Morgunblaðið

Við stöndum upp úr

Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára

Atvinna í boði...

...alla daga



STUÐ MILLI STRÍÐA Hver er sannur Íslendingur?

FREYR GÍGJA GUNNARSSON Á ALDREI EFTIR AÐ BYGGJA HÚS



Í uppeldisbók frá síðustu öld var þeirri kenningu haldið á lofti að enginn væri Íslendingur nema hann hefði byggt sér sitt eigið hús. Hann væri ekki orðinn fullgildur meðlimur í hinu íslenska þjóðfélagi fyrr en hann hefði eytt öllum sínum frítíma í að minnsta kosti þrjú ár í að reisa sér híbýli úr steinsteypu. Hann mætti vissulega njóta þjónustu einhverra fagmanna en þeir væru fyrst og fremst nothæfir til þess að vísa vegginn. Einstaklingurinn yrði að gera nánast allt sjálfur.

Þegar hann hefði þrælað öllum fjölskyldumeðlimum út í að naglhreinsa spýtur, eða fengið einhvern nákominn sér í að sigrast á lofthæðslunni með því að standa uppi á frekar völtum stillans með hamar eða pensil í hendi, þá fyrst gæti hann staðið beinn í baki með þanda bringu meðal samlanda sinna og sagst vera Íslendingur. Það er að segja, ef hann væri búinn að kaupa sér jeppa og snjósleða ofan á allt saman. Ekki væri verra ef þau hjónin hefðu átt stund með hjónabandsráðgjafa eftir að allt fór nánast til fjandans vegna nýja hússins.

Sama uppeldisbók hefur nú verið endurskoðuð og gefin út, og þess er ekki lengur krafist að

menn byggi sér sín eigin hús. Fjölskyldurnar geta því andað léttar, enda þurfa þær nú eingöngu að bera kassa niður af fjórðu hæð og upp á aðra þegar einhver þarf að flytja, en þurfa ekki að vera með hamar og sög við höndina. Í dag er nefnilega enginn fullgildur Íslendingur nema hann láti útlanding byggja hús fyrir sig. Í dag dettur engum það í hug að byggja sér sitt eigið hús. Í dag telst maður Íslendingur ef maður hefur lent í olíusamráði, er með lánardrottina á bakinu, himinháa yfirdráttarheimild og húsnaðislán á ofurvöxtum. Ekki sakar heldur ef billinn er á VISA-láni, snjósleðinn í vanskilum og konan, tja, ætli hún sé ekki bara farin.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SVARTHOL Einn af refsigrípum Þjóðminjasafnsins.

Refsingar á Íslandi

Glæpir eru engin nýlunda á Íslandi og því þarf engan að undra að opinberar refsingar eigi sér einnig langa sögu. Eðli refsinga hefur þó nokkuð breyst í aldanna rás, sem betur fer segja sumir, og því líklegt að ýmis refsitöl fortíðarinnar komi nútímafólki spánskt fyrir sjónir. Þeir sem hafa sérlegan áhuga á þessum málum ættu að nota tækifærið í dag og skreppa á Þjóðminjasafnið í hádeginu, en þá mun Árni Björnsson ganga með gestum um grunnsýningu safnsins og skoða ýmsa gripi sem tengjast opinberum refsingum hér á landi.

Opinberar refsingar þekktust ekki á Íslandi fyrr en landsmenn urðu þegar Noregskonungs, enda ekkert framkvæmdavald í landinu fram að því. Þó gefa heimildir til kynna að refsigleði Íslendinga hafi verið mest á sautjándu og átjándu öld.

Leiðsögn Árna hefst kl. 12.05 og er öllum opin. - vþ



MALMÖ Skipulag Västra-hafnarinnar þykir til fyrirmyndar.

Skipulagið í Malmö rætt

Norræna húsið stendur nú í apríl og maí fyrir áhugaverðri dagskrá um byggingarlist og borgarskipulag á Norðurlöndunum undir yfirskriftinni Byggingarlist í brennidepli: Mannlíf í miðborg. Svo mikið er víst að nú um mundir er skipulag miðborgar Reykjavíkur talsvert hitamál og því hafa eflaust margir áhuga á að kynna sér skipulagsfordæmi annarra borga betur. Tækifæri til þess gefst einmitt í dag, en þá mun Göran Rosberg frá skrifstofu byggingafulltrúa Malmö í Svþjóð halda framsögu um varanlega borgarþróun og nota sem dæmi skipulagið á Västra-höfninni í Malmö, en hún þykir afskaplega vel heppnuð.

Rosberg flytur erindi sitt á ensku í Norræna húsinu kl. 17. - vþ

Kvikmyndir í Hafnarhúsi

Tvær heimildarmyndir hollenska kvikmyndaleikstjórans John Appel verða sýndar í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu á fimmtudagskvöld kl. 20 að viðstöddum leikstjóranum. Myndirnar eru The Last Victory frá 2004 og The Promised Land frá 2001. Að sýningum loknum verður boðið upp á umræður og fyrirspurnir. Fyrr um daginn, eða klukkan 12 á hádegi, mun Appel halda opinn fyrirlestur í Hafnarhúsinu um gerð handrita fyrir heimildarmyndir. Aðgangur að viðburðunum er ókeypis og öllum opin á meðan húsrúm leyfir. - vþ

Ný saga eftir Dumas

Dag einn á níunda áratug síðustu aldar var fræðimaðurinn Claude Schopp við störf á gömlu frönsku bókasafni þegar hann rakst óvænt á bréf sem reyndist býsna merkilegt. Bréfið var frá nítjándu aldar rithöfundinum Alexandre Dumas, sem skrifaði sögurnar um Skyttarnar Þrjár og Greifann af Monte Cristo, og í því kom fram að hann hafði skrifað skáldsögu sem aldrei kom út á bók. Næstu árin fóru í viðamikla og erfiða leit að verkinu, sem virtist hafa gleymst að Dumas látnum, en Schopp tókst á endanum að hafa uppi á sögunni og búa hana til útgáfu. Reyndar entist Dumas ekki aldur til þess að skrifa síðasta kaflann,

en hafði blessunarlega skilið eftir sig ítarlegar glósur um framvindu frásagnarinnar. Því greip Schopp til þess ráðs að bæta sjálfur kaflanum við.

Sagan er þegar komin út í Frakklandi og hefur þar selst afar vel. Hún kemur út í enskri þýðingu í næsta mánuði og gert er ráð fyrir að hún veiki ekki minni lukku í hinum enskumælandi heimi, enda er Dumas vinsælasti rithöfundur sem Frakkland hefur af sér getið, þó að nokkuð sé reyndar deilt um listrænt ágæti sagna hans.

Í enskri þýðingu nefnist bókin The Last Cavalier og segir frá ævintýrum Hectors de St

Hermine, sem er ungur hermaður í her Napóleons Bonaparte. Af bréfaskriftum Dumas að dæma hafði hann í hyggju að skrifa hið minnsta fjórar bækur um St Hermine, og því er skáldsagan ókláraða sem nú er komin fyrir augu almennings í raun bara fyrsta bindið. Schopp hefur þó búið svo um hnútana að lesendur munu ekki þurfa að bíða lengi eftir næsta bindi þar sem hann tók sjálfur að sér verkið, en hefur að sjálfsögðu glósur Dumas sér til halds og trausts. - vþ

ALEXANDRE DUMAS Viðlesnasti franskirithöfundur allra tíma.



VOR / SUMAR 2008

TREK

2008 árgerðirnar eru komnar - Full búð af hjólum fyrir alla fjölskylduna

vistvænasti ferðamátinn

er hagkvæmasti kosturinn!

Hjól að í vinnuna

- Engin mengun ● Njóttu umhverfisins á nýjan hátt
- Engin eldsneytiskostnaður ● Hreyfing fyrir alla fjölskylduna
- Lágmarks viðhaldskostnaður ● Eykur úthald og þol
- Frábær líkamsrækt og fitubrennsla ● Verndaðu náttúruna



TREK 820 fjallahjól
Stell: Cromoly stál
Dempari: RST 191 C6, 63mm
Gírar: 21, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16", 18", 19.5", 21", 22.5"
Stærðir dömu: 16", 19.5"
Litir: blátt / blágrátt og svart / hvítt
Verð kr. 29.990,-



TREK 3700 fjallahjól
Stell: Alpha ál
Dempari: RST 191 C6, 63mm
Gírar: 21, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16", 18", 19.5"
Litir: Perluhvítt og grænt / Svart og perluhv. og rautt
Verð kr. 34.990,-



TREK 3700 fjallahjól
Stell: Alpha ál
Dempari: RST 191 C6, 63mm
Gírar: 21, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16", 18", 19.5", 21", 22.5"
Litir: Perluhvítt og grænt / Svart og perluhv. og rautt
Verð kr. 34.990,-



TREK 3900 fjallahjól
Stell: Alpha ál
Dempari: InSync Grind 1 m/preload, 70mm
Gírar: 24, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16", 18", 19.5", 21", 22.5"
Stærðir dömu: 16", 19.5"
Litir: Svart og grátt
Verð kr. 39.990,-



TREK 4300 fjallahjól
Stell: Alpha SL-ál
dempari: RST Gila T6 m/preload, 80mm
Gírar: 24, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16", 18", 19.5", 21", 22.5", 24"
Stærðir dömu: 16", 18.5"
Litir: Ljósfiólublár og perluhvítt
Verð kr. 49.990,-



TREK Navigator 2.0 götuhjól
Fjórðun í sæti og breiður hnakkur
Hægindastóll á hjólum fyrir dömur og herra
Gírar: 21, keðjuhlíf
Litir: Rautt / silfur
Verð kr. 39.990,-



TREK Navigator 3.0 götuhjól
Stell: Alpha ál
dempari: RST CT-COM I C5, 50mm
gírar: 24, keðjuhlíf
Stærðir herra: 16.5", 18.5", 21"
Stærðir dömu: 16", 18.5"
Litir: Svart og grátt / grænt
Verð kr. 51.990,-



TREK 7100 götuhjól
Stell: Alpha ál
Dempari: RST CT-COM I C5, 50mm
Gírar: 2, keðjuhlíf
Stærðir herra: 17.5", 20", 22.5"
Stærðir dömu: 16", 18.5"
Litir: blátt/silfur / nikkel og dökkbrúnt
Verð kr. 49.990,-

SAMA VERÐ UM LAND ALLT
PANTAÐU Á NETVERSLUNINNI
WWW.ORNINN.IS
OG FÁÐU HJÓLIÐ SENT HEIM...

Gildir um land allt nema höfuðborgarsvæðið

fyrir alla fjölskylduna
ÖRNINN
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verskstæði Sími 588 9891

Visa-, Euro greiðslur
Opíð alla laugardaga 10-16 Kíktu á www.orninn.is

> EIGNAÐIST ÞRÍÐJA SONINN

Ástralska leikkonan Cate Blanchett hefur eignast sinn þriðja son. Fæðingin átt sér stað í Sydney í Ástralíu og gekk hún vel. Sonurinn hefur verið nefndur Ignatius Martin Upton. Blanchett og eiginmaður hennar Andrew Upton eiga fyrir synina Dashiell, sem er sex ára, og hinn þriggja ára Roman. Hin 38 ára Blanchett sést næst á hvíta tjaldinu í ævintýrmyndinni Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull sem verður frumsýnd í maí. Þar leikur hún á móti hinum gamalreynda Harrison Ford.

fólk

folk@frettabladid.is



Aðdáendur mjaka Íslandi ofar

OGAE (Organisation générale des Amateurs de l'Eurovision) er stærsti aðdáendaklúbbur Eurovision-keppinnar. Klúbburinn er með útibú í 37 löndum og keppast þau nú við að senda frá sér sínar spár yfir sigurstrangleustu lögin. Klúbbarnir gefa stig á sama hátt og gert er í sjálfri keppinni, tólf stig mest. Nú þegar fjórtán klúbbar hafa sent inn spár stendur Svíþjóð uppi með langflest stig, 125 talsins. Það er sem kunnugt er Selmuhrellirinn Charlotte Perrelli sem syngur sænska lagið í ár og reynir að landa sínum öðrum sigri. Næstu lönd standa Svíþjóð langt að baki, en armenska lagið er í öðru sæti með

75 stig. Armenar eru að taka þátt í þriðja skipti og senda þjóðlegt nútímapopp í flutningi söngkonunnar Sirusho, sem fékk að syngja öll lögin fimm sem tóku þátt í undankeppinni. Úkraína er í þriðja sæti með 64 stig, en þeirra lag er gegnheit nútímapopp með Abba-víðlagi sungið af Ani Lorak.

Eurobandið kemur ágætlega út úr spám Euro-nördanna og hækkar sig sífellt. Nú erum við í sjötta sæti með 53 stig, og munar þar miklu um stig frá kypversku aðdáendum sem gáfu okkur átta stig í gær. Með stígunum frá þeim fórum við fram úr Norðmönnum. Aðrir

sem hafa verið okkur góðir eru breskir, andorrskir og norskir aðdáendur, sem gáfu okkur 8 stig, og aserskir euro-nördar sem gáfu okkur 7 stig.



Spár aðdáendaklúbba eru oft nokkuð nærri lagi. Til dæmis hafði serbneska laginu sem vann keppina í fyrra verið spáð öðru sætinu. Reyndar flöskuðu nördarnir illilega á laginu sem þeir spáðu sigri í fyrra. Kypverska lagið sem átti að vinna komst ekki einu sinni upp úr undankeppinni.

SIGRAR CHARLOTTE AFTUR?
Aðdáendum þykir það líklegast.

38 DAGAR TIL STEFNU

Samdi lag fyrir þýska listakonu

Tónlistarkonan Fabúla hefur samið lag við ljóð þýsku myndlistarkonunnar og rithöfundarins Frederike „Freddy“ Hesselmann, Little Moon. Hesselmann, sem stefnir á doktorsnám við Háskóla Íslands, hefur sett upp myndlistarsýningu í Hámu á



FABÚLA OG FREDERIKE Tónlistarkonan Fabúla og hin þýska Frederike Hesselmann eru góðar vinkonur.

Háskólatorginu, en hún hófst í gær og lýkur í dag. Með henni vill hún vekja athygli á félaginu Skyn, sem aðstoðar fólk með sértæka námsörðugleika. Sjálf er Frederike með tegund heilalömunar sem veldur einkennum sem minna á Asperger-heilkenni.

„Hún er með merkilegri manneskjum sem ég hef kynnst og það var yndislegt að gera þetta lag fyrir hana,“ segir Fabúla, sem frumflutti lagið á Háskólatorginu í gær. „Hún hafði samband við mig á Myspace í fyrra og vildi taka við mig víðtal fyrir þýskt tímarit. Hún kom svo til landsins og höfum við haft talsvert samband síðan og erum orðnar miklar vinkonur,“ segir Fabúla.

Frederike, sem upplifir tónlist í litum, hefur notað lög Fabúlu sem innblástur við sum verka sinna en hún segir hana eina af sínum eftirlætissöngkonum. „Ég hvet fólk til að fara á sýninguna og tala við Freddy til að fá nánari innsýn í myndirnar,“ segir Fabúla, sem heldur þrenna tónleika í London í maí. „Þetta kom upp í framhaldi af Airwaves-tónleikum síðastliðið haust. Þá kynntist ég umboðsmanni í London sem hefur áhuga á tónlistinni minni. Þetta verður fyrsti anginn af fyrirhugaðri Evrópuferð,“ segir Fabúla, sem ætlar að hefja upptökur á nýrri plötu á næstunni.



SUNGIÐ FRÁ SEX ÁRA ALDRI Sigurður Þór Óskarsson, sigurvegari keppinnar, hefur sungið frá sex ára aldri, en hyggst einbeita sér að leiklist í framtíðinni.

MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

Fyrsti sigur Versló

Verslunarskóli Íslands fór með sigur úr bítum í söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fór á Akureyri síðastliðinn laugardag. Sigurvegarinn hyggst hafa sönginn á hliðarlínunni og einbeita sér að leiklist.

Þrjátíu og tveir framhaldsskólar tóku þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fór á Akureyri á laugardag. Annað sætið féll í skaut Ingunni Kristjánsdóttur, fulltrúa Fjölbrotaskóla Norðurlands Vestra, og þriðja sætið hreppti Dagur Sigurðsson úr Fjölbrotaskólanum við Armúla.

Það var hins vegar Sigurður Þór Óskarsson, fulltrúi Verslunarskóla Íslands, sem kom sá og sigraði með flutningi sínum á íslenskrí útgáfu lagsins The Professor eftir Damien Rice. Hann braut þar með blað í sögu skólans, því þetta er í fyrsta skipti sem Versló vinnur keppina. „Þetta var reyndar bara í þriðja skiptið sem við keppum, því þar

sem Versló er einkarekinn skóli fengum við lengi ekki að taka þátt,“ útskýrir Sigurður. Hann segir stemninguna fyrir söngkeppninni því miður afar takmarkaða í skólanum. „Ég held að það sé af því að það er engin hefð fyrir þessu, það eru ekki nema tvö ár síðan við tókum fyrst þátt. En hún hlýtur að fara að aukast núna, við skulum að minnsta kosti vona það,“ segir hann og hlær við.

Sigurður hefur verið í sögnámi í FÍH undanfarið ár, en hann kveðst hafa verið syngjandi frá sex ára aldri. „Systir mín er líka í tónlist, og hún kom mér út í þetta. Við höfum spilað saman og komið aðeins fram líka,“ segir Sigurður. Hann hefur tekið þátt í þremur uppfærslum Verslunarskólans á söngleikjum, nú síðast sem Kræbeibi, en hyggst hafa sönginn á hliðarlínunni í framtíðinni. „Ég var að komast inn í leiklistardeild LHÍ og ætla að einbeita mér að því námi. Það sakar hins vegar auðvitað ekki að hafa sönginn líka,“ segir Sigurður.

sunna@frettabladid.is

Yrsa seld til Noregs

„Þar með er ljóst að þessi glæpasaga Yrsu kemur út á að minnsta kosti sjö erlendum tungumálum, en áður hefur verið samið um útgáfu á þýsku, pólsku, grísku, sænsku og um allan hinn spænskumælandi heim. Þá standa yfir samningaviðræður við forlög víða um lönd,“ segir Pétur Már Ólafsson útgefandi hjá Veröld.

Gengið hefur verið frá samningum um útgáfu á Ösku eftir Yrsu Sigurðardóttir í Noregi og Danmörku. Aska er þriðja skáldsaga Yrsu og segir Pétur að hún hafi verið ein mest seld bók síðustu jólaferðarátt. „Hún hlaut góða dóma, meðal annars fimm stjörnur í Fréttablaðinu,“ segir Pétur, að vonum ánægður með höfund sinn.

Frumraun Yrsu sem glæpasagnahöfundar, Þriðja táknið, kom út árið 2005 og er engin íslensk skáldsaga eftir núlifandi höfund væntanleg á fleiri tungu-



YRSA SIGURDARDÓTTIR Aska hennar ferðast nú um heiminn og fylgir í kjölfar Þriðja táknsins en engin skáldsaga núlifandi íslensks höfundar hefur komið út á fleiri tungumálum.

málum að sögn Péturs: „Þau eru nú orðin fleiri en þrjátíu talsins. Sér grefur gróf kemur um þessar mundir út víða um heim en útgáfu-rétturinn á henni hefur verið seldur á fjórtán tungumálum. Þetta var jafnframt fyrsta bók Yrsu til að komast inn á erlenda metsölu-lista en það gerðist bæði í Þýskalandi og Austurríki.“

-jfb

APRÍLTILOBOÐ Á
ALLRAHANDAKORTUM &
NAFNSPJÖLDUM
500STK VERÐ FRÁ AÐEINS

40%
AFSLÁTTUR

6.953 KR
MEÐ
VSK

5.585 KR
ÁN
VSK



Við erum östruvísi!

ELSKUM AÐ
HANNA

prentun.com

EINFALT OG ÁRANGURSRÍKT

REYKJAVÍK
Sími: 5276500

REYKJANESBÆ
Sími: 4210001

KÓPAVOGI
Sími: 5522930

HORNAFIRÐI
Sími: 4782052

Dýrustu seldust upp Barist um nektarmynd Bruni

Dýrustu miðarnir á tónleika James Blunt í Laugardalshöll 12. júní í A plús-svæði eru uppseldir þrátt fyrir að hafa kostað 14.900 krónur stykkið. Tvö hundruð slíkir miðar voru í boði.

„Það er bara til fólk sem á peninga sem vill sitja á allra besta stað. Þetta voru bara tvö hundruð sæti og þarna ertu tryggður fyrir miðju mjög nálægt sviðinu,“ segir tónleikahaldarinn Ísleifur B. Þórhallsson, sem er mjög ánægður með miðasölu á heild sinni. Um eitt þúsund miðar eru óseldir af þeim 3.500 sem voru í boði. „Það er gott að miðarnir séu að seljast þótt gengið hafi fallið. Fólk þarf alltaf að lyfta sér upp og skemmta sér. Fólk er ekki að kaupa sér ný



JAMES BLUNT Um 2.500 miðar hafa selst á tónleika James Blunt í Laugardalshöll 12. júní.

hús og nýja bíla þannig að það hlýtur að eiga einhvern pening til að skella sér á tónleika,“ segir hann og hlær.

Nektarmynd af Cörlu Bruni seldist á 45 þúsund pund, andvirði um 6,6 milljóna íslenskra króna, á uppboði hjá Christie's á dögnum. Talið var að myndin færi á andvirði um 450 þúsunda íslenskra króna.

Nektarmyndin komst í fréttirnar á dögnum þegar tilkynnt var að hún yrði boðin upp á sama tíma og Bruni kom í fyrstu opinberu heimsókn sína til Englands sem eiginkona Frakklandsforseta, Nicolas Sarkozy. Það var kínverskur listsafnari sem vann myndina á uppboðinu, sem var afar vel sótt. Hinn þýski Heiko Roloff, frá tímaritinu Bild, sagðist mjög vonsvikinn að hafa orðið af kaupunum. „Ég hefði keypt

myndina og gefið Frakklandsforseta hana,“ sagði hann við fréttastofuna ITN. „Það hefði verið bæði fallegt og mjög góð saga,“ sagði hann.

Myndin af Bruni sló þó ekki sölumat á uppboðinu, því það var nektarmynd af Gisele Bündchen sem fór fyrir hæsta verðið. Hún seldist á um 98 þúsund pund, eða um 14,5 milljónir íslenskra króna.



EFTIRSÓTT CARLA Nektarmynd af frönsku forsetafrúnni Cörlu Bruni seldist á um 45 þúsund pund á uppboði hjá Christie's á dögnum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Meint fórnarlamb ber ekki vitni

Fórnarlamb fjárkúgunartilraunarinnar, sem hinn hálf-íslenski Ian Strachan er grunaður um ásamt Sean McQuigan, mun ekki þurfa að bera vitni í réttarhöldunum sem hefjast í London í dag.



IAN STRACHAN

Strachan og McQuigan eru sakaðir um að hafa reynt að kúga fé út úr meðlimi bresku konungsfjölskyldunnar. Breskir fjölmiðlar

mega ekki greina frá nafni meints fórnarlamb, en samkvæmt bandarískum miðlum er um að ræða David Lynley, sem er stjórnarformaður uppboðsfyrirtækisins Christie's.

Lögmaður Strachans, Giovanni Di Stefano, hafði leitað eftir því að meint fórnarlamb bæri vitni, og greindi frá því í viðtali við Daily Mail að feðgarnir Karl Bretaprins og Filippus, eiginnmaður Elísabetar drottningar, gætu einnig lent á vitnalista sínum. Embætti ríkissaksóknara hefur hins vegar, samkvæmt blaðinu Telegraph, komið í veg fyrir að fórnarlambið beri vitni. Ekki kemur fram hvort það nái einnig yfir Karl Bretaprins og Filippus.



PROM NIGHT Grímuklæddur morðingi eltir uppi fjóra unglíngja í hryllingsmyndinni Prom Night.

Prom Night á toppinn

Hryllingsmyndin Prom Night, sem er endurgerð samnefndrar myndar frá 1980, var aðsóknarmesta myndin vestanhafs um síðustu helgi. Myndin fjallar um grímuklæddan morðingja sem reynir að koma fjórum unglíngum fyrir kattarnef.

Fyrri myndin skartaði Jamie Lee Curtis í aðalhlutverki en Brittany Snow fetar í fótspor hennar í endurgerðinni. Hún lék síðast snobbuðu stelpuna Amber van Tussle í söngvamyndinni Hairspray.

Í öðru sæti yfir aðsóknarmestu myndirnar var löggudramað Street Kings með Keanu Reeves í aðalhlutverki og í þriðja sæti var myndin 21.

„30.000 blaðberar bara byrjunin“ segja útgefendur Fréttablaðsins

NÝTT Í BIÓ!

2 VIKUR AÞORPNUM Í USA!

Megnu mynd byggð á sönnunartúrnum um hóp nemenda sem sérhæfdu sig í að læra og tjá fjölskið 21 með það markmiði að hreinsaspillu Verandi Végis!

Jim Sturgess Kate Winslet Laurence Fishburne and Kevin Spacey

Frábær gamanmynd þar sem gert er grin af ofurhetjumyndir samtíms; myndum eins og Spider-Man, Fantastic Four, X-Men og Batman!

Fró þjáinn sem færðu ýkkur SCARY MOVIE og NAKED GUN

21

BIÓDAGAR GRÆNA LÓSSINS

REGNBOGINN 3 VIKUR 11. - 30. APRIL 12 KVIKMYNDIR

ELITE ★★★★★ "Trillingslegt hæfahægt fjandráttur" - SV, Mbl

DOOMSDAY ★★★ S.V. - MBL

FANTASTIC FOUR

THE KITE RUNNER

THE OTHER BOYLEIN GIRL

SMÁRA BIÓ SIMI 564 0000

REGNBOGINN SIMI 551 9000

HÁSHÓLA BIÓ SIMI 530 1919

BORGAR BIÓ SIMI 462 3500

Titill	KL	Tal	Ástæða
21	kl. 5:20-8-10:35	12	
21 LUXUS	kl. 5:20-8-10:35	12	
SUPERHERO MOVIE	kl. 4-6-8-10	7	
DEFINATELY MAYBE	kl. 5:30-8	16	
VANTAGE POINT	kl. 8-10:10	16	
SHUTTER	kl. 10:30	16	
HORTON	kl. 4-6		ÍSLENSKT TAL
THE AIR I BREATHE	kl. 6	16	
TROPA DE ELITE	kl. 5:30-8	16	ENSKUR TEXTI
SURFWISE (MYNDVARP)	kl. 6		ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL
CARAMEL	kl. 6	16	ENSKUR TEXTI
THE KING OF KONG	kl. 8	16	ÍSLENSKUR TEXTI
LAKE OF FIRE (MYNDVARP)	kl. 8	16	ENSKUR TEXTI
BEAUFORT	kl. 8	14	ENSKUR TEXTI
THE BAND'S VISIT	kl. 10		ENSKUR TEXTI
LIVING LUMINARIES (MYNDVARP)	kl. 10:15		ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL
BELLA	kl. 10:20		ENSKUR TEXTI
THE AGE OF IGNORANCE	kl. 10:40		ENSKUR TEXTI
SUPERHERO MOVIE	kl. 6-8-10	7	
VANTAGE POINT	kl. 8	16	
THE ORPHANAGE	kl. 6	16	
THE EYE	kl. 10	16	

Nýtt í bió

LAUGARAS BIÓ - bara lúxus

50 KR. AFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIÐANN A midi.is

Titill	KL	Tal	Ástæða
THE RUINS - POWER	kl. 8 og 10	16	
DEFINATELY, MAYBE	kl. 5:45, 8 og 10:15	L	
THE EYE	kl. 8 og 10	16	
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 6	7	
HORTON - ÍSLENSKT TAL	kl. 6	L	

Nýtt í bió

LAUGARAS BIÓ - bara lúxus

50 KR. AFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIÐANN A midi.is

50 KR. AFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIÐANN A midi.is

50 KR. AFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIÐANN A midi.is

50 KR. AFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BIÓMIÐANN A midi.is

SAMBIO.is SAMBIÓN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

STÓRA PLANID

SHINE A LIGHT

RUINS

FOOL'S GOLD

Titill	KL	Tal	Ástæða
STÓRA PLANID DIGITAL	kl. 6D - 8D - 10:10D	10	
SHINE A LIGHT	kl. 8 - 10:30	L	
RUINS	kl. 8 - 10:10	16	
FOOL'S GOLD	kl. 5:40 - 8 - 10:30	7	
DOOMSDAY	kl. 8	VIP	
10.000 BC	kl. 10:30	16	
10.000 BC	kl. 8	12	
10.000 BC	kl. 10:10	VIP	
THE BUCKET LIST	kl. 6	7	
UNDRAHUNDURINN M/ISL TAL	kl. 6	L	
STEP UP 2	kl. 5:40	7	
STÓRA PLANID DIGITAL	kl. 6D - 8D - 10D	10	
SHINE A LIGHT	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	L	
FOOL'S GOLD	kl. 8 - 10:20	7	
JUNO	kl. 6	7	

Til heiðurs Alice

Tónleikar til heiðurs bandarísku rokksvéitinni Alice in Chains verða haldnir á Organ í kvöld. Söngvarar verða Jens Ólafsson úr Brain Police og Kristófer Jónsson úr Lights on the Highway.

Tónleikarnir munu skiptast í tvo hluta. Í fyrri hlutanum verða lög Alice in Chains leikin á órafmögnum hljóðfæri en í þeim síðari verður rokkað af meiri krafti. Þetta er í annað sinn sem sungið er til heiðurs Alice in Chains hérlendis en síðustu tónleikar voru haldnir fyrir nokkrum árum við góðar undirtektir. „Það var kominn dágóður tími og þess vegna var ákveðið að dusta rykið af þessu,“ segir gítarleikarinn Franz Gunnarsson, sem segist hafa fengið margar beiðnir um að endurtaka leikinn.



Alice in Chains Tónleikar til heiðurs Alice in Chains verða haldnir á Organ í kvöld.

Alice in Chains gaf út þrjár stórar plötur ásamt þremur litlum plötum áður en söngvarinn Layne Staley lést árið 2002. Sveitin, sem hefur verið tilnefnd til sjö Grammy-verðlauna, hefur nýlega tekið aftur til starfa og er ný plata í smíðum. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.30 og kostar 1.000 krónur inn.

Miðar seldir á Paul Simon

Miðasala á tónleika Paul Simon í Laugardalshöll 1. júlí hefst í dag. Paul er þekktur fyrir að vera annar hluti dúettsins Simon & Garfunkel sem söng lög á bórð við Sound of Silence, Mrs. Robinson, America og Bridge Over Troubled Water. Eftir að uppi úr slitnaði milli þeirra Art Garfunkel hóf Simon vel heppnadan sólóferil.

Með Paul Simon á tónleikum verður einvalið hljóðfæraleikara enda er hann þekktur fyrir að safna að sér bestu mönnum í faginu í hvert sinn.

Miðaverð á tónleikana í Höllinni er 6.900 krónur í stæði og 11.900 í stúku og fer miðasala fram á midi.is.

Stórtónlistarfjölskylda Íslands saman á sviðinu

Afmælissár FTT verður slegið inn í næstu viku með tónleikum sem haldnir eru til heiðurs Gunnari Þórðarsyni, Ólafi Hauki og Ólafi Gauki. Stærsta tónlistarfjölskylda Íslands mun í tengslum við þetta tónleikahald vera saman á sviði Íslensku óperunnar.

„Hið formlega afmælishald hefst 17. apríl að viðstöddu fjölmenni með hátíðardagskrá. Bláu augun þín. Tribute til McCartney Íslands og tveggja textahöfundanna hans,“ segir Jakob Frimann Magnússon formaður Félags tónskálda og textahöfundanna.

Afmælissári FTT, sem nú er kvartaldargamalt, verður fagnað með margvíslegum hætti. En formlega slegið inn með hátíðartónleikum í Íslensku óperunni þar sem höfundarverk Gunnars Þórðarsonar, Ólafs Hauks og Ólafs Gauks Þórhallsóðssonar verða flutt undir yfirskriftinni Bláu augun þín. Við þetta tækifæri, að loknum tónleikum, verða þeir þrír gerðir að heiðursfélögum í FTT og mun forseti Íslands sæma þá félagi heiðursfélaganafnbótinni.



ELLEN, EYBÓR OG FJÖLSKYLDA Stærsta starfandi tónlistarfjölskylda og sú rytmiskasta á landinu, að sögn Jakobs. KK vantar á myndina. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

„Já, Gunninn, Haukurinn og Gaukurinn,“ segir Jakob. „Gunnar er náttúrulega svar Íslands við McCartney. Og Ólafur Haukur og Ólafur Gaukur hafa gert texta við lög hans auk þess að hafa sjálfir sett saman frábær lög. Eybór Gunnarsson er aðalúsetjari og þarna verða frábærir söngvarar í stórum hópum, allt frá Stefáni Hilmarsyni til Lay Low. Svavar Knútur og Högni úr Hjaltalín. En það sem er ekki síst sérstakt er að stærsta

starfandi tónlistarfjölskylda landsins og sú rytmiska þó víðar væri leitað. Þori ég að fullyrða. Hún verður öll á sviðinu,“ segir Jakob. Og vísar þar til hjónanna Eybórs og Ellenar Kristjánsdóttur. „Já, Skaftahlíðarstórfjölskyldan Eybór og Ellen, Sigríður, Elín og Elísabet Eybórsdætur og Eybór Ingi Eybórsóson – tíu ára slagverksmaður – Þorsteinn tengdasonur úr Hjálmum og KK mágur.“

jakob@frettbladid.is

RÖDD BARNSINS

Ráðstefna í Borgarleikhúsinu

18. apríl 2008

KL. 9:00-17:00

Gott leikskólustarf byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem áhersla er lögð á virðingu og traust. Brynt er að hlusta á raddir allra sem hlut eiga að máli, barna, foreldra og starfsfólks. Á ráðstefnunni verður fjallað um leiðir til að hlusta á raddir barna og tryggja að þau hafi áhrif á viðfangsefni sín og umhverfi.

Fyrirlesarar:

- Sue Dockett prófessor við Charles Suart háskólann í Ástralví
- Jóhanna Einarsdóttir prófessor við KHÍ
- Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi í Garðabæ
- Anne Trine Kjörholt fræðimaður við Háskólann í Prándheimi
- Kristín Dýrfjörð lektor við Háskólann á Akureyri

Ráðstefnustjóri Margrét María Sigurðardóttir umboðsmaður barna. Þátttökugjald 15.000 kr. Dagskrá og skráning á www.congress.is

Reykjavíkurborg Leikskólasvið

RannUng

Opið í dag frá kl. 9 til 18

Nú áttu 300.000 kr. útborgun upp í Ford 4x4

Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu notaðan Ford 4x4.

Allt að 90% fjármögnun. 100% 6 mán. ábyrgð.



Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir notaðan Ford 4x4

Breyttu druslunni í Ford 4x4 í dag

Allt að 90% fjármögnun á betri bíl frá Brimborg

100% 6 mán. ábyrgð á Ford 4x4

Við kaupum hvaða druslu sem er á heilar 300.000 krónur, kaupir þú notaðan Ford 4x4 hjá Brimborg í dag. Komdu bíldrslunni í verð.

Druslan öðlast nýtt 4x4 líf í dag

Nú áttu útborgun upp í notaðan Ford 4x4

Komdu bíldrslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í Ford 4x4 fyrir sumarið. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrsluna og settu 300 þúsundkallinn upp í notaðan Ford 4x4 hjá Brimborg. Bara ein bíldrslu upp í hvern Ford 4x4. Allt að 90% fjármögnun. 100% ábyrgð í 6 mánuði.

Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

Komdu druslunni í verð í dag

Kaupum hvaða druslu sem er

300.000 krónur fyrir drusluna upp í Ford 4x4

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldrslu sem er á heilar 300.000 kr. kaupir þú notaðan Ford 4x4 hjá Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í Ford 4x4 tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

> Ægir Hrafn til Gróttu

Varnartrölli af Hlíðarenda, Ægir Hrafn Jónsson, skrifaði í gærkvöldi undir tveggja ára samning við 1. deildarlið Gróttu. Ægir hefur spilað vel í vörn Vals síðustu tímabil og kemur klárlega til með að styrkja Gróttu.

„Það er mikill hugur í okkur að koma með sterk lið í efstu deild á næstu tveim árum. Ætlum að byggja á þeim mönnum sem fyrir eru en bæta við okkur réttum mönnum til að styrkja liðið enn frekar til afreka en munum samt ekki vanrækja unglíngastarfið. Munum halda áfram að hlúa að okkar strákum og byggja á þeim,“ sagði Arnar Þorkelsson, formaður meistaraflokksráðs karla hjá Gróttu.



sport
sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSKONAN RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR: ÍHUGAR TILBOÐ UM AÐ LEIKA ERLENDIS EFTIR TÍMABIL

Hef stefnt að því að leika erlendis síðan ég var lítil

Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirlíði Stjórnunar og íslenska landsliðsins, hefur lengi verið ein besta handknattleikskona landsins, en hún íhugar þessa dagana tilboð um að gerast atvinnumaður í handbolta og fara erlendis eftir að hafa leikið með Stjórnunni frá unga aldri.

„Ég er með tilboð í höndunum frá liði á Norðurlöndunum sem ég er að fara yfir í rólegheitunum. Ég er ekkert búin að ákveða eins og er en ég get ekki neitað því að ég hef stefnt að því frá því ég var lítil að fara í atvinnumennsku og leika erlendis. Ég er náttúrliga mjög spennet fyrir því að láta reyna á þetta og mun gera það einhvern tímann en veit ekki hvort þetta sé rétti tíminn fyrir mig,“ sagði Rakel Dögg, sem hefur átt við erfið meiðslu að stríða í vetur.

„Þetta hefur verið mjög erfitt tímabil fyrir mig út af axlarmeiðslum sem ég er búin að glíma við miklu lengur en vonir stóðu til um. Fyrst átti þetta bara að taka einhverjar sex vikur, en ég er enn



ekki búin að ná mér að fullu eftir tæpa fjóra mánuði. Ég fór síðast í sprautu í síðustu viku sem gerði það að verkum að ég missti af tveimur leikjum. Ég er því ekkert búin að geta æft né spilað á fullu í vetur og það tekur á bæði líkamlega og andlega. Af þeim sökum er ég aðeins efins um að fara strax út í atvinnumenskuna,“ sagði Rakel Dögg, sem er vitanlega enn með hugann við toppbaráttu N1-deildarinnar þar sem Stjarnan heldur pressunni á Fram.

„Við Stjórnustúlkur getum alveg verið sáttar eftir að hafa staðið okkur vel í Evrópukeppninni og unnið Eimskjipsbikarinn og erum enn með í baráttunni um Íslandsmeistaratilinn. Framstúlkur er náttúrliga búin að spila frábærlega í vetur og við erum í smá eltingarlek við þær, en það er bara staða sem við höfum komið okkur sjálfar í og við verðum bara að klára okkar leiki og sjá til hverju það skilar. Fimmtudagurinn gæti ráðið miklu með hvernig þetta fer þegar Fram mætir Val og það verður bara að koma í ljós,“ sagði Rakel Dögg að lokum.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla:

Snæfell-Grindavík 116-114
Stig Snæfells: Sigurður Þorvaldsson 39 (7 frák.), Slobodan Subasic 23, Justin Shouse 21 (14 stoð, 7 frák.), Hlynur Bæringsson 18 (17 frák., 7 stoð), Magni Hafsteinsson 6, Anders Katholm 6, Árni Ásgeirsson 3.
Stig Grindavíkur: Adama Darboe 32 (13 stoð), Jamaal Williams 27, Páll Axel Vilbergsson 19, Helgi Jónas Guðfinnsson 15, Þorleifur Ólafsson 8, Páll Kristinsson 7, Igor Beljanski 6.

Enska úrvalsdeildin:

Chelsea-Wigan 1-1
1-0 Michael Essien (55.), 1-1 Emile Heskey (90.).



GRÁTI NÆST Michael Essien átti erfitt með að leyna tilfinningum sínum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Dýrt jafntefli hjá Chelsea:

Heskey skoraði í uppbótartíma

FÓTBOLTI Chelsea mistókst að minnka forskot Manchester United á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í gær þegar Wigan sótti liðið heim á Stamford Bridge.

Michael Essien kom Chelsea yfir en Emile Heskey jafnaði fyrir Wigan í uppbótartíma. Steve Bruce, stjóri Wigan, fagnaði markinu hreint ógurlega enda var hann að koma sínu gamla liði til aðstoðar enda forysta Man. Utd nú fimm stig. „Svona er fótboltinn. Ef maður setur ekki annað markið og heldur ekki einbeitingu gerast svona hlutir,“ sagði Avram Grant, stjóri Chelsea. „Við erum enn með í baráttunni. Þetta verður vissulega erfiðara núna en við munum berjast allt til enda.“ - hbg

N1 DEILD KARLA
Þriðjudagur 15. apríl
Ásvellir kl. 19:15
Haukar - Akureyri
Vestmannaeyjar kl. 19:15
ÍBV - Afturelding
Framhús kl. 20:00
Fram - Stjarnan
Vodafone höllin kl. 20:00
Valur - HK

Við erum með heitasta liðið

Snæfellingar tryggðu sér þáttökurétt í úrslitarimmi Iceland Express-deildar karla eftir ævintýrlegan sigur á Grindavík, 116-114, eftir framlengingu. Justin Shouse skoraði sigurkörfu Snæfells í Fjárhúsinu í gær.

KÖRFUBOLTI Snæfellingar sendu Grindvíkinga í sumarfrí með 116-114 sigri í framlengdum leik. Það var rífastemning í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í gærkvöld og ljóst að mikið var í húfi fyrir bæði lið. Snæfell var að reyna að vinna sér þáttökurétt í úrslitarimmunni og Grindavík að reyna að halda lífi í einvíginu og knýja fram oddaleik í Grindavík.

Geof Kotila, þjálfari Snæfells, hafði ítrekað það í fjölmiðlum undanfarið að lykillinginn að sigri Snæfellinga í einvíginu væri góður varnarleikur og að ef stigaskorið héldist lágt væri Snæfell sigurstranglegra liðið.

Leikurinn var hins vegar hraður og opinn þar sem sóknarleikurinn var í fyrirrúmi hjá báðum liðum og staðan var 29-28 heimamönnum í vil í lok fyrsta leikhluta. Skotveislan hélt áfram í öðrum leikhluta þar sem gestirnir sigu hægt og rólega fram úr og allt virtist ganga upp hjá þeim, bæði sóknarlega og varnarlega. Sóknarlega munaði mestu um þriggja stiga skotin þar sem Páll Axel Vilbergsson, Adama Darboe og Helgi Jónas Guðfinnsson reyndust drjúgir. Varnarlega voru svo Jamaal Williams og Páll Kristinsson að halda vel aftur af Hlyni Bæringssyni en staðan var 49-62 gestunum í vil í hálfleik.

Hárfagrir Hólmarrar: Rakvélin er í geymslunni

KÖRFUBOLTI Að fyrirskipun framherjans Anders Katholm hafa Snæfellingar ekki skert andlitshár sitt síðan úrslitakeppnin byrjaði og það hefur staðist hingað til og mun að öllu óbreyttu halda áfram í úrslitarimmunni. Leikmenn Snæfells verða því væntanlega vígalegir þegar Íslandsmótinu lýkur loksins. - óþ



SIGURREIFIR Leikmenn Snæfells fögnuðu sigrinum ótrúlega gegn Snæfelli vel og lengi í Fjárhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heimamenn reyndu hvað þeir gátu að komast aftur inn í leikinn en náðu mest að minnka forskot gestanna í sjö stig í þriðja leikhluta og eftir það sigu gestirnir enn og aftur fram úr og munurinn orðinn sextán stig, 70-86, þegar þriðja leikhluta lauk.

Heimamenn voru hins vegar ekki af baki dottnir og náðu með mikilli baráttu að komast aftur inn í leikinn og gera lokamínúturnar æsispennandi en munurinn var kominn niður í fjögur stig, 95-99, þegar þrjár og hálf mínúta lifði leiks. Sigurður Þorvaldsson, sem átti frábæran leik, kom Snæfellingum yfir 103-102 þegar tæpar tvær mínútur voru eftir.

Staðan var svo jöfn 106-106 þegar fjórutíu sekúndur voru eftir en hvorugt liðið náði að nýta sér tímann til að skora og því þurfti að framlengja.

Spennan hélt áfram í framlengingunni og staðan var 114-114 þegar tæpar þrjátíu sekúndur voru eftir. Justin Shouse steig þá upp og kom Snæfelli yfir 116-114 þegar rétt rúmar tíu sekúndur voru eftir á klukkunni. Grindvíkingar reyndu þriggja stiga skot en það geigaði og Snæfellingar eru því komnir í úrslitarimmuna og það ræðst á morgun hvort mótherjarnir verða ÍR eða Keflavík.

Grindvíkingurinn Helgi Jónas var að vonum súr í leikslok enda leiddu Grindvíkingar leikinn að stórum hluta.

„Við spilum þetta frá okkur og það er of dýrt að gera það í tveimur leikjum í einvíginu eins og nú er komið í ljós,“ sagði Helgi

ósáttur. Justin Shouse, hetja Snæfellinga, var vitanlega hæstánægður í leikslok.

„Við sýndum frábæra baráttu að komast aftur inn í leikinn og þrátt fyrir að Kotila sé eflaust ekki sáttur með að við höfum ekki haldið mótherjanum í áttatíu stigum í leikum þá sýndum við og sönnuðum að við getum spilað

góðan sóknarlek,“ sagði Shouse, sem á enga óskamótherja í úrslita-einvíginu.

„Að mínu mati erum við með heitasta liðið á þessu ári og ég held að það skipti ekki máli hvort við mætum ÍR eða Keflavík ef við spilum okkar leik,“ sagði Shouse sigurreifur í leikslok.

omar@frettabladid.is



ERUÐ ÞIÐ EKKI Í SAMA LIÐI? Snæfellingar börðust svo grimmt undir lokin að þeir gáfu félögum sínum ekki einu sinni eftir í fráköstunum. Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson taka hér létta rimmu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hádegisfyrirlestur ÍSÍ
Íþróttamiðstöðin í Laugardal, E-salur föstudaginn 18. apríl nk. frá kl. 12.00-13.00. Margrét Lilja Guðmundsdóttir kynnr niðurstöður rannsóknarinnar „Ungt fólk 2007“ m.t.t. íþróttaiðkunar. Fyrirlesturinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir. Sjá nánar á www.isi.is

Innanbúðarátök hjá Liverpool stigmagnast á hverjum degi:

Rafa Benitez vill skýr svör frá stjórnendum félagsins

FÓTBOLTI Það virðist allt loga stafna á milli á skrifstofum Liverpool. Þrátt fyrir ágætt gengi innan vallar þessa dagana er lítil stemning hjá eigendum og knattspyrnustjóra félagsins.

Eigendurnir bandarísku – George Gillett og Tom Hicks – tala ekki lengur saman, annar þeirra vill reka Rick Parry framkvæmdastjóra og nú hefur enn fremur komið í ljós að Parry sat fund með eigendum í nóvember þar sem þeir hittu Jürgen Klinsmann að máli.

Rafa Benitez, knattspyrnustjóri félagsins, er eðlilega ekki kátur með að æðstu yfirmenn félagsins séu að hitta aðra þjálfara án hans vitundar.

„Ég mun ræða við stjórn félagsins eins fljótt og mögulegt er. Ég er mjög rólegur en vil fá skýr svör. Ég get ekki neitað því að vera hissa yfir því sem ég hef verið að lesa. Ég vil hreinsa andrúmsloftið og fá skýra sýn á þá stöðu sem er uppi. Ég mun spyrja ákveðinna spurninga. Ég mun ræða við þá og það ætla ég að gera sem fyrst. Við erum að tala um daga eða jafnvel klukkutíma,“ sagði Benitez eftir sigurleik Liverpool gegn Blackburn um helgina.



TOM HICKS OG GEORGE GILLETT Samstarf eigenda Liverpool hefur hriðversnað síðustu vikur og í dag talast þeir ekki við. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Varúðarráðstafanir að tala við Klinsmann

Ástæðan fyrir fundahöldunum með Klinsmann var staða Benitez hjá félaginu en á þessum tíma gekk liðinu mjög illa í deildinni og útlit var fyrir að liðið kæmist ekki áfram í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.

Það var samt ekki fyrr en í janúar síðastliðnum



RAFA BENITEZ Knattspyrnustjóri Liverpool er ekki sáttur við ástandið í herbúðum félagsins þessa dagana. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


sem Tom Hicks, annar eigandi Liverpool, viðurkenndi að fundurinn hefði farið fram en þá var talið að aðeins hann

hefði hitt Klinsmann. Hicks sagði að viðræðurnar hefðu verið varúðarráðstafanir ef Benitez myndi hverfa á braut.

Rick Parry ku ekki hafa verið hrifinn af þessum viðræðum við Klinsmann og á að hafa varað eigendurna við að allt yrði vitlaust ef það lækki út að þeir hefðu hitt Klinsmann. Það hefur nú gerst. Parry fór á endanum til fundarins í Bandaríkjunum en af því að honum var skipað að fara. Hann segist vera til í að ræða við Benitez.

„Ég er miklu meira en til í að setjast niður með Rafa og fara yfir þessa stöðu,“ sagði Rick Parry framkvæmdastjóri en ljóst má vera að eitthvað mun undan láta á næstunni í öllum þessum hasar.

- hbg



TYSON Vill miðla af reynslu sinni og hjálpa Gazza. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Gascogne í vandræðum:

Tyson til í að hjálpa Gazza

FÓTBOLTI Hnefaleikakappinn alræmdi Mike Tyson hefur boðist til þess að veita Paul Gascoigne aðstoð og ráðgjöf hafi hann áhuga. Gazza var lagður inn á geðsjúkrahús á dögunum og Tyson telur sig hafa það sem þarf til að aðstoða hina föllnu knattspyrnuhetju.

„Ég veit allt um Gazza og tel mig geta hjálpað honum. Mörgum íþróttamönnum hefur gengið illa í einkalífni og ég er þar á meðal. Þess vegna vil ég hjálpa. Ég tel að Gazza sé enn stórstjarna og er til í að hitta hann ef hann vill,“ sagði Tyson, sem heldur fyrirlestra í Englandi þessa dagana.

- hbg

Meistaránám í íþrótt- og heilsufræði

Nám sem veitir tækifæri til að vinna að rannsóknnum og þróunarstarfi á sviði íþrótt og heilsu

MENNTAVÍSINDASVIÐ www.khi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

ÍSLENSKA SÍÐISFRSK 41965 04/08

EGILS GULL - FERSK UPPLIFUN!

LÉTTÖL

GOTT FÖLKÖLGERÐIN

> **Giovanni Ribisi**

Ribisi hefur í gegnum tíðina verið þekktastur fyrir leik sinn sem yngri bróðir Phoebe í Friends-þáttunum. Hann á þó að baki margar vel heppnaðar myndir, til dæmis *The Virgin Suicides*, *Lost Highway* og *Saving Private Ryan*. Fyrir leik sinn í þeirri síðastnefndu rataði Ribisi meira að segja á forsiðu *Vanity Fair*. Ribisi leikur í myndinni *Flight of the Phoenix* sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.



VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR TIL NORÐURLANDANNA

Hvar er allt menningarefnið?

Mikið var gaman að horfa á opunarathöfn nýja óperuhússins í Noregi í norska ríkissjónvarpinu á laugardagskvöld. Athöfnin vakti tilhlökkun þar sem við Íslendingar fáum vonandi að horfa á svipaða athöfn í Sjónvarpinu innan skamms, þegar nýja tónlistarhúsið við höfnina verður opnað. Þar verður þó líkast til ekki sama áhersla lögð á óperuflutning, en það er annað mál.

Hin Norðurlöndin standa okkur Íslendingum svo mikið framar á flestum sviðum að það er til lítills fyrir okkur að bera okkur saman við þau. Þau standa sig til dæmis betur í framleiðslu bitastæðra sjónvarpsþátta sem fjalla um menningu og listir. Ekki svo að skilja að það litla framboð menningarlegs efnis sem íslenskar sjónvarpsstöðvar bjóða upp á sé skelfilegt; Egill Helgason og Þorsteinn J. standa sig með stakri þrýði hjá Sjónvarpinu og Sigmundur Ernir er með menningarhorn í spjallþættinum sínum á Stöð 2, en Skjár einn hefur tekið ákvörðun um að snúa sér

mestmegnis að erlendu efni. Sumsé, umfjöllun um menningu og listir er af skornum skammti í íslensku sjónvarpi og til að mynda eru engir þættir sem fjalla um tónlist eða myndlist. Það má lengi verja þetta ástand mála með því að við Íslendingar séum svo fírir og að það sé svo dýrt að framleiða sjónvarpsefni. Vert er þó að benda á að við höfum þrátt fyrir fólksfæðina burði til að halda úti þremur stórum sjónvarpsstöðvum og nokkrum minni. Einnig

hefur kostnaður við gerð sjónvarpsefnis lækkað umtalsvert undanfarinn áratug eða svo með tilkomu stafræna framleiðsluáæfinga. Síðast en ekki síst má benda á að ríkisrekna sjónvarpsstöðin okkar lifir ekki aðeins af afnotagjöldum heldur einnig af auglýsingatekjum, ólíkt ríkissjónvarpsstöðvum hinna Norðurlandabjóðanna.

Orsök takmarkaðs framboðs af menningarefni í íslensku sjónvarpi er því væntanlega frekar sú að dagskrárstjórar sjónvarpsstöðvanna eru með íþróttir, vinsældir og Bandaríkin á heilanum.



dagskrá

EKKI MISSA AF



20.10 Skólahreysti SKJÁREINN



20.20 Hell's Kitchen STÖÐ 2



20.30 Michael Owen STÖÐ 2 SPORT



22.00 The General's Daughter STÖÐ 2 BÍÓ



22.25 Njónnadeildin SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 15.35 Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum
- 16.05 Sportið
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Táknálfur
- 17.30 Púkka (3:26)
- 17.51 Hróturinn Hreinn (13:40)
- 18.00 Geirharður bojng bojng
- 18.25 Undir ítalskri sól (4:5)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Veronica Mars (13:20) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.
- 20.55 Á móti þránni - Marianne Greenwood ljósmyndari Heimildarmynd eftir Titti Johnsson og Helga Felixson um óvenjulegt lífshlaup ljósmyndarans Marianne Greenwood.

- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Njónnadeildin (1:10) (Spooks VI) Breskur sakamálaflökkur um úrválsveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir með annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones og Hermione Norris. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

- 23.15 Mannaveiðar (4:4)
- 00.00 Kastljós
- 00.50 Dagskrárlök

BÍÓ

- 06.00 Flight of the Phoenix
- 08.00 Hot Shots!
- 10.00 I'm With Lucy
- 12.00 D.E.B.S.
- 14.00 Hot Shots!
- 16.00 I'm With Lucy
- 18.00 D.E.B.S.
- 20.00 Flight of the Phoenix
- 22.00 The General's Daughter Spennumynd. Líðsforinginn Paul Brenner verður að taka á honum stóra sínum þegar hann fær hrottalegt morðmál til úrlausnar.
- 00.00 Tristan + Isolde
- 02.05 From Dusk Till Dawn 3
- 04.00 The General's Daughter

STÖÐ 2

- 07.00 Justice League Unlimited
- 07.25 Ofurhundurinn Krypto
- 07.50 Kalli kanína og félagar
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 La Fea Más Bella
- 10.35 Extreme Makeover: HE (22:32)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours (Nágrannar)
- 13.10 Corkscrewed (3:8)
- 13.35 My Life Without Me
- 15.20 Sjáðu
- 15.55 Kringlekast
- 16.20 Shin Chan
- 16.40 Ginger segir frá
- 17.03 Justice League Unlimited
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours (Nágrannar)
- 18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag og íþróttir
- 19.30 The Simpsons
- 19.55 Friends (6:24) (Vinir 7)

- 20.20 Hell's Kitchen (4:11) Klárasti, kröfuharðasti og kjafforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa. Sem fyrr fær hann til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir heyrja einstaklega harða keppni um starf á glæsilegum veitingastað en líka hylli, gríð og vægð hins skelfilega Ramsey, sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt þeirra og grátbrosleg mistök í eldamenskunni.

- 21.05 Shark (6:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögreglungsins eitilharða Sebastian Stark.
- 21.50 Kompás
- 22.25 60 minutes (60 mínútur)
- 23.10 Medium (3:16)
- 23.55 Nip/Tuck (12:14)
- 00.40 ReGenesis (6:13)
- 03.00 My Life Without Me
- 04.45 Shark (6:16)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SPORT besta sætið

- 07.00 Iceland Express-deildin 2008 (Snæfell - Grindavík)
- 17.20 Spænsku mörkin
- 18.05 Inside Sport Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
- 18.30 Iceland Express-deildin 2008 Útsending frá leik Snæfells og Grindavíkur í úrslitakeppni Iceland Express deildarinnar.
- 20.00 Fréttaráttur Meistaradeildar Evrópu
- 20.30 Michael Owen Frábær þáttur þar sem fjallað er um Michael Owen sem hefur gert garðinn frægan með Liverpool, Newcastle og Real Madrid á undanförnum árum. Hann vakti fyrst athygli á heimsvísu þegar hann sló í gegn á HM 1998 í Frakklandi.
- 21.30 Formula 3 (Oulton Park)
- 22.00 King of Clubs (F.C. Barcelona) Vandaður þáttur sem fjallar um stóriðin í heiminum í dag og hvernig þeim hefur tekist að halda sér í fremstu röð í öll þessi ár.
- 22.30 Ultimate Blackjack Tour
- 23.15 World Supercross GP

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Chelsea - Wigan
- 14.40 Chelsea - Wigan
- 16.20 Tottenham - Middlesbrough
- 18.00 Premier League World (Heimur úrvaldeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvaldeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn eru heimsóttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir birtar af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 18.30 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
- 19.00 Liverpool - Blackburn
- 20.40 Man. Utd. - Arsenal
- 22.20 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 23.15 Bolton - West Ham

SKJÁREINN

- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Fyrstu skrefin (e)
- 09.15 Vörutorg
- 10.15 Óstöðvandi tónlist
- 16.20 Vörutorg
- 17.20 Everybody Hates Chris (e)
- 17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 18.30 Jay Leno (e)
- 19.15 Psych (e)
- 20.10 Skólahreysti (11:12) Grunnskóla-keppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Kynnir er Jón Jóséph Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi úr hljómsveitinni í svörtum fótum. Núna rifjum við upp keppnirnar tíu til þessa og sjáum hvaða skólar eru komnir í úrslit.
- 21.00 Innlit / útlit (9:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og bætta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðndáðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
- 21.50 Cane (7:13) Kraftmikill þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Alex reynir að bjarga Duque-fyrirtækinu og finnur í leiðinni höggstað á erkióvini sínum, Joe Samuels. Pancho segir Frank sannleikann um dauða systur hans.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.25 C.S.I. (e)
- 00.15 Jericho (e)
- 01.05 C.S.I.
- 01.55 Vörutorg
- 02.55 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.



Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarvirkisráðgjafi og sviðsblaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

póst húsið
- ódýrari valkostur

Himinn og haf / SIA

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

Kompás

Það er leyndarmál hver á að reisa olíuhreinsistöðina á Vestfjörðum. Böndin berast að rússnesku risaolíufyrirtæki í innsta hring Kremlar. Vestfirðingar eru orðnir langþryggtir á atvinnuástandinu og kalla eftir úrbótum. Olíuhreinsunarstöð er umdeild risaframkvæmd upp á 300 milljarða og talin geta skapað 500 ný störf. Tilhugsunin um nær daglegar siglingar risaolíuskípa vekur ugg en talið er að allt að 300 olíuflutningaskip muni eiga leið um Vestfirði árlega.



VIÐ MÆLUM MED

Á móti þránni – Marianne Greenwood ljósmyndari Sjónvarpið kl. 20.55

Heimildarmynd eftir Titti Johnsson og Helga Felixson um óvenjulegt lífs- hlaup Marianne Greenwood. Í mynd- inni er rætt ítarlega við Greenwood, sem var nærri níræð þegar viðtalið var tekið, sýndar ljósmyndir hennar, lesin textabrot úr bókum hennar og sýnt frá ýmsum stöðum sem hún skoðaði á æviferð sinni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.40 Veðurfreginir	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfreginir
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
09.05 Okkar á milli	17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.03 Veðurfreginir	18.25 Spegillinn
10.13 Heima er best	18.50 Dánarfreginir og auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.00 Endurómur úr Evrópu
12.02 Hádegisútvarp	20.00 Leynifélagið
12.20 Hádegisfréttir	20.30 Hundur í útvarpssal
12.45 Veðurfreginir	21.00 Í heyranda hljóði
12.50 Dánarfreginir og auglýsingar	22.07 Veðurfreginir
13.00 Vitt og breitt	22.12 Orð kvöldsins
14.03 Stef	22.15 Fimm fjórðu
15.03 Útvarpssagan: Sjosja	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Entourage (2:20)
- 17.30 Comedy Inc. (11:22) Sprenglægi- legur ástralskur sketsaþáttur.
- 18.00 American Dad (8:23)
- 18.30 Kenny vs. Spenny 2 (3:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa hvor við annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum, þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni. Þeir svifast einskis til að sigra og lenda oft í mjög neyðarlegum aðstæðum.
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Entourage (2:20) Ari og Eric hafa áhyggjur af ástandinu í Los Angeles og telja að aðsókn á Vatnsmanninn muni snar- minnka. Upp hefst ráðabrigg um hvernig best sé að leyna Vince upplýsingum um stöðu mála.
- 20.30 Comedy Inc. (11:22)
- 21.00 American Dad (8:23) Fjórða ser- ian um Stan og baráttu hans gegn hryðju- verkum.
- 21.30 Kenny vs. Spenny 2 (3:13)
- 22.00 American Idol (28:42)
- 22.45 American Idol (29:42)
- 00.10 American Idol (30:42)
- 00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

- 20.00 Hrafnaping Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
- 21.00 Kristinn H. Umsjónarmaður þáttar- ins er Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Fjálslynda flokksins. Hann ræðir um pólitík við gest sinn.
- 21.30 Úrval úr Mér finnst... Lífandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og samfélagið.
- Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

- 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Horisont
- 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del
- 11.25 Mærket for livet 11.50 Supernabo 12.20 Kom igen 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 14.00 SPAM 2008 14.30 Bernard 14.35 Svampebob Firkant 15.00 Store Nørd 15.30 Lille Nørd 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ha' det godt 18.00 Ønskehaven 18.30 Med andre øjne 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Kriminalkommissær Clare Blake: Virus 21.10 Dødens Detektiver 21.30 Kongemordet 22.25 Seinfeld 22.50 Sammen mod møbning

NRK1

- 7.55 Frokost-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Fantastiske fortellinger 10.40 Når dagene er talte 11.20 Faktor: Den siste gjeteren 11.50 Jessica Fletcher 12.35 Urter 13.00 Supermusikk 13.30 Den utvalgte 13.55 Frosk til middag 14.05 H2O 14.30 Utfordringen 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Solens mat 15.55 Nyheter på tegn- språk 15.59 Barne-tv 16.00 Postmann Pat 16.15 Eddy og bjørnen 16.30 Pablo, den lille rødreven 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Landeplage 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brennpunkt 20.20 Extra-trekning 20.30 Safari 21.00 Kveldsnytt 21.15 Øye for kjærlighet 22.55 4*4*2: Bakrommet: Fotballmagasin 23.25 Kulturnytt 23.35 Autofil jukeboks

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 Debatt 11.05 Niklas mat 11.45 Jazzgossen 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Big Words 15.30 Mega 16.00 Bolibompa 16.10 Minimyror i Kenya 16.15 Byggare Bob - Projeckt: Bygg framtiden 16.25 Räkna med skägg 16.30 Fiska med Anders 16.45 Seaside hotell 17.00 Bobster 17.05 Hasses brorsas låtsassyras kompis 17.30 Rapport med Å- ekonomi 18.00 Andra Avenyn 18.30 Naturnolloma 19.00 Plus 19.30 Klass 9A 20.00 Get Shorty 21.45 Rapport 21.55 Kulturmyheterna 22.10 Brottet 23.10 Sändningar från SVT24



Nám samhliða starfi

- styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

Kynningarfundur verður haldinn í húsi Endurmenntunar 17. apríl kl. 17:00

NÁM SAMHLIÐA STARFI

Rekstrar- og viðskiptanáms

Mannauðsstjórnun

Þjónustustjórnun

Gæðastjórnun

Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun

Nýtt Leiðsögunám á háskólastigi

Nýtt Markaðssamskipti - stefnumörkun og framkvæmd

Nýtt Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun

Nýtt Nám í verðbréfavíðskiptum



ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is



„Panang-kjúlingurinn á Krua Thai við Tryggvagötu er allra meina bót. Hann læknar þunglyndi jafnt sem influensu.“

Pétur Örn Guðmundsson, tónlistarmaður.

Safnað fyrir nýju brosi Elísabetar

„Við segjum hundra fyrir Elísabetu, sem í (bráðum) hálfri öld hefur auðgað mannflíði með margvíslegum hætti. Í tilefni af afmælinu hefur verið stofnaður sérstakur sjóður, sem á að styðja við bakið á Elísabetu með ráðum og dáð. Fyrsta verkefni afmælistjóðsins er að taka þátt í stjarnfræðilegum kostnaði við tannviðgerðir okkar góða skálds og baráttukonu,“ segir Hrafn Jökulsson rithöfundur.

Elísabet Jökulsdóttir fagnar 50 ára afmæli sínu í Iðnó annað kvöld og hafa bræður hennar Hrafn og Illugi tekið sig saman og hrint úr vör verkefninu sem ber yfirskriftina: „Nýtt brosi fyrir skáldið.“

ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR Bræður hennar hafa nú stofnað sjóð til að standa straum af stjarnfræðilegum kostnaði við tannviðgerðir.



Illugi verður veislustjóri – segir að Hrafn hafi skipað sig í það verkefni en upphaflega stóð til að Hrafn yrði sá. „Já, en hann þarf að sinna áriðandi skyldustörfum sem skólustjórafrú í Finnbogastaðaskóla í Trékyllisvík. Og á ekki heimangengt. Þannig að þetta dæmist á mig. Mér er náttúrliga ljúft og skylt að heiðra mína góðu systur í hvívetna,“ segir Illugi. Og bendir á reikningsnúmerið 1161-05-400520. „Svo hún glati ekki sínu góða brosi. Það hefur ekki skort á brosið, Elísabet er brosmild og jákvæð manneskja sem allir vita sem hana þekkjá. Og svo hún megi brosa breitt næstu 50 árin ætulum við að aðstoða hana við þetta. Elísabet hefur farið sínar eigin leiðir í sinni listaköppum og ekki safnað digrum sjóðum,“ segir Illugi. Hann neitar því ekki að það er undarleg tilfinning að vita systur sína



ILLUGI JÖKULSSON Elísabet hefur farið sínar eigin leiðir og ekki safnað digrum sjóðum.

HRAFN JÖKULSSON Þarf að sinna áriðandi skyldustörfum sem skólustjórafrú í Trékyllisvík og skipaði Illuga veislustjóra í sinn stað.

vera orðna fimmtuga. Tíminn liður. „Óneitanlega. Mér hefur alltaf fundist hún hálfgerður stelpugopi. Þannig að þetta er sérkennilegt og segir manni einhvern sannleika sem ég hef ekki áttað mig á ennþá,“ segir Illugi.

- jbg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. harðfrosin snjó Korn 6. borðaði 8. skordýr 9. tilvist 11. hreyfing 12. flottur 14. mont 16. átt 17. frjó 18. kæla 20. málmur 21. án.

LÓÐRÉTT
1. líkamshluti 3. frá 4. garðplöntu-tegund 5. landspíla 7. æxlast 10. fley 13. skarð 15. hemja 16. spil 19. samtök.

PÁLL ÓSKAR: STJÓRNAR EUROVISIONÞÆTTI Á RÚV


Hlutdrægur og miskunnarlaus Eurovisionþáttur Palla

Eiríkur Hauksson og samnorrenir félagar hans verða ekki á skjánum í ár eins og síðustu árin að spá í lögin í Eurovision. Þess í stað býður Rúv upp á Eurovision-þáttinn Alla leið í umsjón sjálfis Páls Óskars Hjálmtýssonar.

„Já, Skandinavarnir fóru eitt-hvað að rífast og Svíar enduðu með að gera sinn eigin þátt,“ segir Palli. „Þá fékk ég símtal frá Rúv og var boðið að sjá um álfka þátt. Ég samþykkti það, kannski helst út af því að ég var búinn að hlusta á öll lögin 43 hvort sem var.“

Rúv ætlar að bjóða upp á þrjú 40 mínútna þætti á laugardagskvöldum fram að Eurovision-keppnisvikunni. Fyrsti þátturinn fer í loftið 3. maí. „Ég fæ lánaða dómgreind þriggja Eurovisionspekinga, þeirra Dr. Gunna, Guðrúnar Gunnarsdóttur og Reynis Þórs Eggertssonar, sem verða með mér í þættinum. Þau hafa öll einhverja tengingu við keppnina en mjög mismunandi. Ég held að þau verði hurrandi ósammála og þar með er funfaktorinn kominn. Eg og Reynir erum til dæmis eiginlega alltaf ósammála þótt einhverjum finnist við kannski af sama skólanum. Hann er náttúrliga lifandi uppflettirit um keppnina. Við hliðina á honum lít ég út fyrir að vera algjörlega áhugalaus.“

Páll er uggandi um fyrirkomulag Eurovisionkeppninnar. „Aumingja keppnin er eiginlega komin út í stjórnsleisi og rugl. Meira að segja aðdáandi eins og ég á fullt í fangi með fylgjast með, hvað þá hinn venjulegi sjónvarpsáhorfandi. Maður hlustar ekki á 43 lög í morgunmat og myndar sér skoðun á þeim. Hlutverk þáttanna minna verður að veita leiðsögn í gegnum þennan frumskóg sem keppnin er



SLEKKUR Á LEIÐINLEGU LÖGUNUM Páll Óskar sér um Alla leið á Rúv. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

orðin og jafnvel að reyna að hafa áhrif á það hvað Íslendingar kjósa fimmtudagskvöldið 22. maí. Lykilspurningin í þættinum verður: Fer þetta lag ALLA LEIÐ?“

Rúv kemur til með að sýna fyrria undankvöldið þriðjudaginn 20. maí. Íslendingar fá þó ekki að kjósa það kvöld. Í þætti Páls verður því sérstök áhersla lögð á lögin nítján sem eru með Eurobandinu í riðli og við fáum að kjósa um

fimmtudagskvöldið 22. maí. „Ég held að þættirnir verði skemmtilegt sjónvarpsefni og það verður svakaleg leikmynd, algjört diskó-óverðós,“ segir Palli um þáttinn sinn. „Við megum vera hlutdræg og miskunnarlaus, dónaleg og með primadonnustæla. Svo verð ég með risastóran stopptakka fyrir framan mig og mun óhikað slökkva á leiðinlegu lögunum.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Í tengslum við myndband Mercedes Club sem reyndist svo auglýsing sem **Jón Gnarr** gerði fyrir Símann hafa menn rífað upp hljóðstæð dæmi. Og muna menn þá eftir myndbandi sem Vormenn Íslands með **Stefán Hilmarsson**, þá óþekktan, gerðu við upphaf 10. áratug síðustu aldar. Stefán söng 18 rauðar rósur af sínum alkunnu hæfileikum og öðlaðist lagið töluverðar vinsældir. Síðar kom í ljós að maðurinn á bak við framtakið var **Jakob Frimann Magnússon** og var útgáfa lagsins liður í áróðri Alþýðuflokksins í tengslum við kosningar.



Dúllbossinn **Rufus Wainwright** sjarmeraði tónleikagesti í Háskólabíói á sunnudagskvöldið. Hann sagði frá ferð sinni í líkamsræktarstöð og sagðist sjaldan hafa séð aðra eins fola og þá sem spranga þar um. „Það mætti halda að sumir ykkar væru af æðra kyni,“ sagði hinn samkynhneigði söngvari meðal annars í lofrullu sinni um



homo islandus. Rufus tók á því í Laugum og mun aðallega hafa skokkað á hlaupabrettiinu. Sjónarvottur, óvenju karlrembulegur, sagði listamanninn hafa hlaupið „kellingalega“ og verið með „einhverja kellingu“ með sér, líklega innfluttan einkapjálfa. -jbg/gh

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

1. Silvio Berlusconi.
2. Owen Hargreaves.
3. Ingólfur Pórarinnsson (Ingó Idol).

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

BJARNI ARASON
13.00-18.00 ALLA VIRKA DAGA
Ljuf og þægileg tónlist
www.lettbylgjan.is

LÉTT BYLGJAN 967

Vorið kemur í kvöld

Sumardagurinn fyrsti er í næstu viku og því hlýtur vorið bara að vera komið. Eða hvað, Einar Magnús Einarsson, veðurfræðingur? „Tja, það er nú það,“ segir Einar. „Það hlýnar töluvert í kvöld og ætti að verða gott veður út vikuna. En maður veit aldrei, það getur alltaf komið lægð með kulda og leiðindi. Það getur alltaf snjóað aftur, þess vegna langt fram í maí.“

En með sumarið, verður það gott?
„Hmmm. Maður getur nú alveg eins kastað upp teningi eins og að ætla að spá svona langt fram í tímenn. Sumarið var náttúrliga mjög gott í fyrria. Eigum við ekki bara að vona það besta?“

En gróðurhúsaáhrifin? Erum við ekkert að græða á þeim?

„Veturinn var óvenju snjóþungur í ár en það hefur varla snjóað eitthvað af ráði síðustu vetur, að minnsta kosti ekki á höfuðborgarsvæðinu. En hvort þetta sé einhver ákveðin vísbending um gróðurhúsaáhrif get ég ekki sagt til um.“

Einar Magnús er nýjasti veðurfréttamaðurinn á Rúv og á eins árs afmæli í bransanum í sumar. Hann er að safna í reynslubankann og segist lítið vera stoppaður úti á götu af gömlum körlum sem vilji ræða við hann um veðurspárnar. „Nei, það er



EFNAHAGSMÁLIN ERU KANNSKI Í STEIK En það hlýnar allavega í kvöld, segir Einar Magnús Einarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

merkilega lítið, eiginlega bara ekki neitt. Ég er náttúrliga alltaf vatnsgreiddur í sjónvarpinu og fer ekki út úr húsi án þess að vera með sólgleraugu.“

- glh

VALDIR NÝIR BÍLAR Á GAMLA VERÐINU

Afsláttur
kr. 200.000



Honda Jazz LS

1.4i, 83 hestöfl, 5 dyra, sjálfskiptur
Meðaleyðsla: 5,7L, CO₂ útblástur: 137g/km

Fullt verð kr. 2.195.000
nú kr. **1.995.000**

Afsláttur
kr. 140.000



Peugeot 207 XR PLUS

1.4i, 88 hestöfl, 5 dyra, beinskiptur
Meðaleyðsla: 6,4L, CO₂ útblástur: 152g/km

Fullt verð kr. 2.130.000
nú kr. **1.990.000**

Afsláttur
kr. 220.000



Peugeot 207 S16

1.6i, 120 hestöfl, 5 dyra, beinskiptur
Meðaleyðsla: 6,1L, CO₂ útblástur: 145g/km

Fullt verð kr. 2.445.000
nú kr. **2.225.000**

Afsláttur
kr. 185.000



Peugeot 207 S16 - Glerþak

1.6i, 120 hestöfl, 5 dyra, sjálfskiptur
Meðaleyðsla: 7,0L, CO₂ útblástur: 167g/km

Fullt verð kr. 2.670.000
nú kr. **2.485.000**

Afsláttur
kr. 266.000



Honda Civic SPORT

1.8i, 140 hestöfl, 5 dyra, beinskiptur
Meðaleyðsla: 6,6L, CO₂ útblástur: 156g/km

Fullt verð kr. 2.995.000
nú kr. **2.729.000**

Afsláttur
kr. 305.000



Honda Civic HYBRID

1.3i, 115 hestöfl, 4ra dyra, sjálfskiptur
Meðaleyðsla: 4,6L, CO₂ útblástur: 109g/km

Fullt verð kr. 3.195.000
nú kr. **2.890.000**

Afsláttur
kr. 190.000



Peugeot 207SW XR PLUS

1.4HDi, 90 hestöfl, 5 dyra, beinskiptur
Meðaleyðsla: 4,6L, CO₂ útblástur: 123g/km

Fullt verð kr. 2.680.000
nú kr. **2.490.000**

Afsláttur
kr. 195.000



Peugeot 207SW S16

1.6i, 120 hestöfl, 5 dyra, beinskiptur
Meðaleyðsla: 6,3L, CO₂ útblástur: 150g/km

Fullt verð kr. 2.685.000
nú kr. **2.490.000**

Afsláttur
kr. 225.000



Peugeot 307SW PERFORMANCE XS

1.6i, 110 hestöfl, 5 dyra, beinskiptur
Meðaleyðsla: 7,7L, CO₂ útblástur: 178g/km

Fullt verð kr. 2.765.000
nú kr. **2.540.000**

Afsláttur
kr. 475.000



Honda Accord SPECIAL EDITION

2.0i, 155 hestöfl, 4ra dyra, sjálfskiptur
Meðaleyðsla: 8,4L, CO₂ útblástur: 200g/km

Fullt verð kr. 3.465.000
nú kr. **2.990.000**

Afsláttur
kr. 505.000



Honda Accord EXECUTIVE

2.0i, 155 hestöfl, 4ra dyra, sjálfskiptur
Meðaleyðsla: 8,4L, CO₂ útblástur: 200g/km

Fullt verð kr. 3.695.000
nú kr. **3.190.000**

Afsláttur
kr. 565.000



Honda Accord EXECUTIVE

2.4i, 190 hestöfl, 4ra dyra, sjálfskiptur
Meðaleyðsla: 9,4L, CO₂ útblástur: 223g/km

Fullt verð kr. 4.155.000
nú kr. **3.590.000**

Afsláttur
kr. 397.000



Honda CR-V PANORAMA

2.0i, 155 hestöfl, 5 dyra, sjálfskiptur
Meðaleyðsla: 8,2L, CO₂ útblástur: 195g/km

Fullt verð kr. 4.295.000
nú kr. **3.898.000**

Afsláttur
kr. 417.000



Honda CR-V EXECUTIVE

2.0i, 155 hestöfl, 5 dyra, sjálfskiptur
Meðaleyðsla: 8,2L, CO₂ útblástur: 195g/km

Fullt verð kr. 4.575.000
nú kr. **4.158.000**

Afsláttur
kr. 457.000



Honda CR-V PANORAMA - DÍSIL

2.2CTDi, 140 hestöfl, 4ra dyra, beinskiptur
Meðaleyðsla: 6,5L, CO₂ útblástur: 173g/km

Fullt verð kr. 5.035.000
nú kr. **4.578.000**

Afsláttur
kr. 488.000



Honda CR-V EXECUTIVE - DÍSIL

2.2CTDi, 140 hestöfl, 4ra dyra, beinskiptur
Meðaleyðsla: 6,5L, CO₂ útblástur: 173g/km

Fullt verð kr. 5.360.000
nú kr. **4.872.000**

UMBODSADILAR:

Akranes: Bílver - Bernhard, Innnesvegi 1, sími 431 1985
Akureyri: Höldur, Þórsstíg 2, sími 461 6020
Reykjanesbær: Bernhard - Reykjanesbæ, Njarðvíkurbraut 15, sími 421 7800
Vestmannaeyjar: Bragginn, Flötum 20, sími 481 1535



Vatnagörðum 24 - 26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Um takmarkað magn bílreiða er að ræða.



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Rauða hættan

Okkur Íslendingum þykir ægilega vænt um nágretta okkar í Færeyjum, enda eru þeir okkar eina tækifæri til að sýna stóra bróður-stæla í garð annarra þjóða. Þó eru margir Íslendingar sárir út í þá þessa dagana. Ungur Íslendingur sem bjó þar í landi flæktist í fíkniefnasmygl. Eftir rúmlega 170 daga í einangrun var hann dæmdur í sjö ára fangelsi auk ævilangrar brottvísunar frá Færeyjum, sem hann lítur þó á sem heimaland sitt.

SUMUM finnst þessi dómur of þungur, til dæmis Sigurði Línadal lagaprófessor og Brynjari Níelsyni hæstaréttarlögmanni, sem sagði færeyskt réttarkerfi vera gamaldags og þar í landi hefði fólk oftrú á refsingum. Því er Egill Helgason sjónvarpsmaður samála en hann ritaði á síðu sína stuttan pistil undir titlinum Refsiglöö frændþjóð. Þar segir hann að í Færeyjum ríki að sumu leyti gamaldags ofsatrú í viðhorfum. Hinn talibanski dómur yfir Íslendingnum sé til marks um það, sem og hið langa varðhald sem hann var látinn sæta, að mestu leyti í einangrun. Þá vísar hann einnig til þess að forðomar gagnvart samkynhneigðum viðgangist þar í landi og bendir á áhugaverða grein um þann færeyska vanda sem birtist á síðu Samtakanna '78.

ÞESSUM viðhorfum brugðust þó margir reiðir við. Á stuttum blogg-rúnti sá ég að algengustu rök þeirra sem þótti dómurinn og meðferðin á Íslendingnum hin prýðilegasta voru þau að þessi maður hefði ætlað að selja „börnunum okkar“ dóp, jafnvel þótt hann hafi ekki verið fundinn sekur fyrir slíkt og ég hafi ekki hugmynd um hver hafi gefið leyfi til að alhæfa um mitt barn. Allra skemmtilegustu rökin fyrir gæðum færeysku þjóðarinnar sá ég þó í athugasemdakerfi Egils en þau voru svohljóðandi: „Í grein hjá samtökum 78 er ýjað að því að það sé nánast löglegt að vera með hótanir og ofsóknir á samkynhneigða það er rangt, ofsóknir og hótanir eru bannaðar í Færeyjum jafnvel þó að þú sért rauðhærður.“

JAFNVEL þó að þú sért rauðhærður! Nei, verður ekki að draga mörkin einhvers staðar? Rauðhausar eru skelfilega varhugavert fólk, það sýnir reynslan sem og bíómyndir á borð við Rauðhærðu afturgönguna og rauðbirkna hrekkjusvínið í Pappírs-Pésa. Það að Færeyjar skulu vera orðnar griðland rauðhærðra er tvímælalaust til marks um hrekklausu þjóð sem flýtur sofandi að feigðarósi. Skyldi enginn gera grín að Færeyingum fyrir refsigleði, ofsakennda guðstrú og hómófóbíu meðan rautt hár fær að spretta þar óhindrað.

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 15. apríl,
106. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.55	13.28
Akureyri	5.32	13.12

Heimild: Almanak Háskólans

TIGER

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag

Keyrðu upp framlegðina



Eigum nú takmarkað magn af hvítum Transporter 1.9 TDI® á verði frá **3.490.000 kr.**

Caddy TDI® eyðir aðeins 6.1 l/100km	
Transporter TDI® eyðir aðeins 7.5 l/100km	
Crafter TDI® eyðir aðeins 9.8 l/100km	

Láttu Volkswagen Transporter vinna fyrir þig

Vinnubílarinn okkar eiga það sameiginlegt að eyða litlu enda fást þeir allir með hinni ótrúlega hagkvæmu VW TDI® dísilvél. Þá er viðhaldskostnaður lægri en gengur og gerist, til dæmis þarf ekki að smyrja bílinn fyrr en eftir 30.000 km. akstur* og þjónustuskóðun á Transporter er aðeins á 60.000 km. fresti. Sýndu fjármálavit í verki og fáðu Volkswagen strax í vinnu fyrir þig.



Atvinnubílar

* fer eftir notkun bílsins.